



KONUNGLEGUR!
 ÍSKALDUR
FAXE
 ROYAL
 LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. desember 2005 — 341. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Frískleg herratíska

Strákarnir mega ekki fara í jólaköttinn. Grár og svartur eru mest áberandi litirnir þessi misserin.



TÍSKA 50

Fagnar fæðingu sólar

Hilmar Örn Hilmarson allsherjagóði hlakkar ekki síður til jólahaldsins en annarra, enda eru ásátrúarmenn veisluhlatt fólk upp til hópa.



FÓLK 28

Er hægt að stela jólonum?

Það er hæpið að fullyrða að það sé hægt að stela jólonum frá kristnum í ljósi þess að þau eru ekki sérlega kristin hátíð, segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 12

Barcelona og Chelsea mætast aftur



Eiður Smári Guðjohsen segir það vera fint að mæta Barcelona á þessum tímapunkti í Meistaradeildinni en liðin drögust saman í 16-liða úrslitum í gær, annað árið í röð.

ÍÞRÓTTIR 62

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA NÚ Í morgunsárið um sunnan- og vestanvert landið en síðar rigning. Hætt við snjókoma norðaustan til síðdegis eða í kvöld. Hlýnandi veður eftir því sem liður á daginn og nóttina.

VEÐUR 4

Stjórnvöld boða niðurskurð landbúnaðarstyrkja

Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir stjórnvöld reiðubúin að lækka tolla og framleiðslustuðning við innlendan landbúnað verulega en hann verði að fá tíma til aðlögunar. Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir neysluskatta hækka vöruverð en yrðu þeir lækkaðir verulega kæmi það fram í öðrum sköttum.

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde utanríkisráðherra sagði í ræðu á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong í gær að Ísland væri nú reiðubúið að lækka verulega tolla og framleiðslustuðning innanlands að því tilskyldu að jafnvægi í skuldbindingum yrði viðunandi. Geir sagði ljóst að aðlaga þyrfti rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar að slíkum nýjum skuldbindingum og breytingarnar yrði að gera með varkárni.

Yfirlýsing Geirs kemur í kjölfar norrænnar matvöruskýrslu, sem Samkeppniseftirlitið hefur

kynnt, en þar kemur fram að matvöruverð á Íslandi er liðlega fjöru tíu prósentum hærra en almennt gerist í löndum Evrópusambandsins. Hátt matvöruverð er ekki síst rakið til verndartolla og dýrra innlendra landbúnaðarafurða.

„Við höfum veitt landbúnaðinum vernd sem hefur áhrif á verðið og ekki er hægt að útiloka að samþjöppun eða skortur á samkeppni hafi ekki áhrif á verðið. Þeir sem ráða þar ríkjum yrðu beinlínis að vera englar ef áhrifin ættu engin að vera,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru ræddir möguleikar til lækkunar á aðflutningsgjöldum, ekki aðeins á matvöru heldur einnig öðrum vöruflökkum. Fjármálaráðherra segir samninga flókna og snúi að möguleikum þjóða til þess að styðja landbúnað. „Af þeim sökum er óskynsamlegt að fara út í slíkar aðgerðir einhliða. Við verðum að fara varlega í þeim efnum,“ segir Árni.

Um neysluskatta segir Árni að ef þeirra tekna yrði aflað á annan hátt fyrir ríkissjóð kæmu þeir ekki fram í vöruverðinu heldur í hærri

sköttum að öðru leyti. „Við komum vel út úr samanburði við hin Norðurlöndin í þessu efni. Ríkið tekur minna til sín hér en þar. Til þess að fá heildarmynd af lífskjörum þurfum við að skoða þetta í víðara samhengi en aðeins matvöruverðið. Við höfum valið að innheimta þetta stóran hluta af tekjum ríkissjóðs sem neysluskatta. Skattar hafa verið lækkaðir og verða lækkaðir frekar samkvæmt áætlunum í stjórnsáttmálanum. Aðrar og nýjar ákvarðanir hafa ekki verið teknar,“ segir fjármálaráðherra.

Sjá síðu 6 / johannh@frettabladid.is



SÆVAR ARNFJÖRÐ OG SIGURSTEINN MÁSSON Sævar og Sigursteinn, formaður Öryrkjabandalagsins, ræddu málin í gærmorgun í rjóðrinu í Öskjuhlíð þar sem tjaldið hans Sævars stendur. Fréttablaðið/Heiða

Formaður Öryrkjabandalagsins heimsótti Sævar Arnfjörð tjaldbúa í Öskjuhlíð: Útilegumaðurinn fær gistingu

SAMFÉLAGSMÁL Sævar Arnfjörð, sem búið hefur í tjaldi í Öskjuhlíð frá því í ágúst, vissi varla hvaðan á hann stóð veðrið þegar hann vaknaði við það að Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, var kominn að hitta hann. Sigursteinn hafði frumkvæði að því að Sævari var fundið herbergi á gistihúsi og hefur Öryrkjabandalagið greitt fyrir gistingu hans næstu daga.

Einnig hefur Sævar fyllt út nýja umsókn hjá Öryrkjabandalaginu og verður nú unnið að framtíðarlausn á hans málum í snatri að sögn Sigursteins. Formaðurinn sagði jafnframt að borgaryfirvöld bæru lögformlega ábyrgð á því að fólk byggi ekki við þær aðstæður sem Sævar hefur búið við síðustu mánuði. „Við erum að leggja mjög mikla áherslu á að bæta okkar

þjónustu við utangarðsfólk og auðvitað þarf þessi maður ekkert að gista í tjaldi. Það er til dæmis ekki fullt á gistiskýlinu í Þingholtunum,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Fjöldi manns hafði samband við Fréttablaðið í gær og vildi fólk koma því á framfæri að það væru reiðubúið til að borga gistingu fyrir Sævar um jólin.

Sjá síðu 2 / - jse

Abu Musab al-Zarqawi: Sleppt úr haldi fyrir mistök

BAGDAD, AP Íraskir hermenn náðu Abu Musab al-Zarqawi, sem sagður er höfuðsmaður al-Kaíða í Írak, á sitt vald í borginni Fallujah á síðasta ári en létu hann svo lausan þar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir því hver hann var. Þessu lýsti Hussein Kamal, aðstoðarinnaríkisráðherra Íraks, yfir í gær.



ABU MUSAB AL-ZARQAWI

Í kjölfar umsátursins um Fallujah í nóvember 2004 var fjöldi uppreisnarmanna handtekinn en mörgum þeirra var sleppt eftir yfirheyrslur og hefur al-Zarqawi að líkindum verið í þeim hópi. Bandarískir embættismenn geta ekki staðfest yfirlýsingu. ■

GJÖFIN HENNA
 DEKUR FYRIR ALLAR KONUR

DEKURDAGUR í Baðhúsinu

ICELAND SPA & FITNESS
 Baðhúsið, Bráutarholti 20, 105 Reykjavík
 sími 561 5100 fax 561 5101 www.is.is

7 DAGAR TIL JÓLA

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN



SPURNING DAGSINS

Guðbrandur, er komið annað hljóð í strokkinn?

„Já, í haust var hálfgerð tómahljóð en það er óðum að hverfa.“

Mjólkurframleiðsla hefur tekið kipp að undanfönu og ekki er lengur hætt á mjólkurskort eins og útlit var fyrir í lok september. Guðbrandur Sigurðsson er forstjóri Mjólkursamsölunnar.

Yfirtökuáform Atorku Group á Jarðborunum taka óvænta stefnu:

Orkuveitan leitar eftir tilboðum

VÍÐSKIPTI Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur ákveðið að óska eftir tilboði frá fjárfestum í þrettán prósent hlut fyrirtækisins í Jarðborunum. Þetta var samþykkt einróma á stjórnarfundum í gær og rennur tilboðsfresturinn út 10. janúar á næsta ári.

Stærsti hluthafinn í Jarðborunum, Atorka Group, hefur sem kunnugt er lagt fram yfirtökutilboð í Jarðboranir og stefnir að því að taka félagið af markaði. Ákvörðun OR er talin setja yfirtökuáform Atorku í uppnám.

„Það hefur komið fram hærra verðmat en tilboðið hljóðaði upp á og þá þótti mönnum ekki annað hægt en að láta á það reyna hvort



JARÐBORANIR Yfirtaka Atorku Group á Jarðborunum tók óvænta stefnu í gær.

einhverjir væru tilbúnir að greiða hærra verð en boðið hafði verið,“ segir Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar.

Greiningardeild KB banka hefur gagnrýnt tilboðsverðið frá Atorku

og mælt með því að hluthafar í Jarðborunum gangi ekki að tilboðinu. Bankinn telur að bréf í Jarðborunum séu um fjórðungi verðmeiri en tilboðsverðið hljóði upp á.

Ef Orkuveitan hefði gengið að yfirtökutilboði Atorku hefði hún fengið um 1,3 milljarða króna fyrir hlut sinn, sem greitt er með hlutabréfum í Atorku. Innan stjórnar OR eru menn ekki á eitt sáttir við að Atorka reiði fram hlutabréf í sjálfu sér í skiptum fyrir bréf í Jarðborunum. Á móti vill Orkuveitan ekki festast inni í Jarðborunum með óvirkum hlut ef Atorka nær ráðandi meirihluta, það er meira en 67 prósent atkvæða.

- eþa

Samningur um kolmunnann:

Stjórnlausum veiðum lokið

SIÁVARÚTVEGUR Stjórnlausum veiðum úr kolmunnastofninum lauk í gær þegar undirritaður var samningur strandríkjanna um stjórn veiðanna en Íslendingar eru aðilar að samkomulaginu.

Íslendingum verður heimilt að veiða 352 þúsund tonn á næsta ári en heildarveiðistofninn er um 2 milljónir tonna. Er um mikinn áfanga að ræða að mati Landssambands íslenskra útvegsmanna enda hafa gegndarlausar veiðar úr stofninum undanfarnin ár stefnt honum í hættu.

- aðe

Íbúðaverð í sögulegu hámarki:

Fasteignir hækka í verði

FASTEIGNIR Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í nóvember hækkaði um 3,1 prósent frá október og hefur aldrei verið hærri. Kemur það fram í samantekt Fasteignamatís ríkisins.

Þetta er meiri hækking en sést hefur undanfarna mánuði og kemur á óvart: „Þetta er töluvert umfram væntingar markaðsaðila sem og Greiningardeildar en teikn höfðu verið á lofti um minnkandi spennu á markaðinum auk þess sem heldur hafði dregið úr hækkunarhraða fasteignaverðs á síðustu mánuðum,“ segir í hálf fimm fréttum KB banka. Bankinn býst við að dragi úr umsvifum á fasteignamarkaði á næstunni.

Sérbylí hækkaði um fimm prósent á milli mánaða en fjölbylí minna eða um 2,5 prósent.

Vísitalan hefur hækkað um tæp fimm prósent síðastliðna þrjá mánuði, 8,5 prósent síðastliðna sex mánuði og 35,5 prósent á síðustu tólf mánuðum.

- eþa



KRISTÍN JÓNSDÓTTIR HÚSNÆÐISFULLTRÚI OG SÆVAR ARNFIJÖRD Kristín leiddi Sævar í gegnum umsóknina á skrifstofu Öryrkjabandalagsins í gær. Síðan var gengið frá því að finna honum gistingu á gistiheimili meðan mál hans eru í vinnslu.

Tjaldið tekið niður

Formaður Öryrkjabandalagsins brást skjótt við vanda Sævars sem er nú kominn á gistiheimili meðan unnið er að framtíðarlausn. Starfsmaður Ríkiskaupa hefur boðist til að borga gistingu fyrir hann yfir jólin.

SAMFÉLAGSMÁL Sævar Arnfjörð, sem búið hefur í tjaldi í Öskjuhlíð síðustu fimm mánuði, er kominn í húsaskjól og mun því ekki eyða jólinum í tjaldinu. Hann fékk óvænta heimsókn í gærmorgun frá Sigursteini Mássyni formanni Öryrkjabandalags Íslands. Honum var svo brugðið við frétt Fréttablaðsins í fyrradag um aðstæður Sævars að hann vildi tjá honum sjálfur að ráðin yrði bót á höfum hans.

„Ég hef látið kanna það og umsókn þín um íbúðarpláss er ekki að finna hjá okkur og orsök-in kann að vera sú að ekki hafi öll gögn fylgt henni og því hafi hún fallið úr gildi þar sem hún var ekki endurnýjuð en það þarf að endurnýja hverja umsókn árlega,“ sagði Sigursteinn þegar Sævar var kominn úr tjaldi sínu kaldur eftir frostnótt. „Það er nú

forgangsmál að þér verði fundið húsaskjól svona til bráðabirgða og síðan vinnum við að því að finna framtíðarlausn á þínum málum því fólk á ekki að þurfa að búa við aðstæður sem þessar,“ sagði Sigursteinn og hýrnaði þá yfir Sævari.

Ekki var setið við orðin tómu heldur fóru þeir tvímenningar á skrifstofu Öryrkjabandalagsins þar sem Sævar fyllti út nýja umsókn. „Heimilisfang? Á ég ekki bara að skrifa Öskjuhlíð?“ spurði Sævar kankvís þegar hann var að fylla út umsóknina.

Að því loknu var honum fundið pláss á gistiheimili og gekkst Öryrkjabandalagið í ábyrgð fyrir greiðslum. Sigursteinn sagði að Sævar fengi styrk til að standa straum af þeim kostnaði. Þangað fór Sævar svo í gærkvöldi með sitt hafurtask.

Fleiri en Sigursteinn tóku við sér vegna fréttarinnar um Sævar. Valgeir Pétursson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði Ríkiskaupa, er annar þeirra sem boðist hafa til þess að borga gistingu fyrir Sævar svo hann gæti notið jóllanna innandyra. „Ég hef stundum látið eitthvað af hendi rakna fyrir jólin og mér finnst þetta mjög aðkallandi,“ segir Valgeir.

Sævar var mjög ánægður með framgang Sigursteins í hans málum og klökknaði þegar hann heyrði af viðbrögðum Valgeirs. „Ég er ekki vanur svona, ég reyndi að finna einhverja leið í kerfinu en svo er ég orðinn svo lúinn að ég hef bara einangrað mig og finnst ég ekki lengur tilheyrja þessu samfélagi,“ sagði hann.

jse@frettabladid.is

- ghs



Á KÁRAHJÚKUM Helmingur erlendu starfsmanna fer heim um jólin. Breiðþota fer frá Egilsstöðum um helgina.

Útlendingar á Kárahnjúkum:

Heim í jólafrí um helgina

KÁRAHJÚKAR Langflestir útlendinganna sem starfa á Kárahnjúkum fara heim um jólin. Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir að útlendingarnir hafi verið sendir heim smám saman og þeir síðustu verði sendir heim með breiðþotu frá Egilsstöðum um helgina.

„Helmingurinn af útlendingunum fer heim í jólafrí. Eftir verða rúmlega 300 manns af 1.200. Einhverjir af Kínverjunum fara heim en margir þeirra halda áfram að vinna því að það eru ekki jól hjá þeim. Það er reynt að hafa eins fámenn á Kárahnjúkum og hægt er,“ segir hann.

Íslensku verktafayrirtækin loka starfsemi sinni á Kárahnjúkum um og eftir helgina og hafa lokað fram yfir áramót.

- ghs

Starfsmannafélag Reykjavíkur:

Samningar samþykktir

KJARAMÁL Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samþykkti í gær með yfirgnæfandi meirihluta nýjan kjarasamning við borgina en meðlimir stéttarfélagsins Eflingar höfðu áður samþykkt sama samning.

Um 40 prósent félagsmanna greiðdu atkvæði og reyndust 94 prósent þeirra samþykktir en aðeins fimm prósent á móti. Samningurinn tryggir talsverða kjarabót fyrir þá sem lægst hafa launin og hefur hann víða mælt vel fyrir. ■

- ghs

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrir fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

„Spennandi frá upphafi til enda ... bráðskemmtileg ... hrifur lesendur með sér hvort sem þeir eru níu ára eða níraðir.“
Hildur Heimisdóttir / DV

„Illyrmislega snjöll.“
Independent

„Hröð, myndin og mjög spennandi.“
Daily Mail

„Stórkostlegt sköpunarverk!“
Anthony Horowitz

JPV
JPV UTGÁFA
www.jpv.is

Enn eitt vopnað rán framið í Svíþjóð:

Sprengdu sér leið inn í bílinn

SVÍÞJÓÐ Brynvarinn peningaflutningabíll á vegum Securitas var rændur skammt fyrir utan Södertälje í Svíþjóð í gærmorgun. Bíllinn var sprengdur upp en ekki er ljóst hvort ræningjarnir höfðu eitthvað upp úr krafsinu.

Að minnsta kosti tveir grímu-klæddir menn á tveimur bílum stöðvuðu peningaflutningabíllinn, skutu nokkrum skotum og neyddu öryggisverðina til að yfirgefa flutningabíllinn áður en þeir sprengdu sér leið inn í hann.

Vefútgáfa Dagens Nyheter sagði í gærmorgun að eldur hefði kviknað í báðum bílum ræningjanna en þeir yfirgáfu ránsstaðinn á þriðja bílnum. Peningaflutningabíllinn er gjörnýtur.

Öryggisverðirnir voru fluttir á sjúkrahús en eru ekki taldir mikið slasaðir. Talsmaður Securitas sagði að ekki hefðu verið miklir



SÆNSKA LÖGREGLAN Brynvarinn peningaflutningabíll var rændur fyrir utan Södertälje í Svíþjóð í gærmorgun. Ekki er ljóst hvort ræningjarnir höfðu eitthvað upp úr krafsinu.

peningar í bílnum. Upphæðir sem fluttar væru í bílum á borð við þennan hefðu verið minnkaðar mikið upp á síðkastið.

Ekki er langt síðan annar peningaflutningabíll á vegum Securitas var rændur í Svíþjóð.

Í kjölfarið fóru öryggisverðir í verkfall og kröfðust ýmissa umbóta, til dæmis að peningatöskur yrðu útbúnar málningarsprautu sem eyðilegði peningana ef óviðkomandi reyndu að opna þær.

- ghs

Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og Íþróttir




Leikir



Skemmtun

GÓÐA SKEMMTUN


Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga



Vodafone live! SÍMI

19.900 kr.


NOKIA 610i



Vodafone live! SÍMI

24.900 kr.

MOTOROLA V3 RAZR



26.900 kr.

NOKIA 6230i

Vodafone live!

ótrúlegt verð



Nýir leikir í Vodafone live!

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og

vodafone

Heyrumst!

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 16.12.2005

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	62,16	62,46
Sterlingspund	110,07	110,61
Evra	74,57	74,99
Dönsk króna	10,007	10,065
Norsk króna	9,346	9,402
Sænsk króna	7,855	7,9018
Japanskt jen	0,5344	0,5376

SDR 89,65 90,19

Gengisvísitala krónunnar
104,7986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Æðalækningsafélag Íslands:

Fordæma uppsögn Stefáns

HEILBRIGÐISMÁL Æðaskurðlækningsafélag Íslands fordæmir harðlega uppsögn Stefáns E. Matthíassonar, yfirlæknis æðaskurðlækningsadeildar við Landspítala-háskólasjúkrahús sem sagt var upp störfum vegna óhlýðni við yfirmenn á spítalanum.

Telur félagið að með þessari ákvörðun sé mikið og stórt skarð höggvið í æðaskurðlækningar hér á landi enda Stefán með mikla reynslu og unnið farsælt starf um árabil. Er skorað á stjórnendur spítalans að endurskoða þessa ákvörðun og þess farið á leit við Læknafélagið og ráðherra heilbrigðismála að þeir hlutist til um farsæla lausn á málinu. ■

Neytendasamtökin:

Viðskiptahættir rannsakaðir

MATVÖRUMARKAÐUR Stjórn Neytendasamtakanna telur óásættanlegt að matvöruverð á Íslandi sé 42 prósentum hærra en að meðaltali í ESB-löndum um 15 og krefst þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að verð og framboð á matvæluverði sambærilegt við aðrar þjóðir.

Neytendasamtökin vilja að tollar verði felldir niður á innfluttum búvörum og innflutningskvótar aflagðir, virðisaukaskattur og vörugjöld og tollar á aðrar matvörur verði lækkaðir eða felldir niður, viðskiptahættir á smásölu markaði verði rannsakaðir og virk samkeppni tryggð. -ghs



JÓHANNES GUNNARSSON
Telur verð á matvöru vera óásættanlegt.

Ritstjóri Blaðsins boðar sókn í kjölfar eigendaskipta á útgáfufélagi þess:

Mogginn kaupir hálf Blaðið

FJÖLMÍÐLAR Árvakur hf., útgáfufélag Morgunblaðsins, hefur keypt helmingshlut í Ári og degi ehf., sem gefur út Blaðið. Ritstjóri Blaðsins segir að í kjölfar breytinganna blási Blaðið til sóknar.

Kaupin voru samþykkt á hluthafafundi Árs og dags í gær, en í nýrri stjórn eiga sæti tveir fulltrúar Árvakurs og tveir frá Ári og degi.

„Þetta styrkir Blaðið mjög í allri samkeppni, innviðirnir verða styrkari og við blásam væntanlega til sóknar á næstunni,“ segir Karl Garðarsson, framkvæmdastjóri Árs og dags og ritstjóri Blaðsins. Hann gerir

rád fyrir því að dreifing blaðsins verði aukin og hugað að morgundreifingu. „Fyrir blaðið er þetta mjög gott skref. Við munum leita að sjálfsögðu leita eftir samlegðaráhrifum blaðanna og nýta okkur ákveðna hluti frá Morgunblaðinu.“ Karl segir félögin hins vegar vera aðskilin og ritstjórnir blaðanna líka. „En við prentum áfram hjá Morgunblaðinu sem er stór kostnaðarliður í rekstri dagblaða. Við munum skoða hluti eins og ritstjórnarkerfi og síðan má skoða að samstarf um ljósmyndun að hluta.“ Þá segir Karl einnig koma til greina samstarf á sviði auglýsingasölu. „En það

er hlutur sem á alveg eftir að skoða.“

Í nýrri stjórn Árs og dags eiga sæti Sigurður G. Guðjónsson stjórnarformaður, Hallgrímur B. Geirsson varaformaður stjórnar og svo Guðbrandur Magnússon og Steinn Kári Ragnarsson.

- óká

FORSVARSMENN BLAÐSINS Sigurður G. Guðjónsson stjórnarformaður og Karl Garðarsson ritstjóri greindu starfsmönnum Blaðsins frá breyttu eignarhaldi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



BLAIR OG CHIRAC Forsætisráðherrar Bretlands og Frakklands ræða saman á leiðtogafundinum í Brussel.

Fréttablaðið/AP

Sátt í fjárlagadeilu sögð vera í nánd

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í gær var unnið hörðum höndum að því að ná sáttum um langtímafjárlög sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Lausn var sögð í nánd.

BRUSSEL, AP Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 25 nálgðust í gærkvöld samkomulag um langtímafjárlög sambandsins, vitandi að í húfi væri trúverðugleiki sambandsins sem stofnunar. Hillti undir að hnúturinn sem fjárlagadeilan var komin í leystist með því að Bretar féllust á að greiða meira til sameiginlegra sjóða sambandsins gegn því að landbúnaðarstyrkjakerfi þess yrði stökkað upp.

Deilan skipti aðildarríkjunum í tvær fylkingar. Fyrir annarri fór brezki forsætisráðherrann Tony Blair en franskí forsetinn Jacques Chirac fyrir hinni.

„Við erum á góðri leið að finna lausn,“ sagði Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, í fundarhléi í höfuðstöðv-

um ráðherraráðs ESB í Brussel í gærkvöld. „Nú þurfa sendinefndirnar bara meiri tíma til að melta tillögurnar,“ sagði hann með vísun til nýjustu málamiðlunartillagna Breta, sem gegna ESB-formennskunni til áramóta. Stjórnarérindrekur á fundinum höfðu áður sagt að það gæfi tilefni til bjartsýni að brezka formennskan skyldi leggja fram nýja málamiðlunartillögu. Fulltrúar Breta höfðu varað við því að þeir myndu sleppa því að hafa fyrir því að leggja fram nýja slíka tillögu ef samkomulag virtist of fjarri.

Sænski forsætisráðherrann Göran Persson var hins vegar ekki eins bjartsýnn. Hann mat líkurnar á samkomulagi „50/50“. „Ég er órlítill svartsýnni en ég var í gær,“ sagði hann.

Kjarni deilunnar snýst um að þrýst er á að skornar verði niður endurgreiðslur sem Bretar hafa fengið úr sameiginlegum sjóðum ESB frá því Margaret Thatcher tókst að semja um þær fyrir tveimur áratugum. Á móti krefjast Bretar þess að landbúnaðarstyrkjakerfi ESB verði stökkað upp ekki seinna en 2008-2009 (það gleypir að óbreyttu 43% allra útgjalda ESB) en Frakkar eru mjög andsnúnir því.

Náist ekkert samkomulag er óvíst að það tákist heldur á næstu misserum. Það myndi grafa enn frekar undan trúverðugleika ESB, en hann varð fyrir áberandi hnekki fyrr í ár er kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu stjórnskráarsáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslum.

audunn@frettabladid.is

Fríverslun við Suður-Kóreu:

Vörutollar felldir niður

FRÍVERSUN Utanríkisráðherra undirritaði á fimmtudag fyrir Íslands hönd viðtækan fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Suður-Kóreu þar sem meðal annars er kveðið á um fulla fríverslun með almennar framleiðsluvörur.

Búist er við að samningurinn færi Íslendingum mikinn ávinning þar sem allir tollar munu falla niður af mikilvægum útflutningsvörum, svo sem sjávarafurðum, vélbúnaði og ýmsum plastvörum.

Suður-Kórea er þriðja stærsta hagkerfi í Asíu og árið 2004 námu viðskipti landsins við EFTA um 167 milljörðum íslenskra króna. -sh



JOHN BOLTON Sendiherra Bandaríkjanna hjá SP gagnrýndi sýrlensk stjórnvöld á fundi Öryggisráðsins í vikuninni.

Morðið á Rafik Hariri:

Umfang rannsóknar aukið

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að víkka út rannsóknina á morðinu á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons.

Hins vegar var ekki samþykkt að setja á laggirnar alþjóðlegan dómstól í tengslum við málið, eins og líbónsk stjórnvöld óskuðu eftir. Sýrlendingar hafa verið ásakaðir um morðið á Hariri, sem ráðinn var af dögum í febrúar síðastliðnum, en þeir hafa ávallt neitað allri aðild að tilræðinu.

Öryggisráðið lýsti í fyrrakvöld yfir áhyggjum sínum af því hversu lítil samvinnu Sýrlendingar hafa sýnt við rannsókn málsins. ■



DESEMBERUPPBÓT

Desemberuppbótin á að greiðast í síðasta lagi 15. desember. Hefur þú fengið þína?

Nánari upplýsingar á www.vr.is og í þjónustuveri í síma 510 1700.

www.vr.is

Starf okkar
effilur
þitt starf

VR

VEÐURSPÁ


um hádegi »

Sigurður P. Ragnarsson,
veðurfræðingurSNJÓKOMA OG
SÍÐAR RIGNING

Það liggur við að maður reki upp stór augu þegar maður sér snjó í veðurkortunum. En það gerist einmitt í dag. Vonandi ná snjóáhugamenn að nýta þetta en því miður fyrir þá, að þá færast þetta yfir í rigningu sunnan og vestan til um eða eftir hádegi. Þá fylgir þessu því miður töluverður vindur, en þó ekki fyrir norðan.

HÖFUÐBORGIN
Í DAG


Allhvöss suðaustanátt. Snjókoma og síðar rigning. Hlýnandi veður.




Kaupmannahöfn	1°C hálfskýjað	París	5°C hálfskýjað	Alicante	17°C hálfskýjað
Oslo	-6°C hálfskýjað	Berlín	2°C léttskýjað	Milano	8°C léttskýjað
Stokkhólmur	-1°C hálfskýjað	Frankfurt	3°C léttskýjað	New York	6°C léttskýjað
Helsinki	-6°C alskýjað	Madrid	12°C léttskýjað	San Francisco	13°C hálfskýjað
London	5°C hálfskýjað	Barcelona	14°C hálfskýjað	Orlando/Florida	20°C rigning

* Svæði þar sem búast má við talverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

» á morgun

Yfirleitt nokkur vindur
einkum með ströndum.

» mánudagur



Hæg suðlæg átt og hlýnar nokkuð.



...með allt fyrir jólin



Laugardagur 17. desember

- 12.00 Skólakór Digraness og Hjallaskóla
- 13.00 Strákahljómsveitin SPARK
- 15.00 Nylon og Heiða
- 16.00 Atriði úr söngleiknum Annie
- 16.15 Verðlaunaafhending í piparköku-
húsaleik Kötlu
- 17.00 Nylon og Heiða
- 19.00 Strákahljómsveitin SPARK

Lifandi jazz í göngugötu og jólasveinar kíkja í heimsókn alla helgina



NYLON OG HEIÐA
SKEMNTUN Á JÓLASVIÐI COCA-COLA



Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Opið til 22 til jóla. Opnum 10 í fyrramálið!

Veitingastaðir og Kringlubíó hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



KJÖRKASSINN

Á að afnema innflutningshöft á landbúnaðarvörur?

Já	75%
Nei	25%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Mun friður komast á í Írak nú eftir að búið er að kjósa til þings?

Stoðir í viðræðum um þrjátíu milljarða kaup:

Danskur fasteignarisi í smíðum

VIÐSKIPTI Stoðir, fasteignafélag í eigu Baugs á í viðræðum um kaup á danska fasteignafélaginu Atlas ejendomer. Eignir Atlas eru metnar á um þrjátíu milljarða króna.

Fyrir á Baugur hlut í tveimur fasteignafélögum, Keops og Nordicom, sem bæði eru skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Ekki er ósennilegt að stefnt sé að sameiningu þessara félaga. Bæði fasteignafélögin hækkuðu á markaði í gær, Keops eftir gott uppgjör en talið er að hækking Nordicom megi rekja til væntinga um slíkar fyrirætlanir. Keops er metið á um 46 milljarða króna, en Baugur á þrjátíu prósent hlut í því. Nord-



Á STRIKINU Baugur hyggst bæta enn í fasteignasafn sitt í Kaupmannahöfn, en margar álitlegar fasteignir eru nú þegar í eigu félaga sem Baugur er stór hluthafi í.

icom er metið á um 27 milljarða króna, en hlutur Baugs í félaginu er um ellefu prósent.

Danska blaðið Börsen birti í

gær frétt um slíkar fyrirætlanir. Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Norðurlandafjárfestinga Baugs, vildi ekki tjá sig um viðræður um kaup á Atlas ejendomer, né orðróm um að danskur fasteignarisi væri í burðarliðnum. Einnig hefur verið nefnd sameining við íslenska fasteignafélagið Stoðir, en líklegur er að Stoðir verði fremur stór eigandi að dönskum systurfélögum.

Fleiri íslenskir fjárfestar hafa sýnt áhuga á að kaupa Atlas ejendomer, en samkvæmt heimildum eru samningaviðræður við Stoðir langt komnar og jafnvel talið að samningar takist í næstu viku. - hh

Vefmiðillinn Vísi.is:

Aldrei mælst fleiri innlit

VEFMÆLINGAR Innlit og síduflettlingar á Vísi.is hefur tvöfaldast á síðustu níu mánuðum og reyndist síðasta vika vera metvika hjá netmiðlinum samkvæmt tölum Samræmdra vefmælinga.

Náði þá fjöldi innlita alls 1.2 milljónum hjá rétt rúmlega 200 þúsund notendum. Ástæður þessa eru taldar þær helstar að fréttabjónusta miðilsins hefur aukist til muna með tilkomu NFS fréttastöðvarinnar. Einnig hefur aðgengi að fjölbreyttara efni á Vísi VefTV haft sitt að segja. Þá er á vefnum hægt að lesa flest öll blöð sem 365 prentmiðlar gefa út. ■

Fíkniefni og vopn fundust í húsleitum lögreglu:

Einn í varðhaldi að Þorláksmessu

LÖGREGLA Maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. desember eftir fíkniefnafund lögreglunnar í Hafnarfirði.

Í fyrradag fann lögregla ríflega 100 grömm af amfetamíni, rúm 100 grömm af hassi og 200 skammta af LSD í húsi í Hafnarfirði. Við leitina fundust einnig ýmis skotvopn, sprengiefni og hnifar ásamt ýmsum raftækjum sem talin eru vera þýfi.

Þegar húsleitin var gerð voru þrír menn staddir í húsinu og voru þeir allir handteknir. Tveimur var sleppt að loknum yfirheyrslum en sá þriðji situr í

gæsluvarðhaldinu.

Tveimur tímum síðar gerð leit í húsi í Reykjavík, en þar fundust rúmlega 40 grömm af hassi. Einn íbúi hússins var handteknur við húsleitina og færður til yfirheyrslu. Honum hefur verið sleppt úr haldi og telst það mál upplýst, samkvæmt upplýsingum Hafnarfjarðarlögreglunnar.

Aðgerðin var á forræði lögreglunnar í Hafnarfirði, en við hana naut hún aðstoðar frá sérsvæit ríkislögreglustjóra, lögreglunni í Kópavogi, lögreglu í Reykjavík og Tollgæslunnar í Reykjavík.

- æþe

Ákærður fyrir kynferðisbrot og stungur

Pingfest hefur verið í Héraðsdómi Reykjavíkur mál á hendur 18 ára pilti sem stakk tvo síðustu menningarnótt. Hann er líka kærður fyrir samræði við stúlkubarn sem hann dreifði klámmyndum af og fyrir að berja strák með skóflu.

DÓMSMÁL Átján ára piltur sem ákærður hefur verið fyrir tvær hnífstungur á menningarnótt í Reykjavík er einnig kærður fyrir samræði við stúlkubarn þegar hún var 12 og 13 ára. Þá er honum gefið að sök að hafa dreift og birt á netinu myndir sem sýndu stúlkuna á klámfenginn hátt.

Mál á hendur piltinum var pingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag, en ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur honum undir lok nóvember. Ákæruatriðin hljóða upp á sérlega hættulegar líkamsárásir, tilraun til manndraps og kynferðisbrot.

Ungi maðurinn var handteknur strax á menningarnótt og úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir. Hann fannst með aðstoð vitna og löggæslumyndavéla. Fram kom í skjölum sem lögð voru fyrir Hæstarétt, eftir að gæsluvarðhaldið var kært, að pilturinn neitaði annarri stungunni og kvaðst ekki hafa stungið hinn tvisvar, heldur hlyti hnífurinn að hafa skoppað.

Hnífstungurnar áttu sér báðar stað á bílastæði milli Tryggvagötu og Geirsgötu á menningarnótt, en hann stakk tvo pílta, 17 og 18 ára gamla. Sá eldri fékk 1,5 sentímetra skurð rétt fyrir neðan vinstra herðablað þegar hann var stunginn í baknið en árásin á hinn var heldur alvarlegri. Sá hlaut tvær stungur og lífshættulega áverka. Slagæðar skárust í sundur og lunga píltsins féll saman.

Pilturinn er einnig kærður fyrir að rota 17 ára strák með skóflu á göngubrú við Fjölbrotaskólann í Garðabæ að morgni 1. febrúar. Þá er honum gefið að sök að hafa að minnsta kosti á annan tug skipta haft samræði við stúlkubarn, þá 12 og 13 ára gamla, og viðhaft aðra



VIÐ HÉRAÐSÓM EFTIR MENNINGARNÓTT

18 ára árásmaður fluttur á brott frá Héraðsdómi Reykjavíkur 21. ágúst síðastliðinn eftir að kveðinn var upp yfir honum gæsluvarðhaldsúrskurður. Mál á hendur honum eru nú fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

grófa kynhegðan. Í októberlok í fyrra gerði lögregla húsleit heima hjá piltinum og gerði upptæka hjá honum tölvu með um 30 ljósmyndum af stúlkunni sem sýndu hana og þau saman fáklædd og nakin á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Afritum af myndunum, eða hluta þeirra, hafði hann líka dreift, með þeim afleiðingum að þær gengu manna í millum á netinu.

Annar piltanna sem stungnir voru gerir kröfu um 300.000 krónur í miskabætur en sá sem varð



BUTTERFLY-HNÍFUR Pilturinn sem stakk tvo síðustu menningarnótt í Reykjavík notaði til verksins hníf ekki ósvipaðan þessum.

fyrir alvarlegri árásinni gerir kröfu um 2,5 milljónir króna. Þá er af hálfu stúlkunnar gerð krafa um eina milljón króna í miskabætur. Einnig er krafist upptöku á tölvunni sem klámmyndirnar voru vistaðar á og á „butterfly“-hníf sem pilturinn beitti á menningarnótt.

olikr@frettabladid.is

Söngdagskrá á afmælisdegi Piaf!
19. desember kl. 21:00 á Stóra sviðinu

Fyrir jólin

Þú sérð öll jólatilboð Smith & Norland á heimasíðu okkar, www.sminor.is. Smelltu þar á bæklinginn **Fyrir jólin** og skoðuðu 16 glæsilegar síður sem eru fullar af eigulegum hlutum á góðu verði.

SMITH & NORLAND
Núastíni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna fylgist með fundi í Hong Kong:

Stærð sneiða ákveðin seinna

LANDBÚNAÐUR Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segist ekki skilja orð utanríkisráðherra á ráðherrafundi Alþjóðaviðskipta- og vísindisráðgjafarinnar svo að orðið hafi viðsnúningur í landbúnaðarstefnu stjórnvalda hér.

„Eftir því sem ég skil ráðherra og stjórnvöld þá hefur stefnumörkun þeirra ekkert breyst. Hér halda þau við sína fyrri afstöðu,“ segir Sigurgeir og telur utnríkisráðherra bara lýsa því sem samningarferlið ytra hnífur að. „Að stuðningsgreiðslur verði lækkaðar og tollar fari lækkaði. Þetta hefur í sjálfu sér alltaf legið fyrir, spurningin er bara hversu langt verður gengið í þetta skipti.“

Sigurgeir er staddur úti í Hong



SIGURGEIR ÞORGEIRSSON Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna á ekki von á mikilli niðurstöðu á ráðherrafundinum sem stendur í Hong Kong.

Kong og fylgist þar með ráðherrafundinum. „Hér er ég nú bara á eigin forsendum og til að setja mig inn í hlutina.“ Hann segir landbúnaðarsamninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ganga út á að takmarka rétt ríkja til að styrkja og vernda landbúnað, en á ekki von á mikilli niðurstöðu af fundinum sem nú stendur. „Líkurnar eru engar á að hér náist eitthvert endanlegt samkomulag og hér um bil útilokað að komnar verði nokkrar tölur inn í samningstexta á þessum fundi þannig að sjá megi hversu langt verði gengið í samkomulaginu. Þetta verða bara orð um aðferðafræði og svo verður síðar tekið á um hvað á að taka stórar sneiðar.“

- óká



Normanns-
þinur

25%
afsláttur

Útiseriur
50%
afsláttur

Tollfrjáls jólatré

laugardag-sunnudags



Túlipanar, 10 stk. 990



Leiðiskross 1599


blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvað hefur Sævar Arnfjörð búið lengi í tjaldi í Öskjuhlíð?
- 2 Hvar er leiðtogafundur Evrópusambandsins haldinn?
- 3 Hvað heitir ríkisskattstjóri?

Félagsmálaráðherra ræðir hæstaréttardóm yfir sér á ríkisstjórnarfundum:

Kveðst miður sín yfir dómnum

STJÓRN MÁL Árni Magnússon félagsmálaráðherra bar dóm Hæstaréttar yfir Valgerði Bjarnadóttur fyrrverandi jafnréttisstýru undir samráðherra sína á ríkisstjórnarfundum í gær.

Árni kveðst taka dóminn mjög alvarlega, en Hæstiréttur dæmdi Valgerði sex milljóna króna bætur þar eð félagsmálaráðherra hefði brotið á rétti hennar samkvæmt stjórnáskilum.

„Ég er satt best að segja miður mín yfir þessum dómi. Ég tali mig vera að vinna þetta mál samkvæmt lögum og reglum sem um slík mál gilda og eftir bestu samvisku og sannfæringu. Það hefði aldrei komið til greina af minni hálfu að brjóta



ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA „Ég er satt best að segja miður mín yfir þessum dómi.“

vísitandi á mínum starfsmanni, hvað þá að brjóta lög. Þannig að þessi niðurstaða kom mér mjög mikið á óvart.“

Árni kveðst hafa búist við því að Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms þar sem hann var sýknaður af kröfum Valgerðar. „Þetta er hins vegar niðurstaðan og ég að sjálfsögðu horfist í augu við hana, tek mark á henni og þarf að læra af henni. Og það þurfa fleiri að læra af henni. Það gildir um okkur öll sem erum í þessari stöðu að dómurinn er leiðbeinandi um aðstæður sem þessar.“

Árni kveðst hafa óskað Valgerði velfarnaðar í sínum störfum. „Hún hafði fullnaðarsigur í málinu og ég viðurkenni þann sigur. Henni voru dæmdar bætur sem hún fær að sjálf-sögðu greiddar,“ segir félagsmálaráðherra.

Ungur maður sýknaður:

Yfirheyrður löngu eftir árás

DÓMSMÁL 21 árs gamall maður hefur verið sýknaður af árás á mann á svipuðum aldri fyrir utan skemmtistað í Reykjavík vorið 2003. Fallið var frá ákæru á hendur tveimur, en hópur manna réðist á einn sem hlaut margvísleg meidsli.

Héraðsdómur gerir nokkrar athugasemdir við rannsókn lögreglu. Fram kemur að sá lamdi hafi gefið lögreglu upp símanúmer forsprakka árársarinnar, en ekki hafi tekist að hafa upp á notanda númersins. Þá var sá sem ákærður var ekki yfirheyrður fyrr en fjórtán mánuðum eftir árásina.

- ók

ROSSIGNOL PURE MOUNTAIN COMPANY®

Skíði, skór, bindingar
15% pakkaafsláttur

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Guðbjartur J. Sigurðsson, sem í gær var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir manndrápstillraun, sést hér yfirgefa réttarsal Héraðsdóms Reykjavíkur þegar þar var fyrst réttað í málinu í byrjun ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dæmdur í 5 ára fangelsi

Maður sem skar leigubílstjóra á háls í vesturbæ Reykjavíkur í fyrrasumar hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi. Bílstjórinn slapp naumlega.

DÓMSMÁL Guðbjartur J. Sigurðsson, 54 ára gamall Reykvikíngur, hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Guðbjartur skar á háls leigubílstjóra í vesturbæ Reykjavíkur aðfaranótt þriðjudagsins 27. júlí í fyrra. Hann var einnig dæmdur til að greiða leigubílstjóranum rúmlega 1,3 milljónir króna í bætur og annað eins í málskostnað.

Guðbjartur var á fyllerfi með þremur öðrum en átti að borga fyrir bílinn á áfangastað. Þess í stað skar hann bílstjóran á háls. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp í gær kemur fram að skurðurinn hafi verið 18 sentímetra langur og sáralitlu hafi mátt muna að áverkinn yrði lífshættulegur.

Dómurinn segir árásina hafa verið tilefnislaus og valdið leigubílstjóranum verulegu tjóni, sérstaklega á sálinni, en einnig líkama. „Ekki er neitt vitað hvað ákærða gekk til með verknaði sínum en ljóst er að hann átti ekkert sökótt við árársarþola. Ráða má af rannsókn á geðheilbrigði ákærða að miklar hegðunarbreytingar verða á honum samfara áfengisneyslu,“ segir í dómnum.

Ásgeir Elíasson, leigubílstjór-

inn sem fyrir árásinni varð, segist að vonum feginn að dómur hafi farið á þennan veg í málinu. „Þetta sýnir að kerfið virkar,“ segir hann og kveður trú sína á réttarkerfið hafa styrkts. „En ég var orðinn beggja blands í restina en var þó búinn að tönnlast á því allan tímann að réttlæti myndi sigra að lokum.“ Ásgeir segir sér ganga ágætlega að fóta sig eftir árásina enda hafi hann notið og njóti enn stuðnings bæði fjölskyldu og góðra vina. „Og það skiptir öllu. Maður er farinn að stunda vinnu með góðum vinnufélögum.“

Þegar Guðbjartur framdi verknaðinn stóð hann fyrir utan leigubifreiðina en félagi hans inni í bílnum kallaði til hans að hann ætti að borga. Tveir voru farnir inn. Ásgeir sá Guðbjart nálgast með hönd í vasa og renndi niður bílrúðinni. Svo leit hann af honum en fann þá skyndilega hita leggja niður háls sér og niður á brjóst-kassa um leið og undrunarsvipur kom á þann sem í bílnum sat. Ásgeir lagði hönd yfir sárið, stökk út úr bílnum og hljóp að nærliggjandi húsi og kallaði til lögreglu. Guðbjartur lagði hins vegar á flotta á tveimur jafnljóttum.

olibr@frettabladid.is

Stórbruni á sjúkrahúsi í Kína:

Sjúklingar brunnu

KÍNA Að minnsta kosti 35 manns fórust og á annan tug eru slasaðir eftir að eldur kom upp í fjögurra hæða sjúkrahúsi í norðausturhluta Kína í fyrrakvöld.

Fjöldi fólks reyndi að bjarga sér með því að henda sér út um glugga sjúkrahússins til að forða sér frá eldinum. Öll fórnarlömbin voru sjúklingar á sjúkrahúsinu.

Yfir 220 þúsund brunar hafa orðið víða um landið á fyrstu ellefu mánuðum ársins og hafa þeir orðið um tvö þúsund manns að



Í LJÓSUM LOGUM Yfir 220 þúsund brunar hafa orðið í Kína á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geggjað grín, hörku hasar klístrað klúður

Varist allar pappírspurrur og snýtukluta, í guðanna bænum!

„Fólk á öllum aldri smitast af gleðinni ... enginn ætti að láta þennan furðufugl fram hjá sér fara.“

Þórarinn Þórarinnsson / Fréttablaðið

Metsölulisti Morgunblaðsins barnabækur 15. des.

3 SÆTI

KAFFEINN OFURBRUK OG LÍFTÆKNILEGA HORSKRIMSLÍÐ FYRRI HLUTI HERRAÐ AD NETURLAGI

Stóttu skalpverkið og DAV Pilkey

Bóka-veröldin barnanna 2004

JPV JPV ÚTGAFA www.jpvis

Bókabröns á aðventunni

Taktu þér tíma í notalega aðventustund þar sem helstu rithöfundar þjóðarinnar lesa fyrir þig úr bókmenntaperlum jólanna meðan þú kitlar bragðlaukana með gómsætum réttum á Apótekinu.

Dagskráin hefst í dag klukkan 14.00.

Þórarinn Eldjárn les upp úr ljóðabók sinni Hættir og mörk,
Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir lesa úr Djöflatertunni.

Sögulegur Jóladiskur:

Gæsasúpa
Fennelgrafinn lax á toast melba
Hreindýrapate með bláberjagljáa
Túnfisk tartar með wasabi
Parmaskinka með rucula
Verð 1.850 kr.



Aufanstræti 14 • Sími 5757 900
Fax 5757 905 • www.vitlingur.is



Fyrirum yfirmaður ETA: Framseldur til Spánar

SPÁNN. AP Frönsk yfirvöld hafa framselt Francisco Xabier Garcia Gaztelu, fyrrverandi yfirmann í aðskilnaðarsamtökum Baska, ETA, til Spánar en Gaztelu er gefið að sök að hafa myrt þingmann frá Ermua í hinum baskneska hluta Spánar árið 1997.

Gaztelu kom til Madrídarár í fyrradag en neitaði að tjá sig við dómara. Hann verður vistaður í fangelsi þar til réttarhöld hefjast í máli hans. Aðskilnaðarsamtök Baska eru sögð bera ábyrgð á yfir 800 morðum síðan baráttu samtakanna fyrir sjálfstæði Baska-héraða Spánar hófst árið 1968. ■



Í JÁRNUM Gaztelu er meðal annars gefið að sök að hafa staðið að morði á spænskum þingmanni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GROSNÍ Þingmenn í héraðinu fóru fram á það við stjórnvöld í Kremli í vikunni að nafni borgarinnar yrði breytt í Akhmad-Kala í höfuðið á Akhmad Kadyrov, sem ráðinn var af dögum á sínum tíma. Þeir telja nafn Grosní of tengt stríðsátökum sem geislað hafa í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NISSAN ALMERA



ÞÆGINDI OFAR ÖLLU

Almera

Verð 1.790.000,-

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, sóllúga, álfelgur og spoiler.



SKIPT_um væntingar

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Kjarnorkuslys í uppsiglingu í höfuðborg Tsjetsjeníu:

Geislunin langt yfir mörkum

MOSKVA. AP Ríkissaksóknari í Tsjetsjeníu hefur hafið rannsókn á ástæðum þess að geislavirk efni lágu á glámbekk í verksmiðju í höfuðstaðnum Grosní. Geislunin í verksmiðjunni er tugþúsundfalt yfir hættumörkum.

Embættismenn segja að „hrikaleg geislavirkni“ eigi uppruna sinn í Efnaverksmiðju Grosní-borgar, sem er fyrirtæki í eigu olíufélags sjálfstjórnarhéraðsins. Hágeislavirk efni eru sögð liggja þar út allt eins og hráviði og hafa sérfræðingar sérstakar áhyggjur af kóbalt-60 samsætum sem eru mjög hættulegar. Í einni geymslu verksmiðjunnar var geislunin 58.000 sinnum yfir tilskildum

hættumörkum, en til samanburðar má geta þess að geislavirknin í námunda Tsjernobyl-versins var einungis tvöfalt meiri eftir kjarnorkuslysið þar árið 1986.

Vladimir Slivjak, talsmaður rússneskra umhverfissamtaka, segir íbúa í námunda verksmiðjunnar vera í stórhættu því þeir sem verði fyrir slíkri geislun, þó ekki nema í nokkrar mínútur, geti orðið fyrir miklu heilsutjóni og jafnvel beðið bana. Eins er óttast að hryðjuverkamenn komist yfir efnin og noti þau í svonefnda drullusprengru en þá er geislavirkun efnun dreift yfir stórt svæði með hefðbundnu sprengiefni þannig að geislun hlýst af. -shg

Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðslu-
dreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

Spurðu um

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

JÓLIN ERU: FÍN HUGMYND



DEBENHAMS AUGLÝSINGASTOFNANNAUS, DEB 10766 12/2005



Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Daman: Loðhúfa 2.490 kr., Wallis kápa 18.990 kr., hanskar 2.990 kr., taska 2.490 kr., skór 6.990 kr., trefill 2.490 kr., hattur 1.690 kr. Herrann: Esprit frakki 22.900 kr., rúllukragapeysa 6.990 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Börnin: Kjóll 4.990 kr., Esprit skór 6.990 kr., vesti 2.590 kr., buxur 2.990 kr., rúllukragabólur 1.990 kr., Warehouse húfa 1.690 kr. Frá Coach house: Hangandi lukt 1.990 kr., hattaöskjur tvær saman 6.990 kr., borð 6.990 kr., spegill 1.990 kr., ker 1.790 kr., blómabúnt 2.990 kr., gólfvasi 7.500 kr., kertastjakar 5.990 kr., kerti 59 kr., box f. vínflösku 1.690 kr., box 3.290 kr., box lítið 1.990 kr. Aðrir munir: Skrín 1.990 kr., sósuskál m. disk 3.790 kr., salt og pipar 2990 kr., skál 3290 kr. Skrín 2.590 kr., ketill 1.690 kr., kokteilhristari 2.490 kr., jólakúlur í boxi 1.690 kr., púðar 3.490 kr. og 4.990 kr., bakkj 2.990 kr., ketill 1.990 kr., Irish coffee glös tvö í pakka 1.390 kr.

Hlutir í einkaeign: Dúkka, harmonikka, samovarar á skáp.



DEBENHAMS

SMÁRALIND

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Mikill verðmunur er á neysluvörum hér og í nágrennalöndunum.

Matarverð verður að lækka

Nýleg skýrsla Samkeppniseftirlitsins um verð á matvörum á Norðurlöndum miðað við nokkur önnur lönd í Eyrópu hefur vakið miklar umræður hér vegna þess hve Ísland sker sig úr varðandi hátt verð á þessum vörum. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem þessar staðreyndir eru lagðar á borðið og vekja mikla athygli, því árið 2001 gáfu samkeppnisyfirdöld út ítarlega skýrslu um matvörumarkaðinn sem sýndi að verð hér var yfirleitt hærra en í viðmiðunarlöndunum.

Það hefur löngum verið talað um að það séu íslensku landbúnaðarvörurnar fyrst og fremst sem valda þessum mikla verðmunum en þarna kemur líka fleira til, svo sem mikil samþjöppun verslana á matvörumarkaði á síðustu árum. Sú þróun hefur reyndar líka átt sér stað annars staðar á Norðurlöndum en þar virðist vera meira jafnræði með keppinautum en hér, þar sem sama fyrirtæki samstæða er með um og yfir helming af matvörumarkaðnum, og því er ábyrgð forráðamanna Haga mikil í þessum efnum. Það er líka horft mjög til þess hvernig helstu keppinautar á matvörumarkaði haga sér og uppákomur sem urðu fyrr á þessu ári ná auðvitað engri átt. Það sér hver heilvita maður að fyrirtækin eru að gefa með mjólkinni þegar lítrinn er seldur á aðeins nokkrar krónur. Auðvitað notfæra neytendur sér þetta, en þegar upp er staðið tapa allir á svona tiltækjum. Það er hins vegar þakkarvert að lágvöruslanir á matvörumarkaði og fleiri verslanakeðjur sem hafa teygst anga sína víða um land eru með sama verð á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Þetta hefur skipt sköpum fyrir landsbyggðarfólk eins og dæmin sanna, svo sem eins og á Ísafirði.

Það er líka horft mjög til þess hvernig helstu keppinautar á matvörumarkaði haga sér og uppákomur sem urðu fyrr á þessu ári ná auðvitað engri átt.

Almennt er viðurkennt að íslenskar landbúnaðarvörur séu góðar, þótt verðið mætti vera lægra. Á móti kemur að margir eru reidubúnir að greiða hærra verð fyrir vörur sem framleiddar eru hér innanlands heldur en innfluttar vörur. Við Íslendingar verðum að geta brauðfætt okkur og vera ekki upp á aðra komnir með nauðsynlegustu matvæli. Það er hlutur stjórnvalda að sjá til þess. Þau verða líka að hafa kjark til þess að veita landbúnaðinum réttmætan stuðning, líkt og gert er í löndum nær og fjær. Menn býsnast oft yfir stuðningi við landbúnaðinn hér á landi, sem stundaður er við erfiðar aðstæður uppi undir heimskautsbaug, en ef grannt er skoðað er stuðningurinn meiri hlutfallslega í sumum af mestu landbúnaðarlöndum álfunnar. Stuðningur við landbúnað í Frakklandi er ótrúlega mikill, því samkvæmt nýjum tölum eru allt að níutíu prósent af meðaltekjum franskra bænda beinir styrkir. Þeir eru að vísu mjög mismunandi eftir greinum og auðvitað fá þeir stærstu og ríkustu mest í sinn hlut. Albert Mónakófursti er þar ekki undanskilinn með tugi milljóna í landbúnaðarstyrk á hverju ári.

Meginatriðið í þessu öllu er að matvöruverð hér verður að lækka, neytendur sætta sig ekki við að einstakar vörur hér séu margfalt dýrari en í nágrennalöndunum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Útgáfuhóf

Fjólmenni var í útgáfuteiti sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor efndi til á heimili sínu við Hringbraut (í húsi Kjartans Gunnarssonar) á fimmtudagskvöld í tilefni þess að þriðja bindið, lokabindið, í ævisögu Halldórs Laxness er komið út. Fyrsta bindið olli sem kunnugt er heitum deilum sem ekki sér fyrir endann á, en annað bindið, sem kom út í fyrra, mæltist almennt vel fyrir. Líklegt er að sama gildi um loka-bindið, sem er efnisríkt og stórfroðlegt. Leynir sér ekki að höfundurinn er mikill aðdáandi Laxness. Bindin þrjú eru víðamesta samfellda ritið um ævi og verk Laxness, sannkallað afrek, og enginn sem vill kynna sér sögu skáldsins getur horft framhjá því.



Áhrifamenn

Hannes Hólmsteinn hefur í tímans rás stofnað til kynna við ýmsa áhrifamenn í þjóðfélaginu og ekki vantaði að í boðinu væru ráðherrar og þingmenn, svo sem Björn Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson og Birgir Ármannsson. Þarna var líka Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, og fyrirrennari hans, Birgir Ísleifur Gunnarsson, enda situr prófessorinn í bankaráðinu. Forstjór fyrirtækja virtust fleiri fyrirverandi en núverandi, flestir af svokölluðu Kolkrabbakyni, og segir það kannski sitt um þjóðfélagsþróunina. Ekki voru þarna eintómir sjálfstæðismenn því meðal þeirra sem samfögnuðu Hannesi voru Samfylkingarfélagarnir Margrét S. Björnsdóttir og Eiríkur Bergmann Einarsson og

frægasti hægrikrafti landsins, Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður. Og þarna var réttlætið holdi klætt: Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari.

Trúnaður?

Dagbækur Kristjáns Eldjárn, fyrrverandi forseta, eru efniviður nýrrar bókar Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings. Það hefur komið ýmsum stjórn-málamönnum á óvart að forsetinn skuli hafa skráð nákvæmlega ýmis einkasamtöl um viðkvæm efni. Tala sumir þeirra um að þetta hafi átt að vera algjör trúnaðarsamtöl. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði á fundi á Sólon á miðvikudaginn að það kæmi sér ekki á óvart ef birting þessara gagna myndi í framtíðinni hafa áhrif á það hvernig menn tölðu við forseta Íslands við stjórnmyndanir.

gm@frettabladid.is

Þegar kristna íhaldströllið stal jóluunum

Í Blaðinu á fimmtudaginn er viðtal við varaþingmann Samfylkingarinnar þar sem hann kvartar yfir því að frjálshyndi nútímans sé að færa okkur „á vit miðalda“. Þetta segir maðurinn jafnframt því sem hann hampar kirkjunni og kristnum gildum. Nú er kannski ekki hægt að ætlast til þess að fólk sem tjáir sig í opinberri umræðu hafi vit á því sem það er að tala um, hvað þá ef stjórnmálamenn eru á ferð. Í allri vinsemd vil ég þó benda manninum á að sækja þó ekki væri nema 0-áfangi í miðaldrafræði og ætti það að nægja til þess að sýna honum fram á að hann átti marga skoðanabráður á þeim tíma, mun fleiri en frjálshynd fólk nú á dögum.

Sem drengur fór Hilmar Örn Hilmarsson allsherjagoði alltaf í Dómkirkjuna á jölunum og „hóstaði í kór við aðra kirkjugesti“. Bergsteinn Sigurðsson komst að því að þótt Hilmar hósti ekki lengur í kirkju hlakkar hann engu að síður til jólnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fyrir mörgum, ef ekki flestum, koma jólin klukkan sex á aðfangadag þegar kirkjuklukkan klingja um allt land. Ásatrúarmenn taka hins vegar forskot á sæluna og blóta árs og friðar á vetrarsólstöðum, hinn 21. desember, sem í þeirra huga markar fæðingu sólarinnar.

„Jólablótíð er það stærsta af höfuðblótunum sem marka sólstöður og jafndægur,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði. „Það er gömul hefð og útbreidd að halda upp á sólstöður og í flestum samfélögum á flestum tímum hefur verið haldið upp á það þegar sól hækkar. Reyndar finnst sumum ásatrúarmönnum sumardagurinn fyrsti heilagasti dagur ársins, enda er það sterkt í Íslendingum, til dæmis gaf fólk gjafir á sumardaginn fyrsta en ekki á jolum í gamla daga.“

Orðið jól kemur úr heiðnum sið,

en Jólnir var eitt af nöfnum Óðins. Að sögn Hilmars nær jólahaldið langt aftur í heiðnum sið. „Eftir að gregoríska dagatalið var tekið upp hefur það verið á nokkru reiki hvenær jólin voru haldin á ólíkum landsvæðum; hvert þeirra var

Í starfi mínu felst sú ábyrgð að ég sé til staðar fyrir fólk á gleðistundum sem og á erfðum tímum og það kemur vissulega fyrir að fólk leitar til mín þegar erfðileikar steðja að því.

kannski með sitt viðmið um það hvenær sól færi að rísa, en víða er hægt að finna steinahringi og viðmið í fjallaskörðum sem ganga út á að merkja vetrardægur og sólstöður. Fólk hefur því alltaf

haft merkilega góða hugmynd um hvenær daginn fer að lengja á ný og hefur sjálfsagt tekið mið af því.“

Fleiri tækifæri til að gleðjast

Í heiðni var jólahaldið ekki bundið við einn ákveðin dag, heldur telja menn að þær hafi staðið í þrjá til tólf daga. „Og þetta hafa sjálfsagt ekki verið neinar stúkusamkomur í þá daga,“ segir Hilmar og kímur. „Blót ganga út á samveru, þar sem fólk kemur saman til að borða og drekka og njóta samvasta. Kannski er það veisluhaldið sem laðar suma að ásatrúnni, aðrir vilja viðhalda ákveðnum menningarlegum arfi en í þessu er vissulega líka trúarleg dýpt ef menn vilja skoða það og margir blóta af hreinni og beinni trú.“

Hilmar telur að ásatrú eigi sér ákveðinn samhljóð meðal þjóðarinnar, sem eigi sér meðal annars skýringar í gömlum venjum. „Við þekkjum til dæmis það að menn drekka sólarcaffi á Vestfjörðum. Þetta eru ákveðnar menjar, sem eru ekki kannski ekki beint úr heiðni. Hækkun sólar er náttúru-fyrirbæri sem nær út fyrir hefðbundnar kennisettingar, til dæmis kristninnar; þetta er eitthvað sem við finnum á okkur.“

Nú er að vaxa upp kynslóð sem hefur heiðið jólahald en flestir ásatrúarmenn sem hann þekkir halda líka aðfangadag hátíðlegan og sjálfur er hann engin undantekning. „Flestir ásatrúarmenn eru lausir við kreddur og umburðarlyndir gagnvart þeim sem aðhyllast aðrar trúarskoðanir og ég vil til dæmis deila mínum jolum með öðru fólk og tilbúinn að gangast inn í þeirra jólahald og hlakka mikið til aðfangadags. Ásatrúarmenn eru enda veislugjarn fólk og því fleiri tækifæri til að gleðjast því betra,“ segir hann og hlær.

Trúin speglar veruleikann

Hilmar var á fermingarárdri þegar hann fann að í ásatrú fælist sú lífssýn sem hentaði honum best. Sextán ára gamall steig hann skrefið til fulls og gekk í ásatrúarfélagið og hefur ekki litið til baka síðan. „Ég var alinn upp á trúðu heimili í íslenskum skilningi þess orðs, það er að segja að fólk var opið fyrir nýjum hugmyndum. Sem drengur fór ég alltaf í Dómkirkjuna á aðfangadag og hóstaði í kór við aðra kirkjugesti,“ segir hann og hlær.

Að hans mati endurspeglar öll góð trúarbrögð líkamlegan og andlegan veruleika og það finnst honum eiga sérstaklega við um

ásatrúna. „Við vitum til dæmis hvaða áhrif árstíðirnar hafa á fólk og hvernig ljósleysið leggst í menn. Ásatrúin bjó sér því til fimmta höfuðblótið á þorranum, sem er ágætlega staðsett í árinu þegar við erum búin að bagsa í myrkrinu. Á jolum blóta ásatrúarmenn til árs og friðar, en friður er í merkingunni frjósemi sem felur í sér bón um að jörðin verði frjósm sem og mannfólkið. Þetta eru trúarbrögð sem byggja, að ég tel, bæði á líffræði og sálarfræði og þau kallast mjög á við hringrás lífsins. Það er fæðing, vöxtur,

hnignun og dauði og við sjáum það metafóriskt í árinu.“

Tranar trú sinni ekki fram

Það fer talsverður tími í það að sinna skyldum allsherjargoða, að sögn Hilmars. „Það er mikil vinna í kringum þetta, sérstaklega um þessar mundir þar sem við erum á spennandi tímamótum, því við erum að ráðast í byggingu hofs í Óskjuhlíð þar sem við höldum

Þetta eru trúarbrögð sem byggja, að ég tel, bæði á líffræði og sálarfræði og þau kallast mjög á við hringrás lífsins. Það er fæðing, vöxtur, hnignun og dauði og við sjáum það metafóriskt í árinu.

sólstöðublótin að öllu jöfnu, og vonandi getum við blótað í hofinu eftir tvö ár.“

Hilmari hefur þó tekist að sameina starf sitt sem tónskáld við skyldur sínar sem allsherjargoði, þrátt fyrir að vera oft á faraldsfæti. „Ég hef alltaf getað komið því að vera hér heima á stærri blótunum. Mér finnst það alls ekki kvöð að þúsla þessu saman, þvert á móti er ágætt að vera með hið veraldlega og hið geistlega í gangi á sama tíma en ekki annað á kostnað hins.“

Hilmar vinnur mikið erlendis en kveðst ekki verða mikið var við að menn reki upp stór augu þegar þeir komist að því að hann er ásatrúarmaður – og allsherjargoði ofan í kaupíð. „Sumir hafa þurft að spyrja mig út í þetta til að komast að því hvort mér er alvara eða ekki og sumir vilja vita hvað þetta felur í sér. En ásatrúarmenn hafa það fyrir sið að trana trú sinni ekki fram, enda er það ein af meginkennisetningum okkar að trúboð sé óþarft. Eg held að flestir líti bara á þetta sem einn hluta af mér og geta vonandi séð mig í senn sem ásartrúarmann og tónlistarunnanda.“

SkyldurHilmarssemallsherjargoða snúa ekki síst að safnaðarbörnunum og því tekur hann ekki af léttúð. „Ég get ekki leyft mér annað. Í starfi mínu felst sú ábyrgð að ég sé til staðar fyrir fólk á gleðistundum sem og á erfðum tímum og það kemur vissulega fyrir að fólk leitar til mín þegar erfðileikar steðja að því. Þetta er ekki eitthvað sem maður getur gert með hangandi hendi og ég reyni að sinna því af eins miklum heilindum og ég get.“ ■

Hvað gerist þegar maðurinn deyr?

GUÐMUNDUR KRISTINSSON



TIL ÆÐRI HEIMA

Framliðnir segja frá andláti sínu og lífinu fyrir handan

Hér eru 27 frásagnir vina og ættingja, þjóðkunnra presta og einkasonar, sem forst í bílslysi, af því hvernig var að „deyja“ og hvað við hafi tekið.

Þar segir Runólfur, stjórnandi Hafsteins miðils, ítarlega frá sinni reynslu og sagt er frá stórmerkum sýnum Bjargar S. Ólafsdóttur miðils við dánarbeið.

Þá er sagt frá enska miðlinum Horace S. Hambling og stórmerkum fyrirbærum.

Gerð er grein fyrir mismunandi boðskap þjóðkirkjunnar um dauðann og annað líf á síðustu öld og áhrifum spíritismans á trúarskoðanir þjóðarinnar.

Árnesútgáfan

Sími: 482 1567

EXPERTURVALIÐ



3.990

Handpeytari

Kraftmikill handpeytari
Skál fylgir með
Hraðastillingar
Kraftpeyting



9.900

Örbylgjuofn

800 W
20 l
Margar stillingar



184.900

42" Plasmaskjár

Skjástærð: 42" Plasma 79mm þykkt
Hlutföll: 16:9 Stærð: 1024x630,5
Upplausn: 852x480 Ábyrgð: 3 ár
Skerpa: 3000:1 PPM42S3QX



6.990

1.990

Remington

Hleðslurakvél
Engin snúra
3D haus tryggir betri rakstur
Fellur vel í lófa
MS2491

2000 Watta blásari
2 hraðastillingar
3 hitastillingar
Keramík í haus
3 m löng snúra
D3410



23.900

MP3

Zen-Micro 5GB

Spilar WMA / MP3
USB 2.0 tengi
Li-Ion rafhláða
Næmir snertihnappar
Samhæfur Outlook

Baklýstur LCD skjár
Hljóðnemi til upptöku
Forstilltur magnari
108 grömm
Heyrnartól fylgja með



4.990

Sogkraftur

1500 W
Lítill og létt
Besta heimilishjálpin



6.990

Pokalaus

1600 W
Kraftmikill
Þarf ekki poka
Ódýr í rekstri



8.990

Morgunverðarsett

Kaffikanna
Braúðrist
Eggjasuðutæki
Hraðsuðukanna

Gæða vörur á
góðu verði
FB100



13.900

2 x 64MB kort fylgja með

Sony - DSCS40

4.1 milljón dýlar
3x optical aðdráttur
Carl Zeiss linsa
USB 2.0
32 Mb minni



24.790

250GB

Flakkari

Diskahús fyrir harðan disk
USB tengi í tölvu
Tengist beint í TV
Myndsýning
MP3 spilun

250GB harður diskur
8 MB buffer
7.200 Silent Seek
Fjarstýring



29.900

Taska fylgir með

Canon tökuvél

1/6" 800k pixel CCD nemi
DIGIC DV örgjörvi
20 X optiskur aðdráttur
400 X stafrænn aðdráttur
DV út AV inn
Taska, miniDV spóla
og linsuklútur fylgir með



expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000

Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Matti og Beggi og
mikið úrval af
íslenskum geisladiskum





1.590

Íslensk jól á Kanaríeyjum

Um 2.400 Íslendingar verða á Kanaríeyjum um jólin. Margir fara ár eftir ár en fjölskylda **Kristínar Bjargar Þorsteinsdóttur** fer nú í fyrsta sinn. **Karl Helgi Jónsson** og fjölskylda hans fóru í fyrra og gætu vel hugsað sér að fara aftur. Klara Baldursdóttir undirbýr komu Íslendinga en á annað hundrað manns snæða á veitingastaðnum hennar Cosmos á aðfangadag. **Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir** skoðaði menninguna og stemninguna í kringum jól á Kanaríeyjum.

Þegar hafa rúmlega 120 pantanir borist í jólamatinn hjá veitingastaðnum hennar Klöru Baldursdóttur, Restaurant Cosmos, á Kanaríeyjum fyrir aðfangadagskvöld. Staðurinn tekur um 160 manns í sæti.

„Ég er alltaf með hátíðarmatseðil á aðfangadagskvöld og gamlárskvöld. Þau kvöld eru í boði þrír forréttir, þrjár aðalréttir og þrjár eftirréttir. Góð borðvín, vatn og gos innifalið. Um mánaðamótin júlí og ágúst byrjar fólk að panta,“ segir Klara og bætir við að þrátt fyrir að Íslendingarnir vilji losna við stressið

Heimsferðir 600 farþegar 3 vélar	
Plúsferðir 225 farþegar	 Með vélum Úrval Útsýnar
Sumarferðir 900 farþegar 6 vélar	
Úrval Útsýn 675 farþegar 4 vélar	

Pizzur í jólamatinn

Álagið sem fylgir jólaundirbúningnum hér heima hvarf á Kanaríeyjum. Karl Helgi Jónsson segir ferðina hafa verið frábæra fyrir fjölskyldulífið.

„Ég mæli hikstalaust með því að eyða jólinum á Kanaríeyjum. Ég er alveg á móti þessu jólabulli sem er hérna heima,“ segir Karl Helgi Jónsson, starfsmaður hjá verktafyrirtækinu Háfelli. Hann fór ásamt konu sinni, Guðrúnu Bjarnadóttur og tveimur dætrum til eyjanna í fyrra. „Svona ferð er frábær fyrir fjölskylduna því hún er alltaf saman og fólk þarf að reida sig hvort á annað. Það er mjög ólíkt því sem er hérna heima á þessum tíma þar sem fólk gleymist í stressinu.“

Karl Helgi segir að þeim hjónum hafi langað til að fara út með dætur sínar Diljá Töru og Aldísi Mjöll, sem báðar eru á unglingsaldri, og því hafi ferðin verið ákveðin. Þær hafi verið mjög ánægðar með ferðina og fjölskyldan sammála um að hún hafi verið alveg frábær í alla staði. Fjölskyldan var úti í hálfan mánuð og kom heim þriðja

janúar. „Veðrið var frábært meðan við vorum þarna. Alltaf yfir tuttugu stiga hiti og hægt að vera í sólbaði flesta dagana.“

Karl Helgi segir að venjulega skreyti fjölskyldan heimilið sitt mikið fyrir jólahátíðina. „Þarna úti var þetta bara afslöppun. Við þurftum ekki að spá í neinu.“ Fjölskyldan hafi ákveðið að borða úti á aðfangadag. Þau völdu sér ítalskan veitingastað. Hjónin pöntuðu piparsteik. „Stelpurnar fengu loksins pitsu í matinn á aðfangadag eins og þær voru búnar að biðja um öll árin. Maður tók nú ekki eftir því að það væru jól. Maður missti bara af þeim,“ segir Karl Helgi og lýsir því að hann hafi verið laus við álag í allri ferðinni. „Maður losnaði frá öllu stressi. Fór á barinn og horfði á fótboltaleik. Við röltum um bæinn og fórum út með stelpurnar og spiludum míní-golf,“ segir Karl Helgi. Hann hafi einnig gefið sér tíma



KARL HELGI VIÐ LESTUR Karl segist sjaldan hafa tíma til lesturs hér heima en úti hafi verið nægur tími.

til að lesa bækur, sem hann geti ekki hér heima og þau hafi ferðast um alla eyjuna.

Hvorki hangikjötið né annað matarkyns rataði ofan í töskur fjölskyldunnar áður en lagt var af stað. „Ég er ekki einn af þeim sem tek appelsínú með mér til útlanda. Ég fer til útlanda til að kynna þeirri menningu sem landið hefur upp á að bjóða,“ segir Karl Helgi og bætir við að á flestum stöðum sem þau hafi borðað á hafi maturinn verið góður. Jólapakarnir frá ættingjunum fengu þó að fljóta með

heima og komi til Kanaríeyja séu þeir fastheldnir á íslenska síði. Því bjóði hún upp á íslenska jólarétti eins og hangikjöt, laufabraud og hamborgarhrygg. Hún segir að oft komi sama fólkið ár eftir ár en einnig komi fólk sem hafi heyrð vel af borðhaldinu látið.

Staðurinn hennar Klöru er betur þekktur sem Klörubar og segir hún að um 99 prósent þeirra Íslendinga sem sækja ensku ströndina á stærstu eyjunni, Gran Canaria, heim komi við hjá henni. Staðurinn sé eins og félagsheimili. „Þar hittast oft

kunningjar sem hafa ekki sést í lengri tíma.“

Klara segir gaman að fylgjast með Íslendingum þegar þeir komi til eyjunnar. Börnin séu upptrekt og stressið mikið.

„Eftir tvo daga hérna hverfur af þeim stressið og allir verða eins og þeir eiga að sér að vera.“ Klara segir algengt að fólk spóki sig á ströndinni til klukkan sex á aðfangadag. Þá sé stökkið heim og fólk klæði sig upp á. „Það er svolítið gaman af því að Íslendingarnir eru afskaplega vel klæddir og snyrtir um jólin miðað við margar aðrar þjóðir.“

Með hangikjötið í handfarangrinum

Fjölskylda úr Vogahverfinu getur vart beðið jóllanna sem þau ætla að eyða á ensku ströndinni á eyjunum. Þau halda þó í hefðirnar og taka hangikjötið með.

„Mér finnst Desember og jólin orðin svolítið mikið klikkuð og brjálæði í kringum jólaundirbúninginn, þó það hafi batnað. Mig hefur langað á sólarstrendur með dætur mínar en ég tími ekki að gera það á sumrin. Svo langar mig að komast burt úr þessu myrkri í hálfan mánuð og fá sól í kroppinn og sól í sinnið á sama tíma og ég slaka á,“ segir Kristín Björg Þorsteinsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu. Hún á pantað flug á ensku ströndina þann tuttugasta Desember með manni sínum, Gunnlaugi Þór Pálssyni, dætrum þeirra tveimur Önnu Kristínu og Bryndísi Sæunni Sigríði sem og bróður Gunnlaugs.

Kristín Björg segir að hingað til hafi fjölskyldan komið saman heima hjá henni á aðfangadag. „Um síðustu jól vorum við með fimmtán manna matarboð á jóladag, bæði fyrir

vini og vandamenn. Það var rosalega gaman, en því miður getum við ekki tekið boðið með okkur,“ segir Kristín sem ætlar að halda í hefðirnar þótt hún verði á hóteli. „Við ætlum að taka með okkur hangikjöt og spurning hvort ég sjóði niður rauðkál eins og ég geri alltaf og taki með. Mér finnst það þó hæpið,“ segir Kristín Björg sem er svona að velta fyrir sér hvort kjötið fari betur í handfarangri en í ferðatöskunum.

Kristín valdi hótél sem næst ströndinni og segir ekkert því til fyrirstöðu að liggja á ströndinni á aðfangadag. „Ég er alveg búin að ákveða atburðarásina. Hlustað verður á jólamessuna um sex leytið og síðan teknir upp pakkarnir. Svo förum við út að borða á aðfangadag. Síðan er það hangikjötið á jóladag. Því miður ekki hreindýrasteik að þessu sinni,“ segir Kristín Björg og hlær, full tilhlökkunar.



TILHLÖKKUNIN LEYNIR SÉR EKKI Kristín Björg með dætrum Önnu Kristínu tólf ára og Bryndísi Sæunni Sigríði tíu ára. Kötturinn Soffia verður í þóssun yfir jólin.



MÆÐURNAR Í SÓLINNI Guðrún Bjarnadóttir með dætrum Diljá Töru og Aldísi Mjöll á Kanaríeyjum um síðustu jól.



SANDLISTAVERK Á STRÖNDinni


og byggja. Okkur langar því að halda jólin á nýja heimilinu.“

Karl Helgi útilokar þó ekki að fjölskyldan fari út að ári.



„Ekki á hverjum degi sem unglingar senda frá sér svo vel heppnaðar metsölubækur.“

Árni Matthíasson / MORGUNBLAÐIÐ



1. SÆTI

„Frábært verk.“

The New York Times

Stórkostlegt ævintýri

„Þetta er algjörlega frábær bók.“

Hugi.is

SKOÐAÐU LEIKINN Á JPV SÍÐUNNI

Meira en 2 milljónir eintaka seld í 37 löndum

ERAGON

www.jpv.is



Pólitískari en nokkru sinni fyrr

Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor tók þennan texta upphaflega saman í þrem hlutum handa vikuritinu Vísbendingu. Þegar upp var staðið, þótti fara betur á því, að efnið kæmi fyrir sjónir breiðari lesendahóps, svo að úr ráði varð að birta það heldur í tvennu lagi hér í *Fréttablaðinu*. Síðari hlutinn birtist á morgun.

Seðlabanki Íslands var stofnaður með lögum 1961. Hann heyrði frá upphafi eins og viðskiptabankarnir undir viðskiptaráðuneytið (nú iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið), sem var og er fagrúðuneyti með tiltölulega þröngt verksvið. Þetta var eðlileg og æskileg skipan og stuðlaði að sínu leyti að faglegri stefnumótun og fagmannlegum vinnubrögðum í bankanum. Formaður bankastjórnarinnar var lengst af reyndur og vel menntaður hagfræðingur og hafði aldrei komið nálægt stjórnmalastarfi. Ég er að tala um dr. Jóhannes Nordal, sem var aðalbankastjóri Seðlabankans 1961-1993. Ísland var að vísu gagnsýrt af stjórnmalum öll þessi ár eins og löngum fyrr og síðar langt umfram eðlilega heilbrigðisstaðla, og það lýsti sér m.a. annars í því, að gömlu helmingaskiptaflokkarnir áskildu sér rétt til að hafa menn úr eigin röðum í bankastjórninni við hlið Jóhannesar til eftirlits. Af því er mikil saga, sem Jóhannes þyrfti helst að segja sjálfur. Hann hélt sig alla tíð í hæfilegri fjarlægð frá hringiðu stjórnmalanna og naut fyrir vikið trausts og virðingar, enda þótt meðvirkni peningastefnunnar í hans tíð væri of mikil og þá um leið verðbólgan og seta hans samtímis í stjórn Landsvirkjunar sætti gagnrýni með þeim rökum, að sami maður ætti helst ekki að vera með annan fótinn á bremsunni í Seðlabankanum og hinn á bensín-gjöfni í gegnum erlendar lántökur Landsvirkjunar. Viðskiptaráðherra Alþýðuflokksins hafði skipað Jóhannes í bankastjórnina.

Upprifjun

Fyrir fáeinum árum var Seðlabankinn fluttur úr umsjá fagrúðuneytisins yfir til forsætisráðuneytisins, sem er á hverjum tíma höfuðaflið og taugamiðja stjórnmalalífsins. Þessi tilfærsla var lögfest í kjölfar mikilla átaka um bankann. Átökin kviknuðu m.a. af því fjaðrafoki, sem varð í kringum skipun Steingríms Hermannssonar fyrrverandi forsætisráðherra í bankastjórnina. Það var viðskiptaráðherra Alþýðuflokksins, sem skipaði Steingrím í bankastjórnina, gegn háværum mótmælum, og hann gerði það að því er virtist til að ganga ekki gegn óskráðum helmingaskipta-

reglum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Ráðherrann varði skipunina með því, að Steingrímur væri vinsælasti stjórnmalamaður landsins. Steingrímur varði skipun sína í stöðuna m.a. með þeim rökum, að nokkurra ára seta á Alþingi jafngilti doktorsprófi í hagfræði. Átökin um málið drógu dilk á eftir sér: þau urðu til þess ásamt öðru að kljúfa Alþýðuflokkinn sáluga og skáka honum út úr ríkisstjórn. Þáverandi formaður bankaráðs Seðlabankans sá ástæðu til að saka yfirboðara bankans um spillingu og sagði sig úr ráðinu við annan mann og gekk til liðs við andstæðinga Alþýðuflokksins í alþingiskosningunum 1995 og var kjörinn á þing. Bankinn var dreginn sundur og saman í háði: hundruð framhaldsskólanema sóttu um bankastjórastarf, sem var auglýst laust til umsóknar. Með þessu ráðslagi auk annars tefldi Alþýðuflokkurinn landsstjórninni upp í hendurnar á Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, sem hafa stjórnað landinu í sameiningu síðan 1995. Alþýðuflokkurinn lagði upp laupana og rann inn í Samfylkinguna.

Tilfærslan á Seðlabanka Íslands til forsætisráðuneytisins gekk þvert á það sjónarmið, sem nýju lögum var þó í orði kveðnu ætlað að virða, að Seðlabankinn ætti eftirleidis að njóta og neyta aukins sjálfstæðis gagnvart öðrum stjórnvöldum eins og hefur færzt í vöxt í öðrum löndum. Það hefur sýnt sig, að yfirbragð Seðlabankans hefur síðustu ár verið pólitískara en nokkru sinni fyrr, enda hafa stjórnmalamenn flutt sig úr baksætinu fram í formannssætið í bankastjórninni. Andrúmsloftið á vettvangi stjórnmalanna er að ýmsu leyti harðskeyttara og heitara en oft áður, svo sem marka má m.a. af yfirstandandi og aðsteðjandi deilum fyrir dómstólum með ýmslegu stjórnmalá- ívafi (Baugsmál, olúmál o.fl.). Og nú hefur fyrrverandi forsætisráðherra tekið sér sæti sem formaður bankastjórnarinnar, beint úr orrahríð stjórnmalanna- og hefur auk þess fengið sektardóm fyrir meiðryri, ekki fyrir einhverja slysi, heldur fyrir samantekin ráð um rög að því er virðist (sjá t.d. Jónsbók Einars Kárasonar), en



SEÐLABANKI ÍSLANDS Tilfærslan á Seðlabanka Íslands til forsætisráðuneytisins gekk þvert á það sjónarmið, sem nýju lögum var þó í orði kveðnu ætlað að virða, að Seðlabankinn ætti eftirleidis að njóta og neyta aukins sjálfstæðis gagnvart öðrum stjórnvöldum eins og hefur færzt í vöxt í öðrum löndum.

það mun vera einsdæmi um seðlabankastjóra í okkar heimshluta og þótt víðar væri leitað. Orð eru dýr í seðlabönkum, og þess vegna m.a. henta stjórnmalamenn, sem hafa verið dæmdir fyrir meiðryri, öðrum síður til setu í seðlabankastjórnnum. Sjálfsráðning hans til bankans er þó rökrétt framhald úr nýliðinni fortíð, enda hafa ekki færri en tveir fyrrverandi viðskiptaráðherrar „tekið bankann“ síðustu ár án þess að vekja umtalsverða andúð. Annar þeirra gaf þá skýringu á vistaskiptunum, að hann væri orðinn þreyttur á linnulausri gagnrýni á embættisverk hans í ráðuneytinu. Hann tók nokkru síðar að sér ásamt öðrum milligöngu við einkavæðingu Búnaðarbankans og gerðist einn ríkasti maður landsins án þess að vekja teljandi eftirtekt eða andúð, að því er séð verður.

Á undan nýja bankastjórnnum nú gegndi formennsku í bankastjórninni fyrrverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem flokkurinn þurfti á sínum tíma að koma fyrir í bankanum, þótt hann hefði aldrei látið efnahagsmál eða fjármál til sín taka. Hann hafði áður um alllangt skeið skrifað reglulega dálka í Morgunblaðið um stjórnmal án þess að sýna efnahagsmálum nokkurn sérstakan áhuga eða skilning, enda er maðurinn lögfræðingur að mennt. Þessi bankastjóri var um tólf ára skeið ritstjóri Fjármálatíðinda, sem var eina hagfræðitímarit landsmanna, og hann virtist ekki sjá neitt athugasvert við að ritstýra tímaritinu, þótt hann væri ekki læs á mikinn hluta þess, sem þar stóð. Það er þó þakkarvert, að hann skuli ekki einnig hafa tekið að sér að ritstýra Læknaþlaðinu.

Sjálfstæði

Seðlabankar þurfa að njóta sjálfstæðis gegn ásælni stjórnmalamanna, og í þá átt hafa menn einmitt verið að færa seðlabankalöggjöfina undangengin ár í öðrum löndum nær og fjær. Stjórnmalamenn fóru ekki vel á fyrri tíð með

það áhrifavald, sem þeir höfðu yfir seðlabönkum. Þeir neyttu lags til að skikka seðlabankana til að veita óréttmæta fyrirgreiðslu með því t.d. að prenta peninga eða lækka vexti fyrir kosningar til að kaupa sér atkvæði með annarra fé, og afleiðingin var verðbólga og olli efnahagslífinu miklum og langvinnum skaða. Þess vegna reið á því að reisa lagalegar skorður við slíkri misnotkun, og það var gert. Seðlabankar eru í aðra röndina eins og dómstólar og fjölmiðlar: þeir þurfa að vera hafnir yfir grunsemdir um pólitíska hlut-

„Pólitískir seðlabankar eru tímaskekkja eins og ríkisviðskiptabankar og flokksblöð, að ekki sé nú minnzt á hlutdræga dómstóla eða lögreglu.“

drægni, því að ella geta þeir ekki gert fullt gagn. Seðlabankar eiga ekki að vera í kallfæri frá stjórnmalamönnum, ekki frekar en viðskiptabankar eða dómstólar. Pólitískir seðlabankar eru tímaskekkja eins og ríkisviðskiptabankar og flokksblöð, að ekki sé nú minnzt á hlutdræga dómstóla eða lögreglu.

Þetta grundvallarsjónarmið hafa menn í reyndinni ekki virt hér heima þrátt fyrir seðlabankalögin frá 2001 eins og ítrekuð misnotkun stjórnmalastéttarinnar á bankastjórni Seðlabankans á eiginhagsmunaskyni vitnar um. Viðskiptabankar og sjóðir eru að vísu ekki lengur í ríkiseigu, en einkavæðingu þeirra nýlega var eigi að síður ábótavant í ýmsum greinum, og um það má hafa margt til marks. Eindregin afskipti stjórnmalamanna af einkavæðingarferlinu, útilokun erlendra keppinauta (nema til skrauts), auðgun vel tengdra einkavina og áframhaldandi seta hátt settra erindreka stjórnmalaflokkanna í bankaráðum tveggja stærstu bankanna eftir einkavæðingu segja í rauninni allt, sem segja

þarf um það mál. Ítrekaðar árásir stjórnmalamanna á Hæstarétt, t.d. vegna úrskurðar réttarins um fiskveiðistjórnina 1998 og aftur um öryrkjamál 2000, eru angi á þessum sama meidi og vitna um ónóga virðingu stjórnmalamannanna fyrir aðgreiningu valds í nútímalýðræðisríki; það bætir ekki úr skák, að Hæstiréttur sneri við blaðinu í báðum málunum eftir þungar ákúru stjórnmalamannanna.

Ihlutun

Vandinn tekur á sig ýmsar aðrar myndir. Eftir vaxtahækkun Seðlabankans í desember 2005 lýstu formenn beggja ríkisstjórnarflokka efasemdum um réttmæti hækkunarinnar og tálkuðu hana jafnframt sem stefnubreytingu bankans, væntanlega að höfðu samráði við nýja bankastjórnann, sem var nánasti samverkamaður þeirra í ríkisstjórn. Eða hættu þessir menn skyndilega að bera saman bækur sínar eftir bankastjórnarskiptum? Gagnrýni beggja oddvita ríkisstjórnarflokkanna á vaxtaákvörðun Seðlabankans jaðrar við ihlutun í landi, þar sem sjálfstæði bankans er enn jafnveikt og raun ber vitni um. Leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins lagði á hinn bóginn blessun sína yfir gjörninginn. Allir flokksformennirnir þrír virðast líta á það sem sjálfsgöðan hlut, að þeir úttali sig um vaxtaákvæðanir Seðlabankans. Þeir mættu gjarnan leiða hugann að því, hvers vegna t.d. forsætisráðherra Bretlands eða fjármálaráðherra skipta sér ekki af vaxtaákvörðunum Englandsbanka. Enginn flokksformannanna þriggja virðist sjá neitt athugasvert við það, að oddvitar stjórnmalaflokkanna haldi áfram að braska sín á milli með bankastjórastöðurnar í Seðlabankanum í blóra við anda og efni laganna frá 2001. Það var Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sem bauð Steingrími Hermannssyni bankastjórastöðuna á sínum tíma, væntanlega til að gera „hefð“ úr skipun Geirs Hallgrímssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, í embætti seðlabankastjóra. Formaður Samfylkingarinnar má

Vodafone live!

Hringitónar

Fréttir og Íþróttir

Leikir

Skemmtun

**KOMDU Í SPENNANDI HEIM
AFÞREYINGAR OG UPPLÝSINGA**

Vodafone live! SIM
26.900 kr.
NOKIA 6230i

Smelltu þér á www.ovodafone.is, Tóðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og **Heyrumst!**

Þó eiga það, að hún sagði nýlega lausu sæti sínu í bankaráði Seðlabankans, enda fer ekki vel á því, að flokksformenn sitji þar. Og hún má einnig eiga það, að hún er fyrsti flutningsmaður frumvarps, sem er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og gerir ráð fyrir því, að gerðar séu tilteknar kröfur til þekkingar seðlabankastjóra á efnahags- og peningamálum, að embætti seðlabankastjóra sé auglýst, að stofnuð verði sérstök peningastefnunefnd, hún fundi a.m.k. átta sinnum á ári á fyrir fram ákveðnum dögum og birti opinberlega fundargerðir sínar, þar sem rökstuðningur hennar fyrir vaxtaákvörðunum kemur fram. Þetta frumvarp rímar vel við seðlabankalöggjöfina eins og hún er nú í ýmsum nálægum löndum. Það verður fróðlegt að fylgjast með aðdrifum þess á Alþingi.


BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Gegndi formennsku í bankastjórn á undan Davíð Oddssyni. Birgir er fyrrverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem flokkurinn þurfti á sínum tíma að koma fyrir í bankanum, þótt hann hefði aldrei látið efnahagsmál eða fjármál til sín taka. Hann hafði áður um alllangt skeið skrifað reglulega dálka í Morgunblaðið um stjórnmmál án þess að sýna efnahagsmálum nokkurn sérstakan áhuga eða skilning, enda er maðurinn lögfræðingur að mennt.



STEINGRÍMUR HERMANSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Átökin um ráðningu hans í Seðlabankann urðu til þess ásamt öðru að kljúfa Alþýðuflokkinn sáluga og skáka honum út úr ríkisstjórn. Þáverandi formaður bankaráðs Seðlabankans sá ástæðu til að saka yfirboðara bankans um spillingu, sagði sig úr ráðinu við annan mann, gekk til liðs við andstæðinga Alþýðuflokksins í alþingiskosningunum 1995 og var kjörinn á þing. Bankinn var dreginn sundur og saman í háði: hundruð framhaldsskólanema sóttu um bankastjórastarf, sem var auglýst laust til umsóknar. Með þessu ráðslagi auk annars tefldi Alþýðuflokkurinn landsstjórninni upp í hendurnar á Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, sem hafa stjórnað landinu í sameiningu síðan 1995. Alþýðuflokkurinn lagði upp laupana og rann inn í Samfylkinguna.



FINNUR INGÓLFSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Gaf þá skýringu á vistaskiptunum úr viðskiptaráðuneytinu í Seðlabankann, að hann væri orðinn þreyttur á linnulausri gagnrýni á embættisverk hans í ráðuneytinu. Hann tók nokkru síðar að sér ásamt öðrum milligöngu við einkavæðingu Búnaðarbankans og gerðist einn ríkasti maður landsins án þess að vekja teljandi eftirtekt eða andúð, að því er séð verður.



DAVÍÐ ODDSSON NÝRÁÐINN SEÐLABANKASTJÓRI

Seðlabankastjóri, sem hefur alið allan sinn aldur í pólitík og kann ekki hagfræði, er eins og peysufatakona undir stýri í breiðþotu: hvaða farþegi með fullu viti myndi stíga um borð í slíka vél? Það þætti ekki heldur góð latína að leyfa afdönkuðum stjórnámamanni í hvítum sloppi að stjórna skurðaðgerð í trausti þess, að hjúkrunarfólkið viti, hvar miltað er og brísið. Þess vegna eru itrekaðar pólitískar ráðningar í bankastjórn Seðlabanka Íslands veikleikamerki á okkar unga lýðveldi.



Hagstjórn

Seðlabankar gegna mikilvægu hlutverki í hagstjórn, þar sem þeim er nú orðið uppálagt skv. lögum að sjá til þess með tiltækum ráðum, að verðlag haldist sæmilega stöðugt. Peningamálin, gengismálin og vaxtamálin í verkahring seðlabankans eru þó annars eðlis en ríkisfjármálin á könnu fjármálaráðherrans. Peningamálin eru í eðli sínu ópólitísk eða eiga a.m.k. að vera það, en ríkisfjármálin eru á hinn bóginn óaðskiljanleg frá öðrum viðfangsefnum stjórnámamanna, m.a. vegna þess hversu nátengd þau eru tekju- og eignaskiptingu milli ólíkra þjóðfélagshópa og þá um leið beinhardri pólitík. Einmitt þess vegna miðar nútímalöggjöf um bankamál að auknu sjálfstæði seðlabanka, sjálfstæði með ábyrgð. Engum dytti samt til hugar að reyna að gerilsneyða ríkisfjármálin með því að aftengja þau frá stjórnmal-

um, þótt afmarkaðir hlutar þeirra kynnu að henta til slíkrar aftengingar (þessu sjónarmiði er lýst í grein minni „Hagstjórn, fjármál og hagvöxtur“ í Fjármálatíðindum, fyrra hefti, 2005).

Störf seðlabankastjóra á okkar dögum krefjast í þessu ljósi mikillar og traustrar þekkingar á hagfræði og efnahagsmálum, þess konar þekkingar, sem menn hafa yfirleitt engin tök á að afla sér nema með ströngu námi og starfi á þeim vettvangi. Það er engin tilviljun, að vel menntaðir og reyndir hagfræðingar stýra flestum seðlabönkum heims. Bush Bandaríkjaforseti kallar að sönnu ekki allt ömmu sína í embættaveit-ingum, en hann er samt nýbúinn að tilnefna virtan hagfræðiprófessor frá Princeton í stöðu seðlabankastjóra fyrir vestan, mann, sem hefur aldrei látið stjórnmal til sín taka, og flaug í gegnum smásjá Bandaríkja-

þings. Seðlabankastjóri Bretlands er einnig óflokksbundinn hagfræðingur og fyrrverandi prófessor í London School of Economics, og þannig er hægt að færa sig land úr landi. Þannig á þetta að vera. Þetta er heilbrigt.

Það er í mínum huga jafnsjálfsagt, að reyndir kunnáttumenn stjórni seðlabönkum og að vel menntaðir og reyndir flugstjórar stýri farþegavélum. Í flugheiminum þætti sú málsvörn ekki mikils virði, að yfirflugfreyjan viti, hvar neyðarbylgjuna er að finna á talstöðinni í stjórnklefanum. Það þætti ekki heldur góð latína að leyfa afdönkuðum stjórnámamanni í hvítum sloppi að stjórna skurðaðgerð í trausti þess, að hjúkrunarfólkið viti, hvar miltað er og brísið. Þess vegna eru itrekaðar pólitískar ráðningar í bankastjórn Seðlabanka Íslands

veikleikamerki á okkar unga lýðveldi: vinir mínir í Afríku byrja að flíssa, þegar ég lýsi þessu fyrir þeim, því að þeir eru flestir búnir að venja sig af þessum ósið. Seðlabankastjóri, sem hefur alið allan sinn aldur í pólitík og kann ekki hagfræði, er eins og peysufatakona undir stýri í breiðþotu: hvaða farþegi með fullu viti myndi stíga um borð í slíka vél? Stjórn seðlabanka í nútímanum er í aðra röndina tæknilegt viðfangsefni með sama hætti og staða forsætisráðherra er augljóslega pólitísk í eðli sínu. Þarna á ekki að vera innangengt á milli, enda tíðkast það nánast hvergi annars staðar, þótt eitt og eitt dæmi megi nefna, t.d. frá Finnlandi, og þá rifja menn þau upp sem víti til varnaðar.

Höfundur er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands. Seinni hluti greinarinnar birtist á morgun.

þó eiga það, að hún sagði nýlega lausu sæti sínu í bankaráði Seðlabankans, enda fer ekki vel á því, að flokksformenn sitji þar. Og hún má einnig eiga það, að hún er fyrsti flutningsmaður frumvarps, sem er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og gerir ráð fyrir því, að gerðar séu tilteknar kröfur til þekkingar seðlabankastjóra á efnahags- og peningamálum, að embætti seðlabankastjóra sé auglýst, að stofnuð verði sérstök peningastefnunefnd, hún fundi a.m.k. átta sinnum á ári á fyrir fram ákveðnum dögum og birtu opinberlega fundargerðir sínar, þar sem rökstuðningur hennar fyrir vaxtaákvörðunum kemur fram. Þetta frumvarp rímar vel við seðlabankalöggjöfina eins og hún er nú í ýmsum nálægum löndum. Það verður fróðlegt að fylgjast með afdrifum þess á Alþingi.


BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Gegndi formennsku í bankastjórn á undan Davíð Oddssyni. Birgir er fyrrverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem flokkurinn þurfti á sínum tíma að koma fyrir í bankanum, þótt hann hefði aldrei látið efnahagsmál eða fjármál til sín taka. Hann hafði áður um alllangt skeið skrifað reglulega dálka í Morgunblaðið um stjórnmál án þess að sýna efnahagsmálum nokkurn sérstakan áhuga eða skilning, enda er maðurinn lögfræðingur að mennt.



STEINGRÍMUR HERMANSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Átökin um ráðningu hans í Seðlabankann urðu til þess ásamt öðru að kljúfa Alþýðuflokkinn sáluga og skáka honum út úr ríkisstjórn. Þáverandi formaður bankaráðs Seðlabankans sá ástæðu til að saka yfirboðara bankans um spillingu, sagði sig úr ráðinu við annan mann, gekk til liðs við andstæðinga Alþýðuflokksins í alþingiskosningunum 1995 og var kjörinn á þing. Bankinn var dreginn sundur og saman í háði: hundruð framhaldsskólanema sóttu um bankastjórastarf, sem var auglýst laust til umsóknar. Með þessu ráðslagi auk annars tefldi Alþýðuflokkurinn landsstjórninni upp í hendurnar á Sjálfstæðisflokknnum og Framsóknarflokknnum, sem hafa stjórnað landinu í sameiningu síðan 1995. Alþýðuflokkurinn lagði upp laupana og rann inn í Samfylkinguna.



FINNUR INGÓLFSSON FYRRVERANDI SEÐLABANKASTJÓRI

Gaf þá skýringu á vistaskiptunum úr viðskiptaráðuneytinu í Seðlabankann, að hann væri orðinn þreyttur á linnulausri gagnrýni á embættisverk hans í ráðuneytinu. Hann tók nokkru síðar að sér ásamt öðrum milligöngu við einkavæðingu Búnaðarbankans og gerðist einn ríkasti maður landsins án þess að vekja teljandi eftirtekt eða andúð, að því er séð verður.



DAVÍÐ ODDSSON NÝRÁÐINN SEÐLABANKASTJÓRI

Seðlabankastjóri, sem hefur alið allan sinn aldur í pólitík og kann ekki hagfræði, er eins og peysufatakona undir stýri í breiðþotu: hvaða farþegi með fullu viti myndi stíga um borð í slíka vél? Það þætti ekki heldur góð latína að leyfa afdönkuðum stjórnmálamanni í hvítum sloppi að stjórna skurðaðgerð í trausti þess, að hjúkrunarfólkið viti, hvar milt að er og brísið. Þess vegna eru itrekaðar pólitískar ráðningar í bankastjórn Seðlabanka Íslands veikleikamerki á okkar unga lýðveldi.



Hagstjórn

Seðlabankar gegna mikilvægu hlutverki í hagstjórn, þar sem þeim er nú orðið uppálagt skv. lögum að sjá til þess með tiltækum ráðum, að verðlag haldist sæmilega stöðugt. Peningamálin, gengismálin og vaxtamálin í verkahring seðlabankans eru þó annars eðlis en ríkisfjármálin á könnu fjármálaráðherra. Peningamálin eru í eðli sínu ópólitísk eða eiga a.m.k. að vera það, en ríkisfjármálin eru á hinn bóginn óaðskiljanleg frá öðrum viðfangsefnum stjórnmálanna, m.a. vegna þess hversu nátengd þau eru tekju- og eignaskiptingu milli ólíkra þjóðfélagsþopa og þá um leið beinhardri pólitík. Einmitt þess vegna miðar nútímalöggjöf um bankamál að auknu sjálfstæði seðlabanka, sjálfstæði með ábyrgð. Engum dytti samt til hugar að reyna að gerilsneyða ríkisfjármálin með því að aftengja þau frá stjórnmál-

um, þótt afmarkaðir hlutar þeirra kynnu að henta til slíkrar aftengingar (þessu sjónarmiði er lýst í grein minni „Hagstjórn, fjármál og hagvöxtur“ í Fjármálatíðindum, fyrra hefti, 2005).

Störf seðlabankastjóra á okkar dögum krefjast í þessu ljósi mikillar og traustrar þekkingar á hagfræði og efnahagsmálum, þess konar þekkingar, sem menn hafa yfirleitt engin tök á að afla sér nema með ströngu námi og starfi á þeim vettvangi. Það er engin tilviljun, að vel menntaðir og reyndir hagfræðingar stýra flestum seðlabönkum heims. Bush Bandaríkjaforseti kallar að sönnu ekki allt ömmu sína í embættaveitningum, en hann er samt nýbúinn að tilnefna virtan hagfræðiprófessor frá Princeton í stöðu seðlabankastjóra fyrir vestan, mann, sem hefur aldrei látið stjórnmál til sín taka, og flaug í gegnum smásjá Bandaríkja-

þings. Seðlabankastjóri Bretlands er einnig óflokksbundinn hagfræðingur og fyrrverandi prófessor í London School of Economics, og þannig er hægt að færa sig land úr landi. Þannig á þetta að vera. Þetta er heilbriggt.

Það er í mínum huga jafnsjálfsagt, að reyndir kunnáttumenn stjórn seðlabönkum og að vel menntaðir og reyndir flugstjórar stýri farþegavélum. Í flugheiminum þætti sú málsvörn ekki mikils virði, að yfirflugfreyjan viti, hvar neyðarbylgjuna er að finna á talstöðinni í stjórnklefanum. Það þætti ekki heldur góð latína að leyfa afdönkuðum stjórnmálamanni í hvítum sloppi að stjórna skurðaðgerð í trausti þess, að hjúkrunarfólkið viti, hvar milt að er og brísið. Þess vegna eru itrekaðar pólitískar ráðningar í bankastjórn Seðlabanka Íslands

veikleikamerki á okkar unga lýðveldi: vinir mínir í Afríku byrja að flíssa, þegar ég lýsi þessu fyrir þeim, því að þeir eru flestir búnir að venja sig af þessum ósið. Seðlabankastjóri, sem hefur alið allan sinn aldur í pólitík og kann ekki hagfræði, er eins og peysufatakona undir stýri í breiðþotu: hvaða farþegi með fullu viti myndi stíga um borð í slíka vél? Stjórn seðlabanka í nútímanum er í aðra röndina tæknilegt viðfangsefni með sama hætti og staða forsætisráðherra er augljóslega pólitísk í eðli sínu. Þarna á ekki að vera innangengt á milli, enda tíðkast það nánast hvergi annars staðar, þótt eitt og eitt dæmi megi nefna, t.d. frá Finnlandi, og þá rifja menn þau upp sem víti til varnaðar.

Höfundur er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands. Seinni hluti greinarinnar birtist á morgun.

DELTALIGHT

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 10:00 - 20:00 // Opið sun.: 12:00 - 18:00

ZELO

KÆRI JÓN Jón Gnarr ræður lesendum Fréttablaðsins heilt á aðventunni >

Hæ.

Ég er 17 ára strákur og bý á Akureyri. Ég er að pæla í að gefa mömmu og pabba jólagjöf í fyrsta skipti. (Áður hef ég bara gefið þeim eitthvað drasl sem ég bjó til í skólanum). En núna ætla ég að gera eitthvað alvöru. Ég var að pæla, hvað finnst þér að ég eigi að gefa þeim dýra gjöf? Ég á 14.700 kall. Veistu um eitthvað ódýrt sem lítur út fyrir að vera dýrt?

Helgi

Sæll, Helgi

Þetta er góð spurning. Ég mundi veðja á 3-5.000. En til að auka verðgildi gjafarinnar er tilvalið að hafa

hana persónulega. Alls ekki gefa þeim eldhúsahöld eða slíkt. Eiga þau eitthvað sameiginlegt áhugamál? Hlyir inniskór eru líka tilvalin gjöf. Mjög vinaleg. Svo er hægt að gefa þeim eitthvað fyndið eins og til dæmis bók fyrir eldri borgara sem heitir Árin eftir sextugt. Ég fer oft í Kirkjuhúsið til að kaupa gjafavörur. Þar er fullt af svona sætu dóti. Þú getur farið og látið taka fallega mynd af þér og gefa þeim. Það er svo margt sem þú getur gert. Gangi þér vel. Og ekki gleyma að skrifa fallegt kort. Það er mörgþúsund króna virði.

Bið að heilsa norður!

Blessaður, Jón

Takk fyrir góðar greinar og flott viðtöl. Við hjónin erum í Filadelfíu-söfnuðinum. Við erum með vandamál sem okkur langar að bera undir þig. Við eigum dóttur sem er sex ára. Jónin eru fyrir okkur tíminn þar sem við minnumst fæðingar Jesú kristis. Okkur finnst báðum jólasveinninn vera ein stór lygi til þess gerð að

Sendið Jóni spurningar. Netfangið er: jongnarr@frettabladid.is

leiða athyglina frá kærleiksboðskap Jesú. Stelpan hefur til dæmis mikið meiri áhuga á jólasveininum heldur en Jesú. Mig langar að segja henni að jólasveinninn sé ekki til en kona mín er ósammála mér. Hún vill ekki særa hana. Ég skil það en finnst jólasveinninn vera svo mikil hræsni og ég á mjög erfitt með að ræða við stelpuna um hann. Nú hefur þú oft tjáð þig um svona mál. Hvað finnst þér? Og takk fyrir skrifin þín. Guð gefi þér gleðileg jól.

Jói

Blessaður, Jói.

Já, þú segir nokkuð. Ég myndi ekki hafa neinar áhyggjur af þessu. Mér finnst að þú ættir ekki að eyðileggja þetta fyrir henni. Getur þú ekki ýjað að því við hana að jólasveinninn vinni fyrir Jesús? Sex ára barn getur kannski ekki alveg skilið hver Jesús er. En ef þú kynnis hann fyrir henni, biður með henni og segir henni sögur af honum þá á hún örugglega eftir að geta byggt upp samband við hann. Passaðu þig á að þröngva ekki trú þinni upp á hana. Ekki gera þetta leiðilegt. Ef Jesús er það góða sem býr innra með okkur þá kynnis þú hann betur með því að vera þolinmóður og góður við konuna þína og dóttur heldur en að hrópa nafn hans í sífellu. Það er mikið af Jesú í dóttur þinni, hvort sem hún veit það eða ekki, og með því að hugsa vel um hana ertu að hugsa vel um hann. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól.

Einu sinni varst þú með útvarpsþátt á einhverri stöð og varst oft að spila „hellaðan“ rússneskan dúdda eða einhvern sem var alltaf að rappa

eitthvað kjaftæði og var frekar sorry gaur manstu hvað hann heitir? Ég er búin að vera með ann í heilanum! Plís help me!

Helly

Sæl, Helly.

Þessi rússneski og hellaði gaur heitir Il Mitch. Þú finnur allt um hann á <http://www.illmitch.com>

Njóttu vel og gleðileg jól!

Sæll, Jón

Ég ætla að hætta að reykja um áramótin. Ég er búin að reykja í 30 ár. Ég er oft búin að reyna að hætta en það hefur aldrei tekist nema í nokkra daga. Ég er búin að prófa allt; níkótintyggi, plástra, námskeið og bara allt. Mér datt í hug að þú gætir hjálpað mér. Ég er opin fyrir öllu.

Elín

Sæl, Elín

Flott hjá þér. Ég hætti að reykja fyrir nokkrum árum. Ég var líka búinn að reyna allt mögulegt en ekkert gekk. Ég hætti og fór að nota níkótintyggi, 4 mg. Það dugði í 3 mánuði, þá fór ég að reykja aftur en hætti samt ekki að nota tyggjóð. Og ég reykti alltaf eins og ég ætlaði að gleypa sigarettuna, svo mikil var nautnin. Það sem fékk mig til að hætta var heilsufarshræðsluáráð. Ef þú reykir þá ertu að minnka líflíkur þínar umtalsvert og lífsgæði. Mig langar að vera eins hraustur og mögulegt er þegar ég verð gamall. Ég hef tekið eftir því að gamalt fólk sem reykir ekki er yfirleitt heilsu- hraustara en gamalt fólk sem reykir. Þú ert búin að reykja svo lengi að það eru að verða miklar líkur á því að þú fái einhverja ógeðslega sjúkdóma og sért búin að eyðileggja í

þér hjartað og æðarnar. Reykingamenn þjást af mæði og eiga erfitt með hreyfingu og fitna því líka auðveldlega. Hvort viltu heldur fara niður í bæ með barnabörnnum eða fá þau í heimsókn þar sem þú liggur máttfarin upp á spítala? Þitt er valið. Og fyrir utan það er orðið svo yfirgengilega hallærislegt og lúðalegt að reykja. Það er ekki einu sinni notalegt lengur. Það má hvergi reykja inni orðið þannig að fólk er norpanði úti eins og rónar. Fyrir utan allt þetta ertu að styrkja tóbaksframleiðendur. Þú getur gerst styrktarforeldri barns í þriðja heiminum frá áramótum og styrkt það með sömu upphæð og það kostar þig að reykja. Líðu heil.

Sæll Jón

Ég á í rosalegum erfiðleikum með að komast í jólasvein og hef þínulitlar áhyggjur af þessu. Getur þú ekki bent mér á einhverja góða jólamynd og góðan jóladisk sem kemur þér alltaf í hátíðarskap?

Kær kveðja Steingrímur

Sæll, Steini.

Jólamyndin er It's a Wonderful Life. Hún er yndisleg. Svo er National Lampoon's Christmas Vacation líka frábær. Ég á tvo góða disk sem ég pakka alltaf niður með jóladótinum. Það er jólasiskurinn Gleðilega jólahátíð með Gylfa Ægis og Gerði og Jólín hennar ömmu. Þegar „Jólasveinn á leið í land“ byrjar að óma þá eru jólín framundan hjá mér. Vonandi finnur þú jólasvein þitt. Gleðileg jól!

Jón



Jólaporpið í Hafnarfirði

Laugardagur 17. des. kl. 14:00
Hljóðferuleikarar úr Lúðrasveit
Tónlistarskólans í Hafnarfirði
Jólasveinninn
Bjassi Bolla
Gryla

Sunnudagur 18. des. kl. 14:00
Jólasveinninn
Kór Flensborgarskóla
Ávaxtakarfan – Immi Ananas og Rauða Eplið
Gryla og Gluggagæir ganga kringum jólatréð

Opið laugardag og sunnudag kl. 12-18

sph
Abstraktarabill

Forsala í bíópartí

Netforsala í bíópartí leikstjórans Quentin Tarantino í stóra sal Háskólabíós þann 30. september hefst á mánudag.

Forsalan fer fram á icelandfilmfestival.is og á midi.is. Miðaverð er 3.400 krónur auk 150 króna miðagjalds. Sýndar verða þrjár kvikmyndir sem Tarantino velur úr einkasafni sínu og mun hann sjálfur vera á staðnum allan tímann, kynna myndirnar og spjalla um þær við gesti. Fyrsta myndin byrjar klukkan 21.00 og er búist við að dagskráin standi yfir til klukkan þrjú um nóttina. Tilkynnt verður í síðasta lagi 27. desember hvaða myndir verða sýndar en þetta verða allt myndir sem hafa mótað Tarantino sem kvikmyndagerðarmann.

Þennan sama dag hefst almenn miðasala í partíð. Fer hún fram í verslunum Skifunnar í Reykjavík, BT á Akureyri og Selfossi og á icelandfilmfestival.is og midi.is. ■



TARANTINO Leikstjórinn heimsfrægi kemur aftur hingað til lands á milli jóla og nýárs.

Vodafone live!



Ringitónar



Fréttir og Íþróttir




Leikir



Skemmtun

KOMDU Í SPENNANDI HEIM AFFREYINGAR OG UPPLÝSINGA



Vodafone live! SIM
16.900 kr.
MOTOROLA V360v



Smelltu þér á www.ovodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og
vodafone
Heyrumst!



Sólarupprás Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 11.18 13.24 15.29	
Akureyri 11.34 13.09 14.43	

Heimild: Almanak Háskólans

allt

bílar o.fl.

REYNSLUAKSTUR
Toyota Aygo
bls. 2

PRÓFLESTUR

Jólaundirbúningur háskólanema
bls. 6

tíska o.fl.

KÖFLÓTT
Í tísku næsta sumar
bls. 12

ferðir o.fl.

SYSTUR
Í ævintýraferð
bls. 14

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagurinn 17. desember, 351. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

En ef ég finn engan vask handa Vaskasleiki? Fæ ég þá ekkert í skóinn?



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.



Runólfur Runólfsson, bílstjóri hjá Póstinum, er afar ánægður með vinnubílinn sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lipur kassabíll þrátt fyrir stærðina

Runólfur Runólfsson hefur starfað sem bílstjóri hjá Póstinum í rúm nú ári. Á síðasta ári fékk Runólfur nýjan Renault kassabíll til afnota hjá fyrirtækinu.

Fyrstu ár sín hjá Póstinum keyrði Runólfur um á litlum bíl en er nú kominn á stóran kassabíll með lyftu og öllu tilheyrandi. Runólfur hefur haft þennan bíl frá því í nóvember árið 2004, þegar hann fékk hann nýjan. Kassabíllinn sem um ræðir er Renault kassabíll, árgerð 2004 og er hann um 180 hestöfl. Burðargeta bílsins er fjögur tonn en tómur vigtar hann fimm tonn.

Bíllinn notar Runólfur við ýmisleg störf. „Hann er notaður í að safna frá stærri fyrirtækjum og svo sé ég um að sinna tveimur stærstu pósthúsum í Reykjavík: í Skipholt og við Grensásveg. Þetta er allt frá póstkortum upp í stóra ameríska ísskápa og allt þar á milli.“

Runólfi finnst margt til bílsins koma

en nefnir helst hvað bíllinn sé lipur. „Það kemur manni á óvart hvað bíllinn er lipur og hvað það er gott að ganga um hann. Ég hef prófað Volvo og fleiri tegundir og mér líkar mjög vel við þennan bíl,“ segir Runólfur en bætir við að það sé samt alltaf eitthvað meira sem hann langi í. „Vill maður ekki alltaf hafa meiri þægindi. Hann hefur reyndar allt sem þarf þessi bíll. Það væri kannski ágætt að fá sjónvarp og DVD, til að slappa af,“ segir Runólfur og hlær.

Þetta er annar Renault-bíllinn sem Runólfur hefur verið með og segir þá hina ágætustu bíla. Sjálfur á hann ekki neinn einkabíll enda býr hann nálægt miðbænum og segist því varla þurfa einn slíkan. „Ég hugsa samt að ef ég mundi kaupa einn slíkan þá mundi ég fá mér Volkswagen Golf. Það hafa verið nokkrir Volkswagen-bílar í fjölskyldunni og ég kann vel við þá,“ segir Runólfur glaðbeittur að lokum.

steinthor@frettbladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR, FERÐIR, JÓL OG TÍSKA]

Lincoln Navigator er nú hægt að sjá í sýningarsal Brimborgar. Navigator bílarnir þykja miklir lúxusjeppar en hingað til hefur framboð á bílnum verið minna en eftirspurn. Brimborg fær takmarkað magn af bílnum í mánuði hverjum.

Vetrarsólstöðuferð Ferðafélags Íslands á Esjuna verður farin á sunnudaginn, 18. desember. Mælst er til þess að þátttakendur taki með sér sýnishorn af jólabakkelsinu og bjóði öðrum að smakka. Lagt af stað af stað frá Mörkinni 6, klukkan 10.00, og gengið á Kerhólakamb.

Hvít og rautt eru augljóslega litirnir sem klæðast á núna þegar rétt rúm vika er til jóla. Ekkert passar betur við jólin göðu en hvít og rautt. Það þarf svo sem ekkert að fara í heilan jólasveinabúning. Hvít húfa og rauðir vettlingar eru alveg nóg.

Versti tíminn til þess að kaupa fót handa sjálfum sér er akkúrat núna. Allir eru að deyja úr stressi og eiga erfitt með að taka ákvarðanir. Núna er líka tíminn til þess að eyða peningum í að gleðja aðra. Fljótlega eftir jól hefjast útsölur og þá er tíminn til að gera góð fatakaup.



Italsofa

Vandaður hvíldarstóll, leður með skemli, ruggu og snúning
Verð nú kr. 59.000.-
Verð áður kr. 75.000.-



Italsofa

Vandaður hvíldarstóll, leður með skemli, ruggu og snúning
Verð nú kr. 59.000.-
Verð áður kr. 79.000.-



Italsofa

Vandaður hvíldarstóll með skemli, ruggu og snúning
Verð nú kr. 49.000.-
Verð áður kr. 65.000.-
Með leðri kr. 65.000.- Verð áður kr. 89.000.-

Hvíldarstólar tilboðsverð

Opið virka daga frá 10-18
Laugard. 17. des frá 10-22
Sunnud 18. des frá 13-17
www.valhusgogn.is

Val húsöggn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

allt bílar o.fl.

HVÆLLUR.com
— einnig græðum —
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Búðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!

RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA

G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogur
Sími: 567 7360 • www.bfo.is

SUBARU Þjónusta
HONDA Þjónusta
NISSAN Þjónusta

PRAMAC GROUP

Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum

Sturlaugur Jónsson & Co. ehf.
Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
www.sturlaugur.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep **CHRYSLER** **DODGE**

BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smíðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Bensinstöðvar bjóða flestar upp á ódýrara bensín ef fólk dælir sjálft. Það er ekki erfitt að setja bensín á bíl og sparnaðurinn er tölverður því það safnast þegar saman kemur.



Toyota Aygo er bíll sem sker sig úr fjöldanum, ekki bara vegna þess hvað hann er lítill heldur einnig vegna þess að hann er nútímalegur og um leið fallegur.



Skottið rúmar nokkra innkaupapoka eða smávægis farangur og aðgengi í það er ágætt.

Raunverulegur smábíll

Aygo er nýr bíll frá Toyota, minni en sá minnsti hingað til, Yaris. Aygo er sannarlega lítill, nærri því svo nettur að hægt sé að leggja honum þversum í staði eins og frændur okkar gera í stórborgum suður í Evrópu.

Toyota Aygo er svo sannarlega smábíll sem stendur undir nafni. Þetta er fjögurra manna bíll og nettur á alla enda og kanta, hann er meira að segja lítill við hlið venjulegra smábíla.

Ókumaður finnur líka fyrir því að hann situr undir stýri í smábíl. Billinn hreinlega smýgur allt, bæði vegna smæðar sinnar og vegna þess hversu lipur hann er í stýrinu og ekki síst með afar skemmtilega góðan beygjuradís. En Toyota Aygo er líka býsna snarpur og tekur vel við sér, sé svólítið stigið á bensínjölfina. Hann er því borgarbíll eins og þeir gerast þægilegastir. Sparneytinn er hann líka, uppgæfin eyðsla ekki nema 4,6 lítrar á hundraðið.

Að innan er bíllinn afar lag-

legur. Innréttingin hefur vandað yfirbragð og hönnunin er nútímaleg. Allt er ákaflega vel í seilingarfaræri bílstjórans eins og nærri má geta í svona nettum bíl. Sætin eru þægileg, líka aftursætin, og mesta furða hvað fótaráymið er mikið þar, jafnvel þótt rúmt sé um fætur í framsæti og áklæðið er vandað eins og innréttingin. Glasahaldaldarar eru á sínum stað og ágæt hilla farþegamegin. Skottið er að sjálfsgöðu ekki stórt en rúmar þó algerlega nokkra innkaupapoka eða annað það sem fólk kann að vera að skjótast með milli húsa. Einangrun bílsins er kannski það sem helst mætti finna að, það heyrst talsvert í þessari litlu vél inn í bílinn þegar henni er gefið vel inn.

Toyota Aygo 1.0 VVT-i 68 hestöfl	
3 dýra	1.230.000
5 dýra	1.299.000

Markhópur Toyota Aygo virðist fyrst og fremst vera ungt fólk. Bíllinn hentar þó vel öllum þeim sem fyrst og fremst ferðast um innanbæjar og kjósa neyslugrannan og lipran bíl. Þar er hann valkostur sem sker sig úr fjöldanum vegna þess hversu lítill hann er en um leið snarpur og verulega skemmtilegur farkostur. Aygo er sem sagt áhugaverð viðbót fyrir þá sem ánetjast hafa smábílum en þeim virðist fara fjölgandi á sama tíma og stórum bílum fjölga einnig.

steinunn@frettabladid.is

- Hönnunin á miðjustokknum er afar vel heppnuð og baklýsingin á miðstöðinni gefur sterkan svip.
- Baksvipurinn er sterkur með svartri umgjörð afturrúðunnar.
- Útsýni bílstjóra er gott.
- Afturhurðirnar eru ekki stórar en það er mesta furða hvað plássíð er þó gott í aftursætinum.



Sumarlegur bíll í meira lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Eina bjallan með blæju

SG bílasala í Reykjanesbæ á glæsilega Volkswagen-bjöllu með blæju.

„Við félagarnir vorum bara á rúntinum í bænum og sáum þennan bíl í innkeyrslu. Bönkuðum upp á hjá manninum og föluðum gripinn,“ segir Grétar Ólason, bílasali hjá SG bílasölu í Reykjanesbæ. „Það var tannlæknir sem átti bílinn og hafði tekið hann

með sér heim frá Svíþjóð. Hann var tilbúinn að selja okkur hann. Billinn var í þökkalegu ástandi, krómið var farið að ryða svólítið á honum og eitt bretti var ónýtt. Við skiptum um krómið kringum ljósið, stefnuljós, stuðara og spegla. Tókum vélna upp og settum nýtt þúst. Þetta er Volkswagen 1303 og ég veit ekki betur en þetta sé eini blæjubíllinn sinnar gerðar á landinu.“ ■

vetrarsport }



M7 er margverðlaunaður sleði. Nýjasta fjöðrin í hattinn bættist við á Vetrarsport 2005.

M7 verklegasti sleðinn

AÐ MATI GESTA VETRARSPTS 2005

Arctic Cat M7 var valinn verklegasti sleðinn á Vetrarsportsýningunni, sem haldin var nýlega á Akureyri. Að sögn Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, kynningarstjóra B&L, er framboðið af góðum vélsleðum mikið og því ánægjulegt að M7 hreppi titilinn. „Hann þykir jafnframt einn athyglisverðasti brekku- eða klífursleðinn í dag og hefur sem slíkur hlotið þó nokkrar viðurkenningar.“ Vetrarsportsýningin er haldin árlega og er óhætt að segja að hún sé hápunkturinn í kynningu á þeirri vöru og þjónustu sem er í boði á þessum vaxandi markaði. Undanfarið ár hafa gestir sýningarinnar meðal annars valið auk verklegasta sleðann, flottasta sýningarbásinn, sem reyndist að þessu sinni vera á vegum Toyota á Akureyri.



Mazda6 MPS afhentur

Líklega sá fyrsti á Norðurlöndunum.

Fyrsti Mazda6 MPS bíllinn var afhentur hjá Brimborg í vikunni. Þetta er fyrsti bíll sinnar tegundar á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá Mazda er nýi eigandinn líklega sá fyrsti á Norðurlöndum.

Bíllinn er vel búinn, fjórhjól-

drifinn með 2,3 lítra 260 hest-
afla vél, sex gíra beinskíptingu,
túrbinu og millikæli. Af öðrum
búnaði má nefna Bose-hljómflut-
ingstæki með sex diska hleðslu í
mælaborði, útvarpi, sjö hátölur-
um og fimm rása magnara.

Rannsóknir og þróun í lykilhlutverki

Hyundai fjölgar starfsmönnum í Evrópu á næsta ári.

Hlutur Hyundai á Evrópumarkaði hefur nánast tvöfaldast á undanförunum þremur árum. Á sama tíma hafa helstu bílamerkaðir Evrópu staðið í stað eða jafnvel dregist saman. Þessi árangur Hyundai hefur meðal annars verið rakinn til hraðrar uppbyggingar nýju evrópsku rannsóknar- og þróunarmiðstöðvarinnar í Russelsheim í Þýskalandi.

Helsta hlutverk miðstöðvarinnar hefur fram til þessa verið að laga alþjóðlegar frumgerðir að kröfum evrópska markaðarins, til að mynda hvað útblásturs- og



mengunarstaðla varðar, öryggismál, hávaðamörk og hraðatakmarkanir. Hyundai hefur lagt mikla áherslu á uppbyggingu evrópsku rannsóknar- og þróunarmiðstöðvarinnar sinnar og þegar á næsta ári verður starfsmönnum fjölgað úr 170 í 230. Auk evrópsku miðstöðvarinnar rekur Hyundai tvær aðrar í Bandaríkjunum og Suður-Kóreu.

NOTAÐAR VÉLAR



O&K L45,5

árg. '01

notkun 6.000 vst.



Hyundai W95

árg. '03

notkun 2.372 vst.



O&K RH 12,5

árg. '03

notkun 3.900 vst.



Komatsu PC 210

árg. '03

notkun 3.300 vst.



Hyundai 290LC

árg. '02

notkun 3.900 vst.



O&K MH Plus

árg. '90

notkun ca. 11.000 vst.



Lágmúla 9, 108 Reykjavík
S: 899 5549 / 892 3996.



Leiðin liggur í Bílanaust þar sem hörðu pakkarnir fást




873 Visor CKIT

VISOR handfrjáls búnaður

9.900,-

Bluetooth handfrjáls búnaður



356 7645150510

BLAUPUNKT Essen MP35

14.900,-

Bíltæki með útvarpi og geisla-
spilara og spilar MP3



889 H02A200

BÍLANAUST verkfærasett

16.880,-

200 stk. 1/4" og 1/2" toppasett
+ mikið af aukahlutum



097 0K400

ERO öryggisljós

2.990,-

Fjölnota vasaljós með líffamri
og hnif sem sker öryggisbelt.



889 H02S4248C

BÍLANAUST topplyklasett

9.980,-

1/2 og 1/4" topplyklasett 48 stk.
„spline“ toppar frá 4-32 mm




063 077900273

ROLLUP rafmagnspíanó

5.990,-

Skemmtilegt pianó sem hægt er
að rúlla saman



951 DEMON

DEMON kassabíll

6.785,-

Kassabíll fyrir kraftmikla ökumenn



889 H02MT4294

BÍLANAUST rauða taskan

24.900,-

94 stk 1/4" og 1/2" toppasett og verkfæri

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl



 Viðurkennt
CABAS-verkstæði

S·P·R·A·U·T·U·N
 BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
 Netfang: nysprautun@nysprautun.is

www.nysprautun.is

SIAL HITABLÁSARAR
 Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
 Sími 544 5470 · www.murbudin.is

Jólapakkar
 Full búð af aukahlutum á bilinn þinn

Neonljós, sportstýri, græjur, bílhátalarar, bassabox o. fl.


 Opið virka daga 8-18
 Laugardaga 12-16

Rafmagnshlaupabretti 15km hámarkshraði **12.995,-**

12" bassabox með bláu ljósi **9.995,-**

Módel 2 stærðir með ljósi **Verð frá 2.995,-**

AG Mótorsport - Kletthálsi 9
 110 Reykjavík - s. 587 5547
 Verslun á netinu: www.agmotorsport.is

Bónstöðin - Njarðarnesi 1
 603 Akureyri - 466 3900



Elvar við einn af bílum Hjálparseitar skáta í Garðabæ. Þjálfunarferli sem hann samdi fyrir sveitina er fyrirmyndin að námsefni fyrir alla bílstjóra björgunarsveita.

FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFÁN

Námsefni fyrir bílstjóra björgunarsveita

Höfundurinn samdi þjálfunarferli og lækkaði rekstrarkostnað bílaflokks í sinni sveit.

„Þegar ég tók við formennsku í bílaflokknum fyrir þremur árum höfðum við ekkert þjálfunarferli fyrir bílstjórana eins og við höfum fyrir aðra flokka í sveitinni. Ég hafði samband við Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og leitaði eftir efni hjá þeim en kom að tónum kofanum,“ segir Elvar Jónsson, formaður bílaflokks Hjálparseitar skáta í Garðabæ.

„Ég bjó því til þjálfunarferli fyrir sveitina. Við fengum einhverja reyndustu jeppamenn landsins til að halda fyrirlestra fyrir okkur. Svo settum við upp

minni æfingar og jeppaverkefni, eins og slóðaakstur og spilverkefni þar sem við festum bíl og látum svo spila hann upp. Lokapunkturinn var svo þegar kennari frá slökkviliðinu hélt fyrir okkur námskeið í neyðarakstri, sem er forgangsakstur með sírunum og ljósum.“

Elvar skipti bílstjórum sveitarinnar í þrjá flokka eftir reynslu og þjálfun. Aðeins þeir reyndustu og best þjálfuðu fara í útköll en hinir keyra í ferðir og á æfingum, þeir óvönustu undir leiðsögn reyndari bílstjóra. Af þrettán meðlimum bílaflokksins eru sjö útkallsbílstjórar. Markmið hinna er að vinna sig upp í þá stöðu.

„Í kjölfarið af þessari þjálfun lækkaði rekstrarkostnaðurinn

heilmikið. Stærsti sparnaðurinn var í varahlutum og viðgerðum,“ segir Elvar. „Það gerðist með hugarfarsbreytingu og að fólk lærði að þekkja betur þau tæki sem það var með í höndunum. Þetta gæti líka átt við almenna jeppaeigendur sem búa við háan viðhaldskostnað,“ segir Elvar.

Þjálfunin í sveitinni hefur gengið svo vel að nú er Elvar að undirbúa námsefni fyrir Björgunarskólann. Hann stefnir á að prufukeyra efnið næsta haust og að í kjölfarið verði svipað kerfi tekið upp í sem flestum björgunarsveitum á Íslandi. „Þetta er námsefnið sem ég var að leita að í upphafi og var ekki til. Það er nú komið í mínar hendur að búa það til,“ segir Elvar að lokum. ■

Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskripti • Rúðuburkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum

Hvað get ég gert fyrir þig?

-20%
afsláttur
 af heilsárs- og nagladekkjum

Smurþjónusta
 Rafgeymar
 Sækjum og sendum
 Bremsuklossaskipti
 Dekkjahótel



BÍLKÓ - **Betri verð!**
 Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Áfram veginn
 Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Það er kalt á toppnum - og í blæjubílnum

Þeir eru til sem hafa svo gaman af bílum að þeir neyðast til að viðurkenna fyrir sínum nánustu að þeir hafi delli fyrir þeim. Þetta fólk nýtur víðast hvar í þjóðfélaginu sömu kjara og réttinda og aðrir en er samt alltaf lítið hornauga. Hver kannast ekki við að reyna að útskýra fyrir einhverjum hversu gaman það er að hlusta á vélina í tveggja sæta sportbíl með vélina aftur í? Eða hvernig það getur verið frábær leið að eyða helginni að keyra á tveggja kílómetra meðalhraða í myrkri og snjókomu til þess eins að snúa við og fara sömu leið til baka? Iðulega fær maður sömu viðbrögðin; tilfinningalausán svip og glósu um hvað framboðið af geðlyfjum sé nú mikið og því örugglega hægt að laga þetta.

Ég skil þetta svo sem. Ég get til dæmis ekki horft á fótbolta nema ég sé of veikir og máttfarinn til að snúa hausnum frá sjónvarpinu. Dellur annarra eru sjaldnast skiljanlegar fyrir manni sjálfum. En eitt skil ég alls ekki og það eru fordómar Íslendinga gagnvart blæjubílum.

Flestir sem hnussa og sveia halda að það sé of kalt á Íslandi til að eiga blæjubíl. Sama fólk liggur gjarnan í sólbáði úti í garði á sumrin. Á Íslandi. Þegar ég hef víðrað það við konuna á heimilinu að mig langi einn góðan veðurdag að eignast skemmtilegan blæjubíl fæ ég sitt á hvað svörin að ég sé ekki sautján ára lengur, eða að ég sé ekki enn orðinn fimmtugur. Sú skoðun virðist nefnilega líka vera algeng að flöttir sport- og blæjubílar séu eingöngu fyrir unglinga og miðaldra menn með gráa fiðringinn og hafi þann einangang að sýna sig fyrir hinu kyninu. Aðrir eigi alls ekkert erindi upp í slíkar græjur, hvað þá með að eiga svoleiðis. Þetta hefur sem sagt ekkert með aksturs- og frelsistilfinningu að gera. Sennilega er þetta að hluta til öfund en fyrst og fremst reynsluleysi.


Þeir sem hafa keyrt blæjubíl, fundið þá sérstöku tilfinningu sem gusturinn færir manni, aukði áreiti til eyrna og augna, eru nefnilega á öðru máli. Munurinn á því að keyra blæjubíl og lokaðan bíl er ekki ósvipaður munurinn á því að sitja inni á skrifstofu í kjallara á stóru húsi og að vera á skíðum í Ölpunum.

En það er kalt á toppnum og á meðan blæjubílaeigendur berjast á móti straumnum getur verið býsna kalt hjá þeim líka. Þó að þeim sé kannski bara ágætlega hlýtt í bílunum sínum...

alt jólin koma

Jólasnjór

gæti orðið af skorum skammti, að minnsta kosti sunnanlands. Það er því alveg tilvalið að skreyta heimilið með tilbúnum snjókönum fyrir jólin til þess að reyna að búa til smá vetrarstemningu.



Brynhildur Bárðardóttir, verkefnisstjóri Konukots.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jól í Konukoti

Þegar jólin ganga um garð ganga þau líka inn um dyr Konukots. Með hjálp miskunn-samra samverja geta gestir Konukots haldið jólin hátíð-leg og borðað góðan jólamat. Brynhildur Bárðardóttir, verk-efnastjóri Konukots, er þakklát öllum velunnurum sem koma færandi hendi.

Konukot var opnað fyrir um ári en því er ætlað að hýsa ógæfusamar konur sem hvergi eiga höfði sínu að halla. Athvarfið er rekið af Rauða krossinum í samvinnu við Félagsþjónustuna í Reykjavík. Það er erfitt að segja hversu margar konur munu dvelja í Konukoti um jólin. Svokallaðir fastagestir eru á bilinu fimm til tíu en 44 einstaklingar hafa nýtt sér þjónustu Konukots frá oppnun þess.

Í Konukoti vinna þrír starfs-

menn auk sjálfboðaliða og um jólin verður einn starfsmaður á vakt auk sjálfboðaliða. „Þetta verður mikið þúsluspil því allir vilja vera heima um jólin,“ segir Brynhildur.

Hingað til hefur Konukot verið opið frá 19.00 til 10.00 en Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að renna styrkari stöð um undir starfseminna þannig að hægt verði að hafa opið allan sólarhringinn. Sú breyting tekur þó sinn tíma þannig að enn um sinn er Konukot einungis opið á nóttunni. Þorláksmessu, aðfangadag og jóladag verður Konukot samt sem áður opið allan sólarhringinn og jólamaturinn er ekki af verri endanum. „Það er búið að bjóða okkur rjúpur þannig að ætli það verði ekki rjúpur í jólamatinn,“ segir Brynhildur. „Svo verður jólahangikjötið á jóladag og við verðum með gjafir og jólatré þannig að það væsir ekki um neinn hjá okkur.“ tryggvi@frettabladid.is

Veittu velliðan – gefðu gjafakort í NordicaSpa



Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkabjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega velliðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

Opnunartímar:

Mán-fimmt 6:00–21:00 Laugd 9:00–18:00
Föstudaga 6:00–20:00 Sunnd 9:00–16:00

N O R D I C A S P A



Nordica Hotel ■ Suðurlandsbraut 2 ■ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



www.ropeyoga.is

ROPE YOGA

Rope Yoga er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.

- Styrkir alla vöðvahópa líkamans með áherslu á kvið-, bak- og lærvöðva
- Eykur brennslu
- Línar bakverki
- Bætir útlit og heilsu
- Eykur andlega meðvitund og jafnvægi
- Eykur flæði og losar um streitueinkenni
- Hentar öllum til iðkunar jafnt í heimahúsum sem annarsstaðar

Rope Yoga ferðasett kr. 19.900,-
Rope Yoga æfingastöð kr. 59.900,-



Taktu ábyrgðá heilsu þinni - Veldu Rope Yoga æfingakerfið



Handlóð - jógapakkar - dýnur - sippubönd - öklabyngingar - handgrip - laus lóð - fæðubótarefni

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 / Laugardaga frá kl. 11-16 / Sunnudaga frá kl. 12-16



Ókeypís nafngyfling fylgir Atson leðurvörum

Leðuriðjan ehf
Brautarholti 4

Atson

Opið frá 12 til 22 um helgina

Heilsuhitapokinn

Ný kynslóð heilsubótar

100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Söluastaðir: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar, Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin, Eycló snyrtistofa, Heilsutek sunnumörk, Snyrtistofan Dana Kef, nú einnig á Laugavegi 20.

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:



550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

allt atvinna

Alla sunnudaga

Jólaskapið kemur eftir prófin

Þrátt fyrir að framhaldsskólanemendur séu komnir í jólafrí eru prófin enn í fullum gangi í háskólunum. Þjóðarþókláðan er ennþá full af nemendum sem lesa stíft fyrir próf þó að jólin séu að nálgast og flestir aðrir séu farnir að kaupa jólagjafir og setja upp jólaskreytingar.



Auður Halldórsdóttir er á þriðja ári í bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

Hvað tekurðu mörg próf?
„Ég tek tvö próf og skrifa þrjár ritgerðir.“
Áttu mörg próf eftir?
„Nei, bara eitt.“
Ertu komin í jólaskap?
„Nei, alls ekki.“
Heldurðu að það komi eftir prófin?
„Vonandi. Það kemur kannski bara með snjónum.“
Ætlarðu að gera eitthvað sérstakt um jólin?
„Slaka á eftir prófin.“



Stella Ólafsdóttir er á fyrsta ári í mannfræði og kynjafræði við Háskóla Íslands.


Hvað tekurðu mörg próf?
„Ég tek eitt próf og svo eitt heimapróf.“
Áttu mörg próf eftir?

„Nei, bara eitt.“
Ertu komin í jólaskap?
„Já, dálítið. Ég er búin að stelast aðeins til að vera heima og skreyta.“
Ætlarðu að gera eitthvað sérstakt um jólin?
„Nei, bara hafa það gott og slaka á.“



Þórunn Gunnarsdóttir er á þriðja ári í íslensku við Háskóla Íslands.

Hvað tekurðu mörg próf?
„Ég tek þrjú.“
Áttu mörg próf eftir?
„Ég á tvö eftir.“
Ertu komin í jólaskap?
„Svona aðeins. Ég reyni samt að vera það ekki fyrr en prófin eru búin.“
Heldurðu að það komi eftir prófin?
„Já, já. Það er inni í manni og svo slakar maður á þegar prófin eru búin og þá kemur það.“
Ætlarðu að gera eitthvað sérstakt um jólin?
„Nei, ég ætla bara að fara heim til Eyja. Svo kem ég hingað aftur til þess að vera hér um áramótin.“



Guðjón Már Sveinsson er á þriðja ári í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Hvað tekurðu mörg próf?
„Fjögur.“
Áttu mörg próf eftir?
„Nei, tvö.“

Ertu kominn í jólaskap?
„Nei, ég get ekki sagt það.“
Heldurðu að það komi eftir prófin?
„Ég vona það bara.“
Ætlarðu að gera eitthvað sérstakt um jólin?
„Bara slappa af og vinna.“



Helgi Valur Daníelsson er á öðru ári í efnafræði við Háskóla Íslands.

Hvað tekurðu mörg próf?
„Fjögur.“
Áttu mörg próf eftir?
„Ég á eftir tvö.“
Ertu kominn í jólaskap?
„Ekkert rosalega mikið. Ég er ekki búinn í prófum fyrr en tuttugasta og fyrsta og ég er ekki búinn að kaupa gjafir eða pæla neitt í þessu.“
Heldurðu að það komi eftir prófin?
„Já, örugglega. Þegar þetta er allt búið þá pælir maður í þessu.“
Ætlarðu að gera eitthvað sérstakt um jólin?
„Já, ég er að fara til Englands. Ég hef búið þar og kærastan mín er ensk svo við verðum þar um jólin.“

jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNID

Hurðaskellir

Sjöundi var Hurðaskellir,
- sá var nokkuð klúr,
ef fólkíð vildi í rökkriinu
fá sér vænan dúr.

Höf. Jóhannes úr Kötlum

Í kvöld er það Hurðaskellir sem drepur á dyr bæjarbúa, væntanlega með miklum látum. Hurðaskellir er sá jólasveinn sem mestan hávaðann gerir og er hann alltaf ánægður þegar marrar harkalega í hurðum. Hurðaskellir hefur af því mestu skemmtun að ganga ruddalega um og skella hurðum svo enginn fái svefnfrið. Ef þið viljið sofa vært í nótt skuluð þið loka öllum hurðum tryggilega og helst læsa þeim. Hurðaskellir er þó meinlaus karlinn og í dag er hann í miklu uppáhaldi hjá börnunum enda heyrir í honum langar leiðir.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR
VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Demantar
Demantaskartgripir

Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

TEXTÍLGALLERY

SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

BURBERRY
BRIT

A NEW FRAGRANCE FOR MEN

© BURBERRY LIMITED 2004 WWW.BURBERRY.COM

birta ..Er komin út!

Acer 17" 1716 S **Flottur á skrifborðið!** Verð: 24.900

Acer 17" 1751 - GAMERS LINE **8ms svartími Sérhannaður í leikina!** Verð: 29.900

Acer 19" 1916 Verð: 34.900

Acer 19" 1951 Verð: 39.900

acer **MEST SELDU SKJÁIR Í EVRÓPU!**

svar.) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



Gjafakort

Jólagjöfin í ár
GÉRnétic húðnæringarvörur fyrir konur og karla

Snyrtistofan Eygló Langholtsvegi 17
Snyrtistofan María Bólstaðahlíð 43
Caríta-Snyrting Hafnarfirði

Snyrtistofan Líkami og Sál Mosfellsbæ
Snyrtistofan Dröfn Vestmannaeyjum

Opið til 22 alla daga til jóla.



Vesti kr. 2.595
Buxur kr. 995

Jólaföt
Jólagjafir
Afmælisgjafir
Sængurgjafir



Laugaveg 53, s. 552 3737

Jólagjöf veiðimannsins!

Veiðikortið 2006

Kortið gildir sem veiðileyfi í 23 veiðivötn vitt og breitt um landið. Veiðikortið er fjölskylduvænt og stuðlar að notalegri útiveru.

Ný vötn eru:
- Þingvallavatn fyrir landi þjóðgarðs
- Ljósavatn
- Hraunsfjörður

Nánari upplýsingar um önnur vötn eru á vef Veiðikortisins www.veidikortid.is



Gefðu gleðilegt sumar í jólagjöf!

Sölustaðir: ESSO stöðvarnar - veiðibúðir og víðar
Fri heimsending á netpöntunum - www.veidikortid.is



Ný kennslumynd í hestamennsku



eftir Eyjólf Ísólfsson
tamningameistara er komin. Þessi mynd er sjálfstætt framhald af fyrri mynd Eyjólfssonar.

Markviss kennsla um tamningu og þjálfun sem nýtist öllu hestafólki.

Eyjólfur kynnir myndina í Ástund laugardag og sunnudag milli kl 15:00 og 17:00. Allir velkomnir.



Háaleitisbraut 68 • sími 568 4240
astund@astund.is • www.astund.is

Jólagjöf hestamannsins
Póstsendum



Jólahús barnanna er að Túngötu 14. Þar býr Hallbjörn Sæmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ljósabærinn stendur ótvírætt undir nafni

Íbúar Reykjanesbæjar skreyta margir hús sín ríkulega fyrir jólin.

Þegar ekið er um Reykjanesbæ að kvöldlagi á þessum árstíma er ljóst að þar býr mikið jólafólk. Húsin eru mörg hver búin íburðarmiklum ljósaskreytingum og mikil vinna er lögð í frágang. Vallahverfið hefur á vissan hátt forystu, þar er nær hvert einasta hús og garður prýtt veglega hvert á sinn hátt og víðar er fagurt um að litast. Að sögn þeirra sem til þekkja bætist alltaf við skreytingarnar á hverju ári. Húsið við Túngötu 14 er í nokkrum sérflokki. Það er lítið en skreytt af mikilli nákvæmni og garðurinn umhverfis líka. Í garðinum er meðal annars eftirlíking af íbúðarhúsinu og þaðan má heyra jólalög. Eigandinn er Hallbjörn Sæmundsson, en hann hefur smíðað mikið af skreytingunum sjálfur. Reykjanesbær er ljósabær og síðustu fimm árin hafa þeir sem þótt hafa skarað fram úr í skreytingum fengið afhentar viðurkenningar við hátíðlega athöfn. Hallbjörn var sá fyrsti sem slíka viðurkenningu hlaut og í ár var hans hús útnefnt jólahús barnanna. Verðlaunahafar fá afslátt



Garðurinn hans Hallbjörns er ævintýralegur. Þar er hellir með álfum inni í og einnig eftirlíking af íbúðarhúsinu. Þaðan hljóma jólalög.

af rafmagni frá Hitaveitu Suðurnesja og hægt er að nálgast kort af ljóshúsunum hjá bensinstöðvum og upplýsingamiðstöð Reykjanes Hafnargötu 57. ■

Á Týsvöllum 3 býr múrarameistarinn Evar Már Finnsson. Svona skreytir hann.



Heiðarból 19 er huggulega skreytt af húsfréyjuni Helgu Jónínu Guðmundsdóttur.



Fallegt hús á Óðinsvöllum 6 og skemmtilega skreytt af skipstjóranum Einari Magnússyni.

Sígræna jólatréð

— eðaltré ári eftir ári

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Trufflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is



Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

Starkaður er úr steyptu áli

Tinna Gunnarsdóttir er hönnuður frumlegs snaga sem fæst í verslun Þjóðmínjasafnsins og Epal.

Starkaður er snagi úr steyptu áli sem fór í framleiðslu síðastliðið sumar. Formið tekur hann frá hvaltönn sem Tinna kveðst hafa fengið gefins í tilefni af opnun á Gallerí Greip árið 1993. „Þarna mætast tvö eldheit efni sem eru hvalurinn og álið,“ segir hún kankvís. Hún upplýsir að snaginn hafi fyrst verið sýndur í fyrirnefndu gallerí árið 1996 á sýningunni Snagar þar sem 50 snagar eftir myndlistarmenn og hönnuði voru sýndir. Margir þeirra hafi síðan lifað áfram í einhverju formi. „Starkaður er tileinkað-

Starkaður er náttúrulegur snagi sem minnir á nautshorn eða hvaltönn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ur franska hönnuðinum Philippe Starck sem notaði mikið lífræn form og hornlaga á níunda áratugnum,“ segir Tinna og telur að hvaltennur gætu allt eins komið úr smiðju hans. ■

JÓLATILBOÐ
Behringer gítarpakki
~~16.800,-~~ **14.900,-**
Vintage
GUITAR PACK
TONABÚÐIN
Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s.462-1415
Skiptiholt 21, 105 Reykjavík s.5524515
tonabudin.is



Jólatrjáakaup geta verið skemmtileg fjölskyldustund.

Jólatrén í skóginum

Víða er hægt að kaupa jólatré um helgina og sumstaðar má höggva trén sjálfur.

Skógræktarfélag landsins standa fyrir jólatrjáasölu í ár eins og endranær. Viðsvegar er fjölskyldum boðið að koma í skógana og velja sér tré í fallegu umhverfi. Enn fremur geta viðskiptavinir sums staðar fengið að höggva tré sín sjálfir. Jólatrjáasalan er ein helsta tekjulind félaganna og fyrir hvert keypt tré er hægt að gróðursetja 30-40 ný í staðinn.

Skógræktarfélag Íslands verða með sölu á eftirfarandi stöðum í dag og á morgun:

Höfðaskógur hjá Selinu í Hafnarfirði

Kl. 10-18 í dag.
Kl. 10-16 á morgun.

Hamrahlíð í Úlfarsfelli

Kl. 10-16 í dag og á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré.

Fossá í Hvalfirði

Kl. 11-15 í dag og á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré.

Danielslundur í Borgarfirði

Kl. 11-16 í dag og á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré.

Kjarnaskógur og Glerártorg í Eyjafirði

Kl. 10-18 alla daga fram að jólum.

Eyjófsstaðaskógur á Austurlandi

Kl. 12-16 í dag og á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré. Boðið verður upp á kakó í Blöndalsbúð.

Jólatrjáahátíð í Heiðmörk

Kl. 11-15 á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré.

Haukafell í Austur-Skaftafells-sýslu

Kl. 11-16 á morgun.
Hægt að velja og höggva eigið tré.

Grunnskólinn í Stykkishólmi við Borgarbraut

Kl. 11-16 í dag og á morgun.

Nánari upplýsingar á www.skog.is

Full búð af frábærum jólagjöfum

30-70% afsláttur



~~8.990 kr.~~
Kjölur dömu, Wind Pro
5.900 kr.



~~11.990 kr.~~
Askja light
7.900 kr.



~~15.990 kr.~~
Tindur Technical
9.900 kr.



~~3.950 kr.~~
Barnapeysa með hettu
2.900 kr.



~~7.990 kr.~~
Kjölur dömu
5.500 kr.



~~1.990 kr.~~
Húfur, trefill og vettlingar
1.200 kr./stk.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, opið föstudag 10-20, laugardag 10-20, sunnudag 11-17 www.66north.is

66°
NORÐUR

Nonni GULL
Trúlofunar- og
giftingarhringir



20% aðlátur
www.gunnimaggj.is
Strandgata 37 • Hafnarfóli • 545 4040

Létt 96,7
Jólastöðin þín!



Steinþór hóteltjóri er hollur sínum heimabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jólaglaðningur til samfélagsins

Steinþór Jónsson, hóteltjóri á Hótel Keflavík, er aðal-jólasveinninn þar um slóðir. Hann veitir þeim fría gistingu og morgunverð sem versla í Reykjanesbæ fyrir 14.800 krónur.

14.800 krónur. Fyrirkomulagið verði æ vinsælla og þótt það séu um 500 herbergi í boði sem dreifist yfir adventuna sé yfirleitt uppbók- að fyrir fram. „Þetta hefur vakið eftirtekt enda vitum við ekki til að þetta sé gert neins staðar annars staðar í heiminum. Við tókum ekki við pöntunum fyrir en í nóvember en fólk byrjaði að hringja strax í vor. Sumir eru farnir að líta á þetta sem fastan lið í jólaundirbúningnum.“ segir hann og lýsir aðdragandanum nánar.

„Mig langaði að gefa eitthvað til samfélagsins í tilefni jólaanna,“ segir Steinþór brosandi og upplýsir að þetta sé fimmta advent- an í röð sem hann bjóði þeim fría gistingu eina nótt sem versli hjá fyrirtækjum í Reykjanesbæ fyrir

„Við vildum sýna þeim sem eru með verslun og þjónustu hér í bænum stuðning. Að öðru leyti er ekki um neitt samstarf að ræða og við fáum ekki greiðslur neins staðar frá. Það er eitt af því sem er svo skemmtilegt að þetta er eka jólagjöf til þeirra sem njóta. Flestir geta fundið eitthvað sem hentar þeim að gera fyrir sitt samfélag og ef allir leggja sitt af mörkum er hægt að áorka svo miklu. Það er samstaðan sem er svo mikilvæg.“ segir Steinþór að lokum. ■



Café Iðnó er áfast Hótel Keflavík og þar er rekinn kínverski veitingastaðurinn Jia Jia. Í kjallara hótelsins er svo líkamsræktarsalur.



á jóladöfnum

17. desember

Askasleikur heimsækir Þjóðminja- safnið kl. 11.
Jólahrollur í hádeginu - Hreinn Vilhjálmsson les úr bók sinni Bæj- arins verstu í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12.15


Í **Jólaþorpinu** kl. 14 leika hljóðfæra- leikarar úr Lúðrasveit Tónlistaskólans í Hafnarfirði. Jólasveinninn, **Bjössí Bolla** og **Grýla** kíkja í heimsókn.

Jólatónsproti Sinfóníuhljómsveitar Íslands slær taktinn í Háskólabíó kl. 14 og 17.

Jólatónleikar Óperuskórsins í Reykjavík hefjast í Aðventukirkjunni v. Ingólfsstræti í Reykjavík kl. 16.

Kvennakór Garðabæjar og Sinfóníu- hljómsveit áhugamanna halda saman jólatónleika í Seltjarnarnes- kirkju sem hefjast kl. 17.

Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju kl. 20 og 23. Auk kórsins syngja **Gradualekór Langholtskirkju, Eivör Pálsdóttir, Garðar Thór Cortes og Ólöf Kolbrún Harðardóttir**.



18. desember

Hurðaskellir heimsækir Þjóðminja- safnið kl. 11.

Jólahrollur í hádeginu - Guðrún Eva Mínervudóttir les úr bók sinni Yosoy - Af líkamslistum og hugarvili í hryllingsleikhúsinu við Álafoss í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12:15. Í jólaþorpinu kemur **kór Flensborg- arskólans** fram kl. 14. og **Grýla** og **Gluggagægir** ganga í kringum jólatréð ásamt góðum gestum úr **Ávaxtakörfunni**.

Sópransöngkonan **Björg Þórhalls- dóttir**, píanóleikarinn **Arni Heiðar Karlsson** og fiðluleikarinn góðkunnir **Hjörleifur Valsson** bregða á leik og skapa alvöru jólastemningu með flutningi á jólalögum úr ýmsum áttum í Norræna húsinu kl. 17.

Stórtónleikar til styrktar geðsviði Reykjalundar verða haldnir í Fríkirkju- unni í Reykjavík kl. 17.

Kvennakór Garðabæjar og Sinfóníu- hljómsveit áhugamanna halda saman jólatónleika í Seltjarnarnes- kirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

Jóla og aðventutónleikar Kammerkórs Reykjavíkur verða haldnir í Grensáskirkju og hefjast kl. 20

Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju kl. 20. Auk kórsins syngja **Gradualekór Langholtskirkju, Eivör Pálsdóttir, Garðar Thór Cortes og Ólöf Kolbrún Harðardóttir**.



Töfrar

Húðolía

Hágæðalía með upplifgandi ilm, sem mýkir og endurnærir húðina.



JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is



Gjafakort

Gefðu glæsilega gjöf í ár

Full búð af snyrti- og gjafavöru fyrir dömur og herra

hrund SNYRTISTOFA

Grænótún 1
200 Kópavogur
Sími 554 4025
www.hrund.is



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRYÐI

HÜGGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

www.kokkarnir.is

Osta- og gjafakörfur

hátiðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum og gerðum



Hringdu og fáðu upplýsingar 5114466

kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU HAGKAUPUM, KRINGLUNNI

Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is

Pétur Þór opnar sýningu í Muðlu

Nýbýlavegi 18 í dag kl. 16.



mubla



Grýla og Gluggagægir verða í Jólaborpinu um helgina.

Jólaborpið opið um helgina

JÓLABORPIÐ Á THORSTORGI Í HAFNARFIRÐI VERUR OPIÐ ALLA HELGINA OG ÝMSIR GÓÐIR GESTIR STÍGA Á SVIÐ OG SKEMMTA UNGUM SEM ÖLDNUM.

Það verður líf og fjör í jólaborpinu um helgina. Immi Ananas og Rauða eplið skemmta börnunum og Grýla kikir í heim-

sókn ásamt Gluggagægi. Kór Flensborgarskólans syngur nokkur lög og hornblástur lúðrasveitar Tónlistaskóla Hafnarfjarðar ómar um þorpið. Bjössí Bolla stígur líka á stökk og segir einhverjar góðar jólasögur. Jólaborpið er opið frá 12 til 18 bæði laugardag og sunnudag og 12 til 22 á Þorláksmessu.

Bráðum koma bleiku jólin

BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707
Íslandsmeistari í blómaskreytingum

Jólagjöfin í ár er Hästens dúnheilsukoddinn. Veitir jafnan hita og vellíðan árið um kring. kr. 8.600,-

Fullkominn svefn
Hästens
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára sænskri hefð nú fánleg á Íslandi.

Hästens verslunin í Reykjavík
Grensásvegi 3 108 Reykjavík
sími 581 1006

Klassa gjafir
fyrir þá sem eiga (næstum) allt!

WILLIAM BOUNES SALT, PIPPA OG SÜKKULASAMVINGUR 30 GJÖRDIR STÁL OG VEXUR
Frá kr. 3.690

Silit
FYRIR ÖRNALSPOTTAR FYRIR FAGLURKERA, STÁL EÐA KERAMÍK
30

Silit
ÖTRULEGT ÖRNAL AF GLÁSLEÐUM OG VÖNDUÐUM STÁLELDHUSÁHÖLDUM
Eggjaskeri frá kr. 1.790,-

aerolatte
mjólkurfreyðar.
MJÓLKURFREYÐARINN SEM FER SIGURÖR UM HEIMINN
Frá kr. 1.990,-

sehr gut
Berndes

Saeco
ESPRESSO/CAPPUCCINO BOLLAR Í SETTI HÖNNUN HÝÐKA LISTAKONAN JEANET HÖNN
Sett 6. stk. verð kr. 5.900,-

Silit
ÁBERANDI GLÁSLEIS OG ETERN ÁHÖLD Skurðarvæli / mjólkur stöðum
Frá kr. 1.390,-

Silit
HRÁÐSUDUPOTTAR FYRIR HELSUSAMLEGN MATREIÐSLU 3 STÆRDIR

HFF
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • efi@ef.is • www.ef.is
Símar: 520 7901 & 520 7900



HERLENA RUBINSTEIN CLARINS LANCÔME

Glæsileg jólatilboð fyrir dömur og herra í þessum frábærum merkjum

Gullbrá Nóatún 17 s. 562-4217

Timberland Make it better.

20% afsláttur af öllum dömufatnaði fram að jólum

Timberland Krínglunni • Sími 533-2290



Falleg kápa frá vorlínu Ashish N Soni.



„Köflótt bætti sveitarómantík inn í fatalínuna mína,“ segir Zac Posen. „Auk þess passar það við alla skó!“



Ljósökflótt frá Lacoste.



Bláköflótt pils frá Richard Chai.

Dáleiðandi köflótt kápa frá Wolfgang Joop.



Handsmíðað silfurarmband

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

Köflótt veröld

Hönnuðir hafa tekið upp á köflóttu munstri fyrir vor- og sumartískuna.

Það er ekki bara veggfóðrið sem verður köflótt næsta vor. Á helstu tískusýningum sem haldnar voru fyrir vor- og sumartískuna bar

mikið á þessu skemmtilega munstri. Þar voru köflótt föt allt frá nettum og kvenlegum yfir í pönkaraleg og hálf geðveikisleg.



MORELLATO
Ítalskir stálskartgripir

Birta
Úr og skart
Ný verslun
Laugavegi 33
S: 544 4990
Kjarna Mosfellsbæ
S: 544 4991

Spáum um viðgerðir á úrum og skartgripum.

Á flottasta horninu í bænum

Skartgripaverslunin Gullkúnnst var opnuð í nýju húsnæði að Laugavegi 13 hinn 1. desember síðastliðinn. Helga Jónsdóttir, gullsmíður og eigandi verslunarinnar, er mjög ánægð með nýja húsnæðið.

Skartgripaverslunin Gullkúnnst var áður að Laugavegi 45 en þar sem til stóð að rífa það hús varð að flytja verslunina um set.

„Þetta er mörgum sinnum stærra húsnæði og við erum núna stærsta gullsmíðaverslunin á Íslandi,“ segir Helga, sem er mjög ánægð með flutninginn.

Gullsmíðaverkstæðið er á jarðhæðinni á bak við verslunina. „Við erum tveir smíðir starfandi hérna, ég og Sveinn Guðnason, og svo erum við með stúlkur sem vinna í búðinni,“ segir Helga.

Helga hefur starfað sem gullsmíður í þrettán ár og Sveinn

hefur unnið með henni í rúm ár. „Ég hef alltaf verið með annan smíð með mér þar sem það er of mikið að gera fyrir einn smíð á Laugaveginum.“

Það er mikið að gera í Gullkúnnst og sérstaklega núna fyrir jólin. „Það er alltaf ákveðinn hópur fólks sem vill láta sérsmíða skartgripir fyrir sig fyrir jólin. Oft vill fólk láta smíða við hluti sem það lét smíða fyrir sig í fyrra eða hitteðfyrra. Þá vill það kannski láta smíða hálsmen við eyrnalokka sem voru smíðaðir áður.“

Helga segir að eftir að verslunin flutti komi miklu fleira fólk inn. „Verslunin er sett þannig upp að hún líkist í raun og veru gallerí meira en verslun og það er mikið um að fólk sem er að ganga framhjá komi inn til þess að skoða. Útlendingar eru til dæmis oft ekki alveg vissir um það hvort þetta er verslun eða gallerí.“

Helga finnur mikinn mun á staðsetningunni og er mjög sátt.



Helga Jónsdóttir gullsmíður.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það er ekki hægt annað en að vera sáttur á flottasta horni í bænum,“ segir hún og hlær.



Litill hvítur bróderaður jakki, 10.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Punnur svartur hálsklútur. COAST, 8.900 kr.



Svartur toppur við pils á 10.900 kr. frá COAST.



Svartur og hlýralaus kjóll frá COAST. Glæsilegur hátíðarkjóll. 23.900 kr.

Jóla kjóllinn í ár, einfaldur og svartur

Kjólar eru áberandi í tiskunni í vetur og mikið úrval af glæsilegum kjólum. Verslunin COAST í Smáralind var opnuð fyrir rétt um mánuði síðan og er ein þeirra verslana sem sérhæfa sig í spariklæðnaði fyrir konur.

Þær konur sem ekki hafa enn fest kaup á jóla kjólum eða spariklæðnaði fyrir jólahlaðborðin og jólaboðin eru eflaust farnar að huga að úrvalinu. Svo virðist sem svarti liturinn ætli að verða allsráðandi í vetur, líkt og svo oft áður. Þeirra áhrifa gætir í versluninni COAST en meirihluti kjólanna þar er svartur. Verslunin hefur vakið mikla athygli frá því að hún var opnuð fyrir fallegan og fágáðan spariklæðnað. Mjög klassískt snið er á kjólunum sem eru í boði í versluninni.

Margir þeirra eru hlýralausir og þykja einstaklega glæsilegir og kvenlegir. Coast er einnig með pils, toppa og litla jakka við. Það er smá vidd í pilsunum og þau oft mynstruð og rómantísk. Samkvæmt verslunarstjóra COAST í Smáralind hefur verið mikið að gera hjá þeim frá því að verslunin var opnuð og konur greinilega að spá mikið í sparifatnað fyrir hátíðarnar fram undan.

skór }

Converse að eilífu?

MARGIR HAFA SPURT SIG HVORT CONVERSE-SKÖRNIR FARI ALDREI FARA ÚR TISKU.

Flestir þekkja Converse-strigaskóna. Vinsældir þeirra hafa sjaldan verið meiri en nú. Ýmsir spyrja sig því nú hvenær þessi bóla muni springa. Málið er samt að hjúpurinn um þessa bólu virðist órjúfanlegur enda eru Converse All-Star skórnir næstum 90 ára gamalt fyrirbæri og birtust í þeirri mynd sem við þekkjum þá í dag árið 1923. Í dag er því ekkert meira retró en akkúrat þessir umræddu Converse-strigaskór. Þeir hafa staðið af sér allar helstu tiskubygjur hins vestræna heims og flest bendir til að svo muni vera áfram.



Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

OPIÐ TIL KL. 22 MIÐBORGIN JÓLALEGA

Sölustaðir

Penninn
Mál og Menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða



305
verslanir
Næg
bílastæði

FAGMENNSKA OG FALLEG HÖNNUN



SKAGEN
DENMARK



BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is



Við pössum hundinn þinn
í lengri og skemmri tíma.
Inni- og útistíur fyrir hvern hund.

HUNDAGÆSLUHEIMILIÐ ARNARSTÖÐUM
Starfrækt frá 1983
Staðsett 5 km fyrir austan Selfoss

Símar: 482 1031 og 482 1030 • GSM: 894 0485 og 864 1943
www.simnet.is/hundahotel • netfang: hundahotel@simnet.is

Níu landa Asíuferð

Systurnar Ásthildur og Erna Skúladdætur fóru í þriggja mánaða reisu um Asíu síðasta sumrar ásamt Hrafnhildi Magnúsdóttur vinkonu sinni. Samtals heimsóttu stöllurnar níu lönd og lá leiðin frá Istanbul í Tyrklandi til Katmandú í Nepal.

„Við fórum á vegum Ferðaskrifstofu stúdenta og með ferðaskrifstofu sem heitir Dragoman,“ segir Ásthildur. „Við hittum hópinn sem við ferðuðumst með í Istanbul og í honum var fólk frá öllum heims hornum.“ Frá Tyrklandi lá svo leiðin til Georgíu. „Í Georgíu er rosalega mikið af kirkjum,“ segir Ásthildur. „Og rosalega mikið af osti,“ bætir Erna við. „Þar kom allur matur með osti eða á osti. Maður varð soldið þreyttur á að skoða kirkjur og borða ost,“ segir Erna og hlær. „Já, ég held ég sé búin að skoða georgískar kirkjur fyrir lífstíð,“ segir Ásthildur.

Gullinn forsetinn á spirál

Frá Georgíu lá leiðin til Aserbaídsjan og þaðan var siglt yfir Kaspíahaf til Túrkménistan. „Þegar við komum að landamærum Túrkménistan fengum við túrkméniskan leiðsögumann sem fylgdi okkur allan tímann,“ segir Ásthildur. „Þeir hleypa ekki hverjum sem er inn í landið og fá rétt í kringum 2.500 ferðamenn á ári. Svo fengum við kort sem búið var að teikna inn á hvaða leiðir við máttum keyra,“ segir Ásthildur og hristir hausinn. „Og svo eru vegatálmur á hundr- að klómetra fresti til að tryggja að maður sé á réttum vegi,“ bætir Erna við. „Það er rosalega passað upp á að ferðamennirnir sjái ekkert sem þeir mega ekki sjá.“



Fjölskyldumoska forsetans í Túrkménistan. Moskan er öll úr gulli.

Túrkménistan er talið eitt af spilltustu löndum heims. Forseti landsins, Saparmurat Niyazov, er alræmdur einræðisherra og ber land og þjóð merki þess. Stelpurnar segja að á einu torginu í Askabad sé gríðarstór gullinn stytta af forsetanum sem snýst á spirál. „Spirallinn snýst svo að sólin skíni alltaf á andlit styttunnar,“ segir Ásthildur. „Svo voru verðir úti um allt,“ segir Erna. „Vopnaðir verðir, sem reyndar voru meira forvitnir um ferðamennina en ógnandi, en þeir gættu þess að maður tæki ekki myndir af því sem ekki mátti taka myndir af. Maður mátti bara mynda í ákveðnar áttir svo það færi ekkert inn á myndina sem ekki mátti sjást,“ segir Erna og hlær. „En ég hef aldrei séð svona hreina borg,“ bætir hún við. „Maður hefði getað borðað af götunum. Svo voru konur úti um allt að moppa gangstéttirnar, bara að skúra göturnar.“ Stelpunum fannst einnig skrítið að heyra að öll hótél borgarinnar voru hleruð. „Forsetinn er stórskrítinn,“ segir Ásthildur hlæjandi.

Borgin Askabad fór illa út úr jarðskjálfta árið 1948 og eftir að Niyazov komst til valda hefur hann byggt upp borgina næstum algerlega eftir sínu eigin höfði. „Í Askabad er til dæmis risastórt breiðstræti sem er skreytt gosbrunnnum á miðju götunnar upp og niður strætið. Sitt hvoru megin eru svo fimm stjörnu hótél sem ná upp alla götuna,“ segir Ásthildur og þaðar út höndunum til að leggja áherslu



Á toppi veraldar með Everest í baksýn. Ásthildur og Erna Skúladdætur og Hrafnhildur Magnúsdóttir í grunnbúðum fjallgöngugarpa Tíbet-megin.

á víðfeðmi hótélanna. „Og öll þessi hótél eru fyrir þessa 2.500 túrista sem koma til landsins á ári,“ bætir Erna við og þær hlæja dátt. „En Túrkménar höfðu ekkert slæmt um forsetann að segja,“ segir Ásthildur. „Að minnsta kosti ekki við okkur,“ bætir Erna við.

Fólk er bara fólk

Eftir áhugaverða dvöl í einu spilltasta ríki heims var haldið til Úsbekistan. Stelpurnar lentu í því að villast í Bukhara og þurftu að leita sér hjálpar hjá innfæddum. „Við mundum bara helminginn af hótelnafninu,“ segir Erna. „Við reyndum að tala við einhvern mann en hann talaði bara úsbeksku. Hann náði hinsvegar í annan mann og sá maður leiddi okkur út um allan bæ þar til hann bankaði upp á hjá einhverri fjölskyldu. Þar bjó strákur sem talaði okkur út um allan bæ þar til hann bankaði upp á hjá einhverri fjölskyldu. Þar bjó strákur sem talaði okkur út um allan bæ þar til hann bankaði upp á hjá einhverri fjölskyldu. Þar bjó strákur sem talaði okkur út um allan bæ þar til hann bankaði upp á hjá einhverri fjölskyldu.“ Erna segir óþarfa að hræðast fólk þó maður sé staddur í framandi landi. „Fólkið í Úsbekistan var æðislegt. Og maður lærði að fólk er bara fólk hvert sem maður kemur.“ Frá Úsbekistan lá leiðin til Kirgístan og þaðan til Kína. Við komuna til Kína missti hópurinn truckinn sinn í klær skrifræðis yfirvaldanna. „Maðurinn sem átti að sjá um pappírsvinnuna í Kína hafði farið í sumarfrí án þess að ganga frá leyfinu sem þurfti fyrir truckinn,“ segir Erna. „Við þurftum því bara að gjöra svo vel að biða þar til hann kæmi úr frí.“ Hópurinn missti truckinn góða í níu daga og þurfti að ferðast í lítilli gulri rútu í staðinn.

Í grunnbúðum Everest

Næst lá leiðin til Tíbet og voru þá stelpurnar búnar að sjá og upplifa margt. Þær voru hætta að kippa sér upp við að sjá menn á gangi í miðbænum með kindur í eftirdragi en í borginni Lhasa í Tíbet sáu þær margar skemmtilegar andstæður. Á götunum tuldraði fólk bænir í tíma og ótíma. Væri lítið til hægri



Trukkurinn Tonka sem ferðast var í um alla Asíu.



Hér má sjá menn stunda þjóðaríþrótt Kirgístan. Geit er slátrað og höfuð og fætur skorin af. Svo er spilað pólo með skrokkin. Tveir menn á hestbaki eru í hvoru liði og markmiðið er að koma geitaskrokknum á litla pjöllu sem liggur á jörðinni.

sáust menn á hnjúnum að biðja og til vinstri hljóp jakkafataklaeddur maður með skjalatösku. „Þó þetta væri gamaldags að einhverju leyti þá sá maður líka búddamunkana kaupa sér snakk og tala í farsíma,“ segir Erna og Ásthildur bætir við að einnig hafi verið skrítið að sjá búddistana hlaupandi um borgina í strigaskóm með North Face bakpoka að tala í gemmsann.

Lokaáfangastaður ferðarinnar var Nepal þar sem Everestfjall blasti við í allri sinni dýrd. Hópurinn keyrði á trucknum í átt að grunnbúðunum og var gengið síðustu átta klómetrana. „Það var ekkert búið að sjást í Everest í marga daga,“ segir Erna. „En þegar við vorum að ganga síðasta spólin og tókum síðustu beygjuna í grunnbúðirnar birti til og fjallið blasti við okkur.“ Stelpurnar létu þó grunnbúðirnar nægja, þær létu það vera að þrjú á topp Everest og fannst fjallið nógu tignarlegt þaðan sem þær stóðu.

Ásthildur og Erna segjast reynslunni ríkari og landakortið virki meira lifandi fyrir þeim eftir ferðina. „Við vorum strax farnar að plana næstu ferð í flugvélinni á leiðinni heim,“ segir Ásthildur. Báðar eru þær sammála um að gott hafi verið að fara fyrstu heimsreisuna í hópi. Það hafi veitt þeim dýrmæta reynslu til að ferðast í framtíðinni á eigin ferðafótum, sem án nokkurs vafa verða nokkuð fráír.

johannas@frettabladid.is



Júrt í Úsbekistan, hirðingjábústaður í eyðimörkinni sem stelpurnar gistu í. Í ferðinni var gíst á ýmsum stöðum; fjögurra stjörnu hleruðu hóteli í Túrkménistan, í tjaldi undir berum himni og við opin eld undir stjörnuhimni á hásléttum Tíbet.



Á ferð í Tíbet. Bænahjól í skarði Himalayafjalla. Bænahjól dreifa bænum með vindinum.

MAGELLAN
Við tölum íslensku!

GPS tæki með stýrikerfi á íslensku
Hjálparaðgerðir á íslensku
Auðvelt að læra á!

Valmynd
Fala korta reiti
Breyta reitum
Korta uppsetning
Punktur
Leiðir
Færi skrá
Flóknari aðgerðir
Valkostir
Veður
Hiti

AMGAUKARAF Internett Búðahóla
Grétar Rafn Steinsson, landsliðsmaður Íslands í knattspyrnu og leikmaður hollenska úrvalsdeildarliðsins AZ Alkmaar, segist ákveðinn í því að verða Evrópumeistari með liði sínu í vor. „Á síðustu leiktíð komst AZ í undanúrslit keppinnar. Lið okkar er sterkara nú en það var í fyrra, og það er okkar markmið að vinna þessa keppni.“ Dregið var í gær í 32-liða úrslit í Evrópukeppni félagsliða og dróst AZ gegn spænska liðinu Real Betis. „Það leggst vel í mig að mæta Real Betis. Öll lið sem komast í Meistaradeildina eru sterk og það er ekki hægt að búast við öðru en erfiðum viðureignum gegn Betis. Sennilega var Real Betis sterkasta liðið sem við gátum fengið, ásamt þýska liðinu Schalke. Það leggst

vel í mig að taka á leikmönnum Betis. Ég hef einu sinni komið á leikvang Real Betis í Sevilla og hann er sérlega glæsilegur. Ég var þá að fylgjast með Jóhannesi Karli Guðjónssyni, sem þá var leikmaður Betis. Ég hef fulla trú á mínu liði og tel okkur geta komist alla leið í þessari keppni.“ AZ er einnig í toppbaráttu í Hollandi þar sem liðið etur kappi við PSV, Feyenoord og Ajax og segir Grétar aðalmuninn á liðunum felast í því að AZ er með sterka liðsheilid, á meðan stóru liðin tefla fram sterkum einstakl-

ingum. „Okkar aðalsmerki er jöfn og sterk liðsheilid og leggur knattspyrnu-stjórinn Lois van Gaal áherslu á að við setjum liðið alltaf fyrst í forgangsröðina. Allar aðgerðir okkar inni á vellinum eiga að miðast við það að bæta liðið og það finnst mér henta þessum leikmannahópi afar vel. Það eru margir sterkir leikmenn í hópnum, meðal annars eru fjórir varnarmenn í hópnum í hollenska landsliðshópnum, og því þarf maður að hafa mikið fyrir því að halda sér í liðinu. Það heldur manni við efnið.“



> Meistararnir gefa út DVD

Íslandsmeistarar FH og bikarmeistarar Vals í fótboltanum hér heima munu á næstu dögum gefa út DVD-disk þar sem sýnd verða öll mörk sumarsins og sviptmyndir sýndar frá sumrinu. Á báðum diskunum verður að finna viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna og á disk Valsmanna verður m.a. hægt að horfa á bikarúrslitaleikinn í fullri lengd í undirtali Sigurbjörns Hreiðarssonar fyrirliða þar sem hann kryfur leikinn til mergjar. Sannarlega frábært framtak frá þessum tveimur af stærstu félögum landsins.



Frank Rijkaard, stjóri Børsunga: Leikurinn snýst ekki um hefnd

FÓTBOLTI Frank Rijkaard, knattspyrnustjóri Barcelona, segir að endurtekningin á viðureign liðsins gegn Chelsea í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar snúist ekki um að ná fram hefndum. Í fyrra vann Chelsea samanlagðan sigur í tveimur frábærum leikjum þar sem Rijkaard og Mourinho lenti nokkrum sinnum saman og rifu kjaft hvor við annan.

„Hefnd er ekki rétta orðið,“ segir Rijkaard. „Þetta verður mjög athyglisverður leikur, ekki bara fyrir liðin sem eru að leika hann heldur fyrir fótboltann almennt. Þetta eru tvö af sterkustu liðum Evrópu í dag,“ sagði Rijkaard og bætti því við að deila hans og Mourinho væri gleymd og grafin. „Ég vil aðeins hugsa út í leikina sem eru framundan, ekki þá sem liðin eru.“

Örlögin drógu liðin saman

Peter Kenyon hjá Chelsea segir að örlögin hafi ráðið því að ensku meistararnir hafi dregist á móti Barcelona í 16-liða úrslitum í meistaradeildinni annað árið í röð. Eiður Smári segir fínt að mæta Barcelona á þessum tímamarki í keppninni.

FÓTBOLTI Fyrir nokkrum vikum lét Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hafa eftir sér að það skipti engu máli hvort lið hans hafnaði í fyrsta eða öðru sæti G-riðils Meistaradeildarinnar – þegar í 16-lið væru öll liðin gróarlega öflug og allir leikir jafn erfiðir. Í gær var ljóst að lið hans mætir Barcelona í 16-liða úrslitunum á meðan Liverpool tekur á móti Benfica. Það er því kannski ekki furða að menn velti því fyrir sér í gær hvort Mourinho hafi eytt stærstum hluta dagsins í að éta þessi orð ofan í sig.

Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, glotti í sömu vitund og nafn Barcelona var lesið upp

yfir væntanlegan andstæðing Chelsea. „Örlögin réðu þessu því á æfingunni í gær drógumst við líka gegn Barcelona. En þetta einvígi leggst vel í mig, þetta verða stórkostlegir leikir tveggja

16-LIÐA ÚRSLITIN

VIÐUREIGNIR	DAGSETNING
Bayern München-AC Milan	21. feb/8. mars
Benfica-Liverpool	21. feb/8. mars
PSV-Lyon	21. feb/8. mars
Real Madrid-Arsenal	21. feb/8. mars
Chelsea-Barcelona	22. feb/7. mars
Rangers-Villareal	22. feb/7. mars
W. Bremen-Juventus	22. feb/7. mars
Ajax-Inter	22. feb/14. mars

Síðarnefnda liðið spilar á heimavelli í síðari leiknum.

frábærra liða.“

Eiður Smári Guðjohnsen sagði við Fréttablaðið í gær að honum þætti fínt að hafa dregist á móti Chelsea. „Þetta var kallað einvígi aldarinnar í fyrra og verður örugglega kallað einhverjum slíkum nöfnum núna,“ segir Eiður sem hlakkar mikið til leikjanna sem fara fram 22. febrúar og 7. mars nk. Viðureignir liðanna í 16-liða úrslitunum í fyrra urðu sögulegar, en þá vann Chelsea samanlagðan 5-4 sigur í tveimur ótrúlegum knattspyrnuleikjum.

„Við drógumst á móti því liði sem er að spila hvað best um þessar mundir en þegar spilað er í þessum styrkleikaflokki þá er alveg ljóst að það verður að sigrum mjög sterk lið til að komast áfram. Það verður enginn sigurvegari í þessari keppni án þess að vinna eitthvert af sterkustu félagsliðum Evrópu,“ en bætti því við að ekki megi gleyma að Chelsea sé einnig í þeim hópi. „Það vita allir að Chelsea er mjög erfiður andstæðingur,“ segir hann.

Besti knattspyrnumaður heims, Ronaldinho hjá Barcelona, býst við endurtekningu á þeirri skemmtun sem liðin buðu upp á í fyrra. „Liðin munu aftur bjóða upp á fótbolta eins og hann gerist bestur en við erum ákveðnir í að gera ekki aftur þau mistök sem við gerðum í leikjunum í fyrra,“ segir Ronaldinho.



ÖRLÖG Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, trúði varla sínum eigin augum þegar að hann sá nafn Barcelona dragast upp úr hattinum þegar dregið var í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Arsenal bíður gróarlega erfitt verkefni gegn Real Madrid í viðureignum sem David Dein, varaformaður Arsenal, segir að verði skemmtisýning fyrir áhorfendur. „Þvílíkur dráttur! Þetta er frábært fyrir Arsenal. Real Madrid er eitt stórkostlegasta lið í Evrópu en við höfum aldrei mætt því í Evrópukeppni. Allir hlakka mikið til,“ sagði Dein.

Í þriðju risaviðureigninni mætast AC Milan og Bayern München og sagði varaforstjóri Milan, Adriano Galliani, eftir dráttinn að það væri synd að liðin þyrftu að mætast svo snemma í keppninni. „Við vildum sleppa við að mæta liði í 16-liða úrslitum sem er með yfirburði í deildinni í heimalandi sínu. Svo er ekki og það er ljóst að okkur bíður gróarlega erfitt verkefni.“

- vig



LOFAR LÆGSTA VERÐÐINU!

**NÝ VERSLUN
FYRIR HESTINN,
HESTHÚSIÐ
OG ÞIG**

BÍLDSHÖFÐA 12 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 587 8003 • FAX: 587 8004
hestagallery@simnet.is



GLOTT Það var því ekki furða að Peter Kenyon skyldi hafa verið vinsælastur á meðal blaðamanna eftir dráttinn í gær, enda með ólíkindum að Chelsea og Barcelona þurfi að endurtaka einvígi sitt frá því í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

David Beckham er ánægður með dráttinn:

Bið Beckhams loks á enda

FÓTBOLTI David Beckham, enski landsliðsfyrirliðinn hjá Real Madrid, kveðst hlakka mikið til að takast á við Arsenal í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Síðan Beckham gekk til liðs við Real fyrir tveimur og hálfu ári hefur hann aldrei spilað með liðinu á Englandi.

„Mig hefur alltaf langað að snúa aftur og spila í heimalandi mínu og nú loksins er það orðið

að veruleika,“ sagði Beckham við fjölmiðla í gær. Hann hlakkar mikið til leikjanna gegn Arsenal sem hann telur að sé með erfiðustu mótherjum sem Real get fengið.

„Ég ber ómælda virðingu fyrir Arsene Wenger. Hann er ekki aðeins frábær persóna heldur líka stórkostlegur stjóri og þjálfari. Ég held að þetta verði magnaðir leikir þar sem andrúmsloftið verður rafmagnað.“

Sir Alex Ferguson tjáir sig um Roy Keane:

Keane mun slá í gegn hjá Celtic

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson og Roy Keane hafa látið allt skítkast eiga sig frá því að Keane yfirgaf félagið með hveli á dögnum. Ferguson lét að því liggja að Keane færi til Madrid en af því varð ekki þar sem Keane samdi við Celtic. Á blaðamannafundi hjá Celtic óskaði Keane fyrrverandi félögum sínum góðs gengis og Ferguson endurgalt greiðann í gær.

„Hann á eftir að standa sig vel. Ekki spurning um það. Ég held að þetta sé rétt skref hjá honum

og hann á eftir að slá í gegn hjá félaginu,“ sagði Ferguson sem hefur ekki gefist upp á því að ná Chelsea í deildinni þótt allir séu fyrir löngu búnir að afskrifa liðið enda spilamennskan lengst af vetrar verið skelfileg og ekki til-eftirbreytni.

„Við vitum hvar við stöndum í lok mánaðarins. Vonandi erum við bara nokkrum stigum á eftir Chelsea um áramótin,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd.

- hbg



GAMAN, GAMAN Roy Keane skemmti sér konunglega á sinni fyrstu æfingu með Celtic í gær og fór að sögn hægt í tæklingarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!

PARAMOUNT COLLECTION DVD

THE SPONGEBOB SQUAREPANTS MOVIE

SVAMPUR SVEINSSON ER KOMINN Í VERSLANIR Á DVD OG VHS MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

SAMMYNDIR



anne black



anne black



anne black



anne black

FALLEG HÖNNUN
FRUMLEG HUGSUN

bútik

Bankastræti 14



PAOLO DI CANIO Er að dansa á brúninni með hegðun sinni.

Sepp Blatter sendir Paolo Di Canio tóninn: Di Canio gæti fengið ævilangt leikbann

FÓTBOLTI Sepp Blatter, forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, hélt áhugaverðan blaðamannafund með útvöldum blaðamönnum í gær þar sem hann ræddi meðal annars framkomu Ítalans Paolo Di Canio sem heilsaði að nasistasið í leik um síðustu helgi en það vakti litla lukku eins og búast mátti við.

„Við erum með þetta mál á okkar könnu og það er alveg ljóst að við verðum að taka mjög hart á öllum slíkum málum,“ sagði Blatter en hann ýjaði að því að Di Canio gæti fengið ævilangt leikbann fyrir athæfið. „Ég hef aðeins lesið

um athæfið en við gætum þurft að losa okkur við fólk sem hagar sér á slíkan hátt. Við getum ekki leyft fólk að komast upp með hvað sem er. Það segir sig alveg sjálf.“

Di Canio leikur fyrir Lazio og stuðningsmenn félagsins eru farnir að flagga hakakrossinum á leikjum félagsins og Di Canio gerir lítið annað en að espa þá upp í hatrinu með hegðun sinni.

„Svona kynþáttahatur er til skammar og á ekki að líðast í knattspyrnunni. Við verðum að bregðast hart við og það munum við gera,“ sagði Blatter.

- hbg



DAVID BECKHAM Flottur í Umbro.

Enska landsliðið:

Spilar áfram í Umbro

FÓTBOLTI Enska landsliðið mun halda áfram að spila í búningum frá Umbro en Enska knattspyrnusambandið og Umbro skrifuðu undir samning þess efnis í gær. Nýi samningurinn er til ársins 2014.

Fyrir utan að sjá landsliðinu fyrir búningum verður Umbro einn af fjórum helstu styrktaraðilum Wembley-leikvangsins þannig að samningurinn er ansi dýrmætur.

Dregið í Evrópukeppni í gær:

Alkmaar mætir Real Betis

FÓTBOLTI Eftirfarandi lið drógu saman í 32 liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða.

DRÁTTURINN:

LITZ BÚL - STRASSBOURG FRA
STUTTART PÝS - MIDDLESBROUGH ENG
SLAVIA TÉK - PALERMO ÍTA
HEERENVEN HOL - STEAUA RÚM
LOKOMOTIV MOSKVA RÚS - SEVILLA SPÁ
BOLTON ENG - MARSEILLE FRA
HERTHA BERLIN PÝS - R. BÚKAREST RÚM
BASEL SVI - MÓNAKÓ FRA
UDINESE ÍTA - LENS FRA
ROSENBERG NOR - ZENIT RÚS
CLUB BRUGGE BEL - ROMA ÍTA
SCHALKE PÝS - ESPANYOL SPÁ
LILLE FRA - SHAKHTAR ÚKR
THUN SVI - HAMBURG PÝS
REAL BETIS SPÁ - AZ ALKMAAR HOL
ARTMEDIA BRATISLAVA SLO - LEVSKI BÚL.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

14 15 16 17 18 19 20

Laugardagur

LEIKIR


- 13.30 Grindavík og Keflavík mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfuknattleik.
- 16.15 Grindavík og Skallagrímur mætast í Iceland Express-deild karla.
- 16.15 Afturelding og FH mætast í DHL-deild karla í handknattleik.
- 16.15 Haukar og Fram mætast í DHL-deild karla í handknattleik.
- 16.15 Víkingur/Fjölnir og Fylkir mætast í DHL-deild karla.
- 17.30 ÍR og ÍBV mætast í DHL-deild karla.

SJÓNVARP

- 13.25 Íslandsmótið í körfuknattleik á Rúv. Kvinnaleikur Grindavíkur og Keflavíkur.
- 15.30 Íslandsglíman á Rúv.
- 16.05 A1 á Sýn.
- 16.10 Íslandsmótið í körfuknattleik á Rúv. Leikur karlaíða Grindavíkur og Skallagríms.
- 18.50 Spænski boltinn á Sýn.
- 21.00 Box á Sýn.

SKÍFAN KYNNIR MEÐ STOLTI GARGANDI SNILLD Á DVD! ÍSLENSK TÓNLIST Í 1000 ÁR

GARGANDI SNILLD



160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI:
ÍTARLEG VIÐTÖL VIÐ MÖGNUMSTU
LISTAMENN LANDSINS!

★★★ SIGURJÓN KJARTANS DV
★★★★ HILDUR LOFTSDÓTTIR MBL

5.1 SURROUND STERÍÓ HLJÓÐ.
EINSTÖK UPPLIFUN!

NÝTT!

Helgartilboð
1.999 kr.

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI!



...skemmtir þér ;)



MIDO Enn hrifinn af Ajax.

Egyptinn Mido:

Ajax er stærra en Tottenham

FÓTBOLTI Egyptski framherjinn Mido var ekki að vinna sér inn marga punkta í gær þegar hann lýsti því yfir að hans gamla félag, Ajax, væri stærra en núverandi félag hans Tottenham.

„Enska úrvalsdeildin er stærri og betri en hollenska deildin en Ajax er stærri klúbbur en Spurs. Það er mun meiri saga og hefð hjá Ajax,“ sagði Mido sem er í láni hjá Tottenham frá ítalska félaginu Roma. Hann tók síðan fram í kjölfarið að hann væri mjög sáttur og í raun hamingjusamur hjá Tottenham. - hbg

Körfuboltalið Breiðabliks:

Thomas tekur við af Jóni

KÖRFUBOLTI Stjórn körfuknattleiksdeildar Breiðabliks hefur ráðið Thomas Fjoldberg sem þjálfara meistaraflokks karla en hann þjálfar einnig meistaraflokk kvenna og mun því sinna báðum störfum út veturinn.

Fjoldberg tekur við starfinu af Jói Arnari Ingvarssyni sem var rekinn á dögnum. ■



DJIBRIL CISSE Hamingjusamur hjá Liverpool.

Djibril Cisse:

Ég elska Liverpool

FÓTBOLTI Franski framherjinn Djibril Cisse gerir sitt besta þessa dagana til þess að eyða orðrómi þess efnis að hann vilji komast frá Liverpool en ástæða sögusagnanna er sú að hann á ekki fast sæti í liði Evrópumeistaranna.

„Ég elska Liverpool. Hér á ég frábæra vini, góða féлага og svo er ég nýbúinn að kaupa mér hús. Einnig má ekki gleyma því að ég er nýgiftur og hamingjusamur. Hvers vegna ætti ég að vilja fara?“ sagði Cisse. ■

Ástraliskt sundfólk:

Beitt heraga

SUND Allt er vitlaust í Ástralíu þessa dagana eftir að upp komst um heragann sem ástralískt sundfólk æfir við. Það náðust nefnilega myndir af þjálfara beina byssu að höfði sundfólksins er það var að æfa en krakkar allt niður í 16 ára máttu þola aga sem eingöngu er beitt þegar verið er að þjálfra hermenn. Það var reyndar um að ræða leikfangabyssu en tilgangurinn var sá sami.

Þjálfarinn sem sást beita þessum óvenjulegu vinnubrögðum baðst afsökunar á athæfinu og sagðist ekki ætla að nota leikfangabyssurnar aftur. Hann neitaði aftur á móti að segja af sér. - hbg

Arsene Wenger og Jose Antonio Reyes hjá Arsenal:

Við erum betri en Chelsea


FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, og Jose Antonio Reyes, leikmaður liðsins, eru sammála um að lið þeirra sé betra en Chelsea, en þessi stórlíð Lundúna mætast einmitt á sunnudaginn í ensku úrvalsdeildinni. Reyes segir að slök byrjun Arsenal á tímabilinu megi rekja til óheppni og að hann og félagar hans séu að leika undir stjórn fróðasta þjálfara heims.

„Hann þekkir fótbolta betur en nokkur annar. Það skiptir ekki mestu máli að eiga endalæsa peninga eins og Chelsea. Ég tel að með þeim leikmannahópi og þjálfara sem Arsenal hefur núna muni liðið ná að vinna titla. Við

þurfum aðeins að fá meiri tíma,“ segir Reyes og bætir við að hópurrinn hjá Arsenal sé ekki síðri en sá hjá Chelsea. „Við erum alveg jafn góðir, ef ekki betri. Eini munurinn er sá að við erum ennþá að aðlagast lífinu án Patricks Vieira,“ segir Reyes.

Wenger segir einnig að Arsenal vanti bara meiri tíma. „Ég trúi því að við verðum betri en Chelsea eftir stuttan tíma. Við höfum það sem til þarf. Við erum að vinna samkvæmt langtímaáætlun og gengur vel,“ segir Wenger. - vig

WENGER OG REYES Gera lítið úr Chelsea fyrir leik liðanna í úrvalsdeildinni á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



TÖLVULISTINN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

VÍRUSVÖRN

Ekki gott að fá vírus svona rétt fyrir jólin. Trend Internet Security er málið. Allhliða vírusvörn sem tryggir þig fyrir vírusum, ruslpósti, tölvubrjótum og fleiru

4.990

OPIÐ

Í DAG 10-21

SUNNUDAG 13-18

ÖRUGG VÍRUSVÖRN

- Fullkomin vírusleitavél
- Bætt vörn gegn Spyware
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Stjórnun á heimaneti
- Vörn gegn netinnbroti
- Öflugur eldveggur
- Sjálfvirkir öryggismat

OPNUNARTÍMAR

17 Desember 10-21
18 desember 13-18
19-21 Des. 9-19
22-23 Des. 9-22
24 Desember Lokað

3 VERSLANIR

REYKJAVÍK

AKUREYRI

KEFLAVÍK

Nóatún 17 • Sími 562 6730

Glerárgata 36 • Sími 464 7400

Hafnargata 90 • Sími 534 7400



Í fylgd með fullorðnum
40%
afsláttur



Guðni Bergs
40%
afsláttur



Tími norðurljóða
40%
afsláttur



Lífsloginn
50%
afsláttur



Amen (eftir efninu)
50%
afsláttur



Því ekki að brosa
50%
afsláttur

Mikill afsláttur



Svik
50%
afsláttur



Ragnarök
50%
afsláttur



Leiðin að heiman
40%
afsláttur




Uppi í skýjunum
40%
afsláttur

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 15.-18. des. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

ELTU EPLIÐ



á betra verði í Nettó



Herra Rokk

40%
afsláttur



Vetrarvíg

40%
afsláttur



Valkyrjur

40%
afsláttur



Eragon

40%
afsláttur



Steinhjartað

40%
afsláttur



Krosstré

40%
afsláttur




Draumar marglyttunnar

40%
afsláttur




Blekingaleikur

40%
afsláttur



Thorsaramir

40%
afsláttur



Harry Potter

50%
afsláttur

netto 

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Curtis, what are you doing? Weed is for niggers. You put that away right now.“

Svar:
 Derek úr kvikmyndinni American History X frá árinu 1998.

dagskrá



Í TÆKINU CLINT EASTWOOD LEIKUR SPACE COWBOYS Í SJÓNVARPINU KLUKKAN 00.10 Í KVÖLD

Hvergi nærri hættur

Ein mesta karlmennskuímynd Hollywood fyrr og síðar, Clint Eastwood, er fæddur árið 1930 í San Francisco en foreldrar hans unnu í stálverksmiðju. Hann hætti námi áður en hann náði gráðu og hóf strax að leika í misgóðum myndum, samanber Tarantula og Francis in the Navy. Fyrsta stóra hlutverkið sem Eastwood fékk var í sjónvarpsseríunni Rawhide árið 1959. Þar sló Eastwood í gegn og varð landsfrægur á skömmum tíma.

Hann fékk þó stærra og viðameira hlutverk í vestranum „A Fistful of Dollars“ árið 1964 og í framhaldinu „For a Few Dollars More“ ári síðar. Það var þó ekki fyrr en í þriðju myndinni í röðinni, „The Good, The Bad and The Ugly“, sem hann fann sig virkilega í kvik-



myndaleik. Hlutverkin létu heldur ekki á sér standa í kjölfarið. Má þar meðal annars nefna Where Eagles Dare árið 1968 og Coogan's Bluff sama ár. Árið 1971 reyndist þó hans besta ár í kvikmyndum, það sem af var. Hann lék meðal annars í Play Misty for Me árið 1971 og The Beguiled. Frægðarsól Eastwoods skein einnig mjög skært næstu ár á eftir en þá lék hann einmitt í sínum fyrstu myndum um Dirty Harry.

Eastwood á sjö börn og hefur tvisvar sinnum verið giftur. Þótt Eastwood sé að nálgast áttætt er hann hvergi nærri hættur. Hann fékk Óskarsverðlaun fyrir leikstjórnina á Million Dollar Baby á síðustu Óskarsverðlaunahátíð og á næsta ári er væntanleg ný mynd um Dirty Harry.

Þrjár bestu myndir Clint:

Million Dollar Baby – 2004 Unforgiven – 1992 Dirty Harry – 1971



▶ 19.40
Tónlist

HLJÓMSVEIT KVÖLDSINS



▶ 20.05
Gaman

BESTU STRÁKARNIR



▶ 20.50
Lífsstíll

SIRKUS RVK



▶ 21.15
Gaman

POLICE ACADEMY 5: ASSIGNMENT MIAMI BEACH



▶ 17.55
Bílar

MOTORWORLD

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Gurra grís 8.08 Kóalabræður 8.19 Fætunir á Fanney 8.32 Franklin 8.58 Konráð og Baldur 9.26 Gormur 9.50 Gló magnaða 10.00 Kóalabirnir 10.25 Jóladaatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan 10.30 Stundin okkar 11.00 Kastljós 11.30 Bergsveinn gerir September í Puk

12.00 Kraftaverkakanan 13.25 Íslandsmótið í körfuknattleik 14.55 Ístótt í Egilshöll 2005 15.30 Íslandsglíman 2005 15.50 Handbolta-kvöld 16.10 Íslandsmótið í körfubolta 17.50 Táknáfréttir 18.00 Hope og Faith (36:51) 18.25 Frasier

18.50 Jóladaatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (17:24)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

▶ 19.40 Hljómsveit kvöldins

20.10 Spaugstofan

20.40 Holurnar (Holes) Bandarísk bíómynd frá 2003. Piltur sem er ranglega sakfelldur fyrir þjófnað er sendur í betrunarbúðir þar sem hann er látinn grafa djúpar holur af dularfullum ástæðum.

22.35 Frú Dalloway (Mrs. Dalloway) Bresk bíómynd frá 1997 byggð á skáldsögu eftir Virginia Woolf. Leikstjóri er Marleen Gorris og meðal leikenda eru Vanessa Redgrave, Natascha McElhone, Michael Kitchen, Sarah Badel, John Standing, Oliver Ford Davies og Rupert Graves.

0.10 Kúrekar í geimnum 2.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök



7.00 Jellies 7.10 Ljósavakur 7.20 Kærleiksbirnir (55:60) 7.45 Barney 4 – 5 8.10 Með afa 9.05 Galdrabókin (16:24) 9.15 Kalli á þakinu 9.40 Beethoven's 5th 11.10 Jesús og Jósefína (17:24) (e) 11.30 Home Improvement 3 (8:25)

12.00 Hádegisfréttir 12.15 Bold and the Beautiful 14.00 Idol – Stjörnuleit 3 14.55 Idol – Stjörnuleit 3 15.35 Eldsnögg með Jóa Fel (8:8) 16.10 Amazing Race (15:15) 17.00 Sjálfstætt fólk 17.35 Oprah (19:145) 18.20 Galdrabókin (17:24)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.54 Lottó

19.00 Íþróttir og veður

19.15 George Lopez (13:24)

19.40 Stelpurnar (16:20)

▶ 20.05 Bestu Strákarnir

20.35 Það var lagið

21.35 Dirty Dancing: Havana Nights (Í djörfum dansi: Havananætur) Sjálfstætt framhald af einni vinsælustu dans- og söngvamynd sögunnar, Dirty Dancing. Bandarísk unglingsstúlka fer með foreldrum sínum til Havana á Kúbu stuttu áður en byltingin brýst út. Hún hittir þar kúberska strákinn Luna sem tekur strax eftir því hversu vel hún dansar og fellur fyrir henni.

23.00 Spartan (Stranglegra bönnuð börnum) 0.45 Unfaithful (Stranglegra bönnuð börnum) 2.45 New Best Friend (Stranglegra bönnuð börnum) 4.15 Beyond Suspicion (Bönnuð börnum) 6.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi



SIRKUS

17.35 Party at the Palms (4:12) 18.00 Friends 5 (10:23) (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Game TV

19.30 Fabulous Life of (5:20)

20.00 Friends 5 (11:23) (e)

20.25 Friends 5 (12:23) (e)

▶ 20.50 Sirkus RVK (7:30) Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast. Tíska, menning, skemmtanir, kvikmyndir, matur, bílar, tækni og nýjungar, fóðun, heilsa og skemmtilegt fólk.

21.20 Ástarfleyið (9:11)

22.00 HEX (11:19) Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvur einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa gengið í gegnum ætt hennar. Bönnuð börnum.

22.45 Idol extra 2005/2006

23.15 Girls Next Door (7:15) 23.40 Paradise Hotel (24:28) 0.25 Outfoxed

E! ENTERTAINMENT

12.00 101 Biggest Celebrity Oops! 13.00 101 Biggest Celebrity Oops! 14.00 It's Good To Be 14.30 Celebrity Soup 15.00 Rich Kids: Cattle Drive 16.00 Rich Kids: Cattle Drive 17.00 Rich Kids: Cattle Drive 18.00 Rich Kids: Cattle Drive 19.00 E! News Weekend 20.00 Rich Kids: Cattle Drive 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Rich Kids: Cattle Drive 23.00 Rich Kids: Cattle Drive 0.00 Wild On Tara 0.30 Wild On Tara 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Dr. 90210



SKJÁREINN

11.30 Poppunktur (e)

12.25 Rock Star: INXS (e) 12.45 Rock Star: INXS (e) 14.05 Charmed (e) 15.00 Íslenski bachelorinn (e) 16.00 Jamie Oliver's School Dinners (e) 17.00 Survivor Guatemala (e) 18.00 Fasteignasjónvarpið

19.00 Will & Grace (e) Grallarnir Will og Grace eru óaðskiljanleg og samband þeirra einstakt.

19.30 The O.C. (e) Vorið er komið í New Port og Alex sættir sig við að hún og Marissa koma frá of ólíkum heimum til þess að samband þeirra geti nokkurn tímann gengið.

20.25 House (e) Háskólanemi lyppast niður eftir keleri með kærastunni. Dr.House og læknameyrið hans reyna að komast að orsökinni fyrir þessu.

▶ 21.15 Police Academy 5: Assignment Miami Beach

22.40 Hearts of Gold Forboðin ást á tímum íhaldsemi og stéttaskiptingar. Ung kona af lægri stéttum fellur fyrir ríkum lækni og þarf að berjast við forðoma. Vandaðir þættir úr smíðju BBC.

23.30 C.S.I. (e) 0.25 Law & Order: SVU (e) 1.10 Boston Legal (e) 2.05 Ripley's Believe it or not! (e) 2.50 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.20 Óstöðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



11.45 NBA TV Daily 2005/2006

13.45 Ítölsku mörkin 14.15 Ensku mörkin 14.45 Spænsku mörkin 15.15 X-Games 2005 (1:1) 16.05 A1 Grand Prix 17.00 World Supercross GP 2004-05 ▶ 17.55 Motorworld 18.20 Fifth Gear

18.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn 05/06) Bein útsending frá 16. umferð í spænska boltanum. Meðal liða sem mætast eru Real Madrid – Osasuna, Sevilla – R.Sociedad, Cadiz – Barcelona o.fl.

21.00 Hnefaleikar (Box – John Ruiz vs. Nikolai Valuev) Bein útsending frá boxbardaga í Þýskalandi. John Ruiz mætir Nikolai Nikol.

0.00 NBA TV Daily 2005/2006

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Kissed by an Angel 8.00 Prince William 10.00 Last Orders 12.00 Hearts in Atlantis (Bönnuð börnum) 14.00 Kissed by an Angel 16.00 Prince William 18.00 Last Orders 20.00 Hearts in Atlantis Bönnuð börnum. 22.00 Clear And Present Danger Mynd sem gerð er eftir spennusögum Toms Clancy um leyfiþjónustumanninn Jack Ryan. Bönnuð börnum. 0.20 The Skulls 3 (Bönnuð börnum) 2.00 The List (Bönnuð börnum) 4.00 Clear And Present Danger (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



VÍNSKÁPAR Á HAGSTÆÐUM VERÐUM

HELKAMA Vínskápur C4W

Tekur 75 flöskur
 Glerhurð og læsing
 Stillanlegar tréhillur
 Hitastig frá 5° C til 17° C
 H: 190 x B: 59,5 x D: 66,5 cm
Verð: kr. 89.900



HELKAMA Vínskápur C165W

Tekur 36 flöskur
 Glerhurð og læsing
 Stillanlegar tréhillur
 Hitastig frá 5° C til 17° C
 H: 90,5 x B: 55 x D: 60,2 cm
Verð: kr. 59.900

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800
 SMÁRALIND · SÍMI 530 2900

Ákjósanlegt hitastig og gæðin eru gulltryggð!



VIÐ MÆLUM MEÐ...

Það var lagið

Stöð 2 kl. 20.35

Stuðboltakvöld

Diddú tekur lagið í kvöld ásamt bróður sínum.

Það var lagið verður hörku-spennandi í kvöld því keppendur eru ekki af verri endanum því systkinin Diddú og Páll Óskar keppa á móti Jónsa í í svörtum fötum og Reginu Ósk. Kynnir þáttarins er að sjálfsgöðu einn dáðasti sjónvarpsmaður landsins, Hemmi Gunn. Hljómsveit hússins er Buff og höfundur spurninga er Jón Ólafsson eins og svo oft áður. Gaman verður að fylgjast með þessum stuðboltum keppa í sönglistinni því klárt er að stuðmælirinn verður í toppi.



TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Bílabáttur 10.03 Laugardagsmorgunn

12.10 Hádegisútarvið 13.00 Bókmenntaþátturinn 14.00 Úr skríni 15.03 Glópagull og gisnir skógar e. 16.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 17.03 Frjálsar hendur illuga e. 18.00 Hitt og þetta úr Alltsumt e. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Bílabáttur e. 20.00 Laugardagsmorgunn e. 22.00 Hádegisútarvið e. 23.00 Bókmenntaþátturinn e. 0.00 Úr skríni e.

BYLJGAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Bókafingur 11.00 í vikulokin

12.00 Hádegisútarvið 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Púsl 14.40 Vít og breitt 15.30 Með laugardagskaffinu 16.10 Orð skulu standa 17.05 Til allra átta

18.26 í kvöld um kaffileytið 19.00 Íslensk tónskáld: Sigurður Flosason 21.55 Orð kveldsins 22.15 Uppá teningnum 23.10 Danslög

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþróður Karlsd. 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 13.00 Yfa Lind 14.00 Kjartan G. Kjartansson

15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþróður Karlsd. 22.00 Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartans. 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielss. 3.00 Rósa Ingólfs 4.00 Kjartan G. Kjartans. 5.00 Arnþróður Karlsd.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morguntónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Geymt en ekki gleymt

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar 18.26 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ-senan 22.10 Næturvörðurinn

0.00 Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskylda útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



▶ 13.15 Fræðsla

FRONTLINE



10.00 Fréttir 10.10 Sögur af fólki – með Helgu Völu Helgadóttur 11.00 Helgin – með Eiríki Jónssyni

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes ▶ 13.15 Frontline 14.00 Fréttir 14.10 Morgundagskrá e. 16.00 Fréttir 16.10 Morgundagskrá e. 18.00 Veðurfréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir 18.30 Kvöldfréttir 18.58 Yfirlit fréttanna og veðurs.

19.10 Helgarþættir NFS e.

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT
12.30 Ski Jumping: World Cup Engelberg 14.30 Curling: European Championship Germany 16.45 Bobsleigh: World Cup Cortina d'Ampezzo 17.30 Cross-country Skiing: World Cup Canmore Canada 18.15 Snooker: UK Championship York 19.30 Cross-country Skiing: World Cup Canmore Canada 21.00 Snooker: UK Championship York 22.30 Xtreme Sports: Yoz Mag 23.00 Curling: European Championship Germany 0.15 Football: Football World Cup Season Magazine 0.45 Olympic Games: Olympic Torch Relay

BBC PRIME
12.30 Passport to the Sun 13.00 Doctors 13.30 Doctors 14.00 Doctors 14.30 Doctors 15.00 My Hero 15.30 Yes Prime Minister 16.00 Top of the Pops 16.35 Top of the Pops 2 Specials 16.55 The Weakest Link 17.40 Strictly Come Dancing 18.50 Casualty 19.40 Strictly Come Dancing 20.30 How to Be a Prince 21.30 A Baby to Save Our Son 22.30 Top of the Pops 23.05 Top of the Pops 2 Specials 23.35 The League of Gentlemen 0.05 Meet the Ancestors 1.00 The Private Life of a Masterpiece 2.00 Discovering Science

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL
12.00 In The Womb 13.00 Asteroid – The Doomsday Rock 14.00 Megastructures 15.00 When Expeditions Go Wrong 16.00 Seconds From Disaster 17.00 Air Crash Investigation 18.00 Air Crash Investigation 19.00 National Geographic Beyond the Movie 20.00 The Hunt For Hitler's Scientists 21.00 Seconds From Disaster 22.00 Born on the Fourth of July 1.00 TBC

ANIMAL PLANET
12.00 Miami Animal Police 13.00 The Natural World 14.00 Amazon Super River 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Predator's Prey 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Britain's Worst Pet 18.30 Animal Planet at the Movies 19.00 Gorillas – On the Trail of King Kong 20.00 Sacred Animals of the Pharaohs 21.00 Animals of the Chinese Zodiac 22.00 Tarantula – Australia's King of Spiders 23.00 Maneaters 23.30 Predator's Prey 0.00 Britain's Worst Pet 0.30 Animal Planet at the Movies 1.00 Sacred Animals of the Pharaohs 2.00 Animals of the Chinese Zodiac

CLUB
12.15 Sizzle 12.45 A Taste of Barbados 13.10 Simply Indian 13.40 Matchmaker 14.10 In Your Dreams 14.35 Saturday Morning Kitchen 15.00 Insights 15.25 Backyard Pleasures 15.50 Fantasy Open House 16.15 City Hospital 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 G-Girls 18.15 Girls Behaving Badly 18.40 Weddings 19.10 Weddings 19.40 Single Girls 20.30 Matchmaker 21.00 Cheaters 22.00 The Female Orgasm 23.00 Spicy Sex Files 0.00 What Men Want 0.30 Sex Tips for Girls 1.00 Hollywood One on One 1.25 Hollywood One on One 1.55 Paradise Seekers

Á DVD

Frábærar fjölskyldumyndir með íslensku tali í jólapakkann

Komnar í BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



HRÓSIÐ

...fær Barnaheill sem stóð fyrir fjárfunarkvöldverði og uppboði til styrktar barna- og unglinga-geðdeild og börnum með hegðun-arörðugleika eða geðraskanir.

NÚNA



Jólaglimmer. Nú er aldeilis árs-tíminn til að glitra. Shine on.



Fölur lítarháttur. Hefðarfólk og fyrirmenn vildu einu sinni vera svona. Þau hljóta að hafa haft eitthvað fyrir sér í því.

Fallegir borðsiðir. Sýndu nú hvað þú ert vel upp alin/n.



Að vera með húfur inni. Ok, þær eru töff, en það er alveg fánlegt að vera með þær á skemmtistöðum eða í boðum.



Olnboginn uppi á borði. Mjög ókurteist að gera svona. Meira að segja Bubbi sást borða svona í Jóa Fel. Skamm!

Appelsínugulur lítarháttur. Þetta er það sem Bretar kalla „Chav“ og það er ekki gott, Megaplebbalegt.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2 asni 6 í röð 8 rá 9 svif 11 samanburðartenging 12 glæsibíll 14 yndis 16 tveir eins 17 frjó 18 í viðbót 20 bor 21 kurra.

LÓÐRÉTT: 1 fituskán 3 klaki 4 brjóst-himna 5 gæfa 7 járnkarl 10 beita 13 útdeildi 15 ánægju 16 efni 19 íþróttafélag.

LAUSN

19 kt. staurur, 10 agn, 13 gal, 15 sælu, 16 lau, 18 auk, 20 al, 21 urra. LÓÐRÉTT: 1 brák, 3 ís, 4 fleiðra, 5 lán, 7 12 kaegg, 14 unads, 16 tt, 17 fræ, 18 átt, 19 átt, 20 átt, 21 en.

[VEISTU SVARIÐ]

- 1 Fimm mánuði
- 2 Brussel
- 3 Indriði H. Þorláksson

allt atvinna
Alla sunnudaga



DEREK RICHARDSON, JAY HERNANDEZ OG EYÞÓR GUÐJÓNSSON Kvikmyndin Hostel er nú á mikilli kynningarferð um Bandaríkin og Kanada. Eyþór Guðjónsson leikur eitt aðalhlutverkanna í henni og er nýkominn heim frá Bandaríkjunum.

EYÞÓR GUÐJÓNSSON: KYNNTI HOSTEL Í AMERÍKU

Gaf Tarantino bók með Íslendingasöggunum

Eyþór Guðjónsson fór fyrir rúmri viku til Bandaríkjanna og tók þar þátt í kynningarstarfi fyrir hryllingsmyndina Hostel sem leikstýrt er af Eli Roth og framleidd af Quentin Tarantino. Myndin verður frumsýnd hér landi í upphafi næsta árs. Var förenni fyrst heitið til Los Angeles þar sem Tarantino hélt forsyningu fyrir vini og velunnara en svo var haldið til Boston. Eyþór er nýkominn heim úr þessari kynningarferð og var sáttur með ferðalagið. „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt,“ segir leikarinn en tekur þó fram að hann hafi eingöngu gíst á „venjulegum“ hót-elherbergjum en ekki svítum eins og þegar tókur stóðu yfir.

Hópurinn heldur áfram til Toronto og kynnir myndina en fyrirtækin Sony og Lions Gate standa straum af þessari markaðssetningu. „Mér skilst að þeir séu að

eyða í kringum 20 milljónum dala í þessa herferð,“ útskýrir Eyþór en það er rúmur einn og hálfur milljarður íslenskra króna. Þrátt fyrir að hafa viljað kynna Ísland á erlendum vettvangi segir Eyþór að hann hafi lagt megináherslu á að myndin skipti mestu máli. „Þú verður alltaf að passa þig á því að það er hún sem þú ert að auglýsa,“ segir hann.

Landið bláa fékk þó að vera með í farteskínu því Eyþór fór með nokkrar bækur út til að gefa Eli og Tarantino en sá síðastnefndi er sem kunnugt er væntanlegur aftur hingað í lok ársins. „Ég gaf þeim stóra bók með öllum helstu víkingasöggunum, fræðibók um lifnaðarhætti þeirra og svo ljósmyndabók um náttúru landsins,“ segir Eyþór sem undirbjó komu þeirra hingað í þrjár vikur og lagði megináherslu á það að kynna fyrir

þeim íslenska menningu, söguna og náttúruna. Þessar gjafir hafa eflaust vakið mikla kátínu enda eru leikstjórnarnir báðir miklir áhugamenn um þessa fornu garpa.

Eyþór segir fjölmiðla hafa sýnt landi og þjóð áhuga og þótt ótrúlegt megi virðast þá sé þessi hryllingsmynd góð landkynning. „Þessar myndir eiga sér mjög breiðan og traustan aðdáendahóp þarna úti og Hostel á eflaust eftir að skila góðum árangri fyrir Ísland.“ Eyþór Guðjónsson er önnur kafinn maður. Hann rekur meðal annars fasteignaþróunarfélag, paintball-fyrirtæki og hefur undanfarin ár verið undirbúa jarðveginn fyrir teiknimynd eftir Grettissögu. „Hostel-ævintýrið setti vissulega smá strík í reikninginn en opnaði á hinn bóginn einnig fyrir aðra möguleika,“ segir hann.

freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Síðasti þátturinn af Popppunkti verður sýndur á Skjá einum annað kvöld. Þar eigast við Geirfuglamir og Milljóna-mæringarnir og verður væntanlega hart barist. Í tilefni af þessum síðasta þætti mun Spaugstofan gera grín að þeim Felix Bergssyni og Dr. Gunna í þætti sínum í kvöld. Verður Örn Árnason í hlutverki doktorsins en Felix mun leika sjálfan sig.



Unnur Birna Vilhjálmstöddir, Ungrú heimur og Ísland, kemur til landsins í dag og af því tilefni verður athöfn í Smáralindinni klukkan 17. Verður hún á ferðinni með Julie Morley, sem á þessa keppni, en Fegurðarsamkeppni Íslands skipuleggur viðburðinn. Unnur Birna er þriðja íslenska stúlkan sem hreppir þennan titil en áður höfðu þær Hólmfríður Karlsdóttir og Linda Pétursdóttir tekið kórónuna með sér heim. Framundan er viðburðaríkt ár hjá fegurðardrottningunni en hún þarf að sinna ýmsum góðgerðarmálum á vegum keppninnar og ferðast til fjarlægra landa en talið er að Unnur Birna muni á næsta ári koma til yfir hundrað borga í öllum byggðum heimsálfum. Það virðist vera að skapast hefði fyrir sigurhátíðum í Smáralindinni því þegar landsliðið í handknattleik hreppir fjórða sætið á EM í Svíþjóð árið 2002 var mikilli veislu slegið upp fyrir íþróttakappana. Unnur Birna er víst einnig mikil keppnismanneskja enda þarf sterkar taugar og bein í nefinu til að standa uppi sem alvöru sigurvegari í þessari miklu lífsbraut. Það hefur þó ekki alltaf gengið þrautalaust fyrir þá sem hafa fengið hlýjar móttökur í verslunarmiðstöðinni því það fór allt að ganga á afturfótunum hjá landsliðinu eftir þessa velgengi og þá er óþarfi að minnast á stjórnuhrap fyrstu Idol-stjórnnunnar sem krýnd var í Vetrargarðinum fyrir tveimur árum.

freyrgjia@frettabladid.is



Fann löngun til að gera eitthvað

Þann 29. desember verða styrktartónleikar haldnir í Austurbæ fyrir fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan.

Þeir sem koma fram eru Leaves, Ske, Stebbi og Eyvi, Dúndurfréttir, Páll Óskar og Milljóna-mæringarnir, Jagúar, Brynhildur Guðjónsdóttir, Shadow Parade, Ragnheiður Gröndal, Pétur Ben., Helgi Rafn og Myst. Kynnir verður Atli Þór Albertsson.

Aníta Ólöf Jónsdóttir, tvítugur nemi í Menntaskólanum í Kópavogi, fékk hugmyndina að tónleikum eftir að hafa setið í áfanga um Mið-Austurlönd. „Við fengum það verkefni að skoða fréttagreinir og skrifa um þær. Við þurftum að grafa djúpt í fréttirnar og pæla í þeim til að geta skrifað góða rit-



HJÖRÐÍS OG ANÍTA Þær Hjördís og Aníta hafa undanfarið lagt hart að sér við undirbúning tónleikanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

gerð,“ segir Aníta Ólöf sem varð sjokkeruð við fréttirnar. „Ég sá líka hvað það var búið að safnast lítið þannig að ég fann löngun til að gera eitthvað. Ég talaði við kennarann minn [Hjördísi Einars-

dóttur] og hún tók mjög vel í þetta. Þannig að við ákváðum að demba okkur í þetta saman,“ segir Aníta. Hjördís er gríðarlega ánægð með framtak Anítu. „Það er frábært fyrir kennara að fá nemanda sem vill gera eitthvað án þess að vilja endilega fá einkunn fyrir. Þetta framtak sýnir það að ein manneskja getur skipt máli,“ segir Hjördís. „Mér hefði aldrei dottið þetta í hug sjálfri og svona hugmynd gerir það vel þess virði að vera í þessu starfi.“

Landsbankinn, Kópavogsbær, VÍS, OgVodafone og KB banki eru styrktaraðilar tónleikanna, sem hefjast klukkan 21.00. Miðasala hefst á mánudag í Austurbæ og á midi.is.

freyr@frettabladid.is



SKATA saltfiskur siginn fiskur

OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14



Gnóðarvogi 44, sími 588 9686

GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!



SAM MYNDIR



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

U.B.

Mikið leið mér eins og sagan hefði endurtekið sig þegar Unnur Birna, eða U.B. eins og hún kallar sig í anda annarra þokkadísa sem kjósa að nota skammstafanir í stað fulls nafns – samanber J Lo og fleiri – var kjörin ungfrú heimur. Nú þarf bara einhver sterkur karlmaður að næla í titilinn sterkasti maður heims einsog Jón Páll, og við erum komin beint aftur til ársins níttjándruðáttatíuogeyttíu, þegar Hófi og Jón Páll stóðu í fararbroddi stoltra Íslendinga. Sá sterki má þó helst ekki notast við skammstöfun heldur yrði betra að hann bæri líka millinafnið Páll, til dæmis Kristmundur Páll, svo hann geti hrópað: „Þetta er ekkert mál fyrir Kristmund Pál.“ Þá yrði endurtekningin alger.

ÞAÐ er spurning hvort hinn nýkrýnda fegurðardrottning, sem er vel að titlinum komin, verður látin selja fisk í Ameríku fyrir Íslendinga eins og fyrri alheimsfegurðardrottningar. Eitt sinn las ég nefnilega viðtal við eina af okkar eldri afrekskonum í fegurð þar sem hún lýsti því yfir að af öllu því sem hún var látin gera á því ári sem hún bar hinn stóra titil hafi það verið hræðilegast af öllu að standa meikuð í síðum kjól, með borða og kórónu í fiskibás á sölusýningu í Boston og freista þess að selja þorsk með því að brosa fallega.

HVAÐ hefur breyst? Erum við ennþá jafn bjánaleg? Ég skal éta hatt minn og skó ef U.B. verður göbbuð í það að selja þorsk í Boston. Sjávarútvegur er ekki lengur jafn mikill undirstöðuatvinnuvegur á Íslandi að hagsmunaaðilar á þeim bæ hafi aðgang að sjálfri alheimsfegurðardrottningunni. En það breytir ekki því að margt bjánalegt gæti samt gerst. Ég held að hinn séríslenski hallærisskapur lifi ennþá góðu lífi.

NÚNA tíðkast að flytja inn alls konar hæfileikafólk frá útlöndum og halda lokaða boðstónleika í boði banka handa efnafólki. Það kæmi ekki á óvart ef U.B. yrði einhvern tímann látin taka á móti einum svoleiðis tignargesti með kórónu og sprota við hlið forseta Íslands sem héldi af því tilefni ræðu um íslenska fegurð og fólkíð í landinu. Ég sé þetta fyrir mér. Margur myndi sökkva í sætið með bjánahroll í slíkum kringumstæðum. Hið nýríka Ísland er fullt af mögulegum kjánaskap, hvert sem lítið er.

VERÐUR Unnur Birna látin fylgja bökkum af sérinnfluttu strútafjöti inn á salinn á galadinner í Perlunni einhvern tímann á næstunni til styrktar börnum í Afríku? Látin bjóða upp ómáluð málverk? Verður hún látin opna útíbu íslenskrar dótubúðarkeðju í Swansee? Verður hún kannski látin keyra brosandí um á dýrasta og flottasta Porschejeppanum sem hingað hefur verið fluttur fyrr og síðar? Verður hún látin opna fyrir rennsli í veitugöngin við Kárahnjúka þegar þar að kemur? Friðrik Sophusson heldur ræðu.

ÉG vona bara að Unnur hafi notað það sem hún kann í lögfræði og ekki skrifað undir neitt. Nú gildir að passa sig. ■

Jólin gera boð á undan sér



90,-

JULEN servíettur
ýmsir litir 33x33 sm



HEJ sprittkertastjaki
ýmsir litir 50,-




VICKNING fat
32x22 sm 790,-



BLANDA BLANK skál
ryðfrítt stál Ø28 sm 890,-



790,-
SMAKA
ostahnífar 2 stk.



KUVERT diskamotta
ryðfrítt stál 37x37 sm



SVALKKA rauðvínsglós
6 stk. 30 cl 495,-



FÖRNUFT
hnífapör 24 stk. 990,-



SODA vinkælir
Ø19x22 sm 1.990,-



HAMPUS stóll
45x56x79 sm 7.950,-



495,-
SPALT
servíettuhringir 6 stk.



Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf,
rauðkáli og grænum baunum

490,-

IKEA Restaurant



Opið til 22:00 til jóla | www.IKEA.is